# Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 23-06-1998 | "Verkefnalisti.doc" | Heimasvæði TJ á server | *Word-skjal Tryggva þar sem hann telur upp ýmis verkefni, m.a. undir liðnum "Fjármál" segir: "Greiða reikninga frá Miramar".* | 1 |
| 06-08-1999 | "Starfshlutverk.doc" | Heimasvæði TJ á server | *Word-skjal Tryggva þar sem fram koma drög að starfskjörum vegna Gír. Einn liðurinn er "Miramar" þar sem hann verður meðeigandi (25%) gegn framlagi varðandi rekstur og uppgjör.* | |
| 05-11-1999 | TJ til JÁJ<br>Subj: Flugleiðir | Tölva TJ: sent items | Jón Gerald hringdi í rusli. Er á hausnum. Segir að þú skuldir sér $7 þús. frá því síðast og nú í byrjun nóv var fyrsta afborgunin, þar sem helmingshluturinn er $5 þús. Samtals $12 þús. Geturðu hjálpað sálu hans og greitt honum? Ef þú vilt þá getur hann líka talað við Kristínu, en ég hef ekki þorað að leyfa honum það þar sem ég veit ekki hversu mikið hún er inni í málunum. TJ | 2 |
| 28-12-1999 | JGS til TJ<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | Sæll Tryggvi minn Ég þakka þér fyrir póstinn sem ég var nú frekar sár með þar sem ég hef alltaf sagt að orð manna er meira virði en allt annað og þar sem þaug standast ekki þá er eins gott að sleppa þessu bara ég vona að þú og þínir hafi það gott yfir hátíðirnar. Kveðja frá Miami Florida Jon Gerald | 3 |
| 28-12-1999 | TJ til JGS<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | Þegar þú segir að orð standist ekki áttu þá við bátamálin, eða var annað samkomulag um hlutabréfin? | |
| 28-12-1999 | JGS til TJ<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | ... ég á við um bæði en í þessu tilfelli um hlutabréfin þar sem á sínum tíma var talað um allt aðra hluti ... | |
| 29-12-1999 | TJ til JGS<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | ... Við færumst sífellt nær ... Ég held við verðum að kryfja þessi mál og leysa þau, það hljóta að vera hagsmunir allra. TJ | |
| 29-12-1999 | JGS til TJ<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | ... Það var í vor vikuna sem baugur fór á markaðinn og við vorum að fara yfir bátamálin ásamt öðrum kostnaði svo sagði Jón Ásgeir að ég gæti fengið hlut upp á 5.000.00 á 8.5 IKR sem þú síðan spurðir hvaðan hann æti að kom og Jón Ásgeir sagði Luxembourg kvað það meinti veit ég ekki en svona fór nú þetta fram. Mér minni að þú hafir tekið niður nótur þann daginn svo það gæti verið að þú gætir fundið þær og staðfest hvort rétt mál væri hér á ferð. Ég vona að allt annað verði í góðu með okkar mál ásamt því að nú eru að koma önnur mánaðarmót og búið sé að ganga frá reiknings málum | |
| 29-12-1999 | TJ til JGS<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | Sælir. Við færumst sífellt nær. Varðandi reikningsmálin þá skildum við það þannig að þú ætlar að senda reikning. Við gengum frá texta og upphæð meðan þú varst hér .... | |
| 03-01-2000 | "Vikingur.xls" | Heimasvæði TJ á server | *Svipuð tafla og "Vikingur 2.xls" en nokkuð minni og líklega er "Vikingur "" unnin upp úr þessari.* | 4 |
| 03-01-2000 | "Það sem þarf að gera.doc" | Heimasvæði TJ á server | *Word-skjal þar sem talin eru upp 4 tölusett atriði varðandi ráðstöfun á eignarhluta Thee Viking, texta á reikningum, upphæðir á reikningunum, uppgjör ofl.*<br>*Þetta skjal lagði JGS einnig fram með handrituðum athugasemdum TJ á.* | 5 |

00001

II/27.1

## Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 03-01-2000 | Frá TJ til JGS<br>Subj: Bátamál ofl. | Tölva TJ: sent items | …<br>2. Svo eru það bátamálin. Ég lét þig fá töflu um daginn þegar þú varst hér, sem sýndi hvað hvor aðili hefði greitt mikið í bátnum. Þú taldir að fjárhæðirnar hefðu verið rangar og ætlaðir að skoða það betur þegar þú kæmir út. Ertu búinn að því? … | 6 |
| 03-01-2000 | Frá JGS til TJ<br>RE: Bátamál ofl. | Tölva TJ: sent items | … Ég hef ekki farið yfir báta greiðslur en mun gera það fljótt ég er að fara til Chicago á sýningu jan 09 til 13 láttu vita kvort þið komið til Miami Florida. | |
| 04-01-2000 | Frá TJ til JÁJ<br>FW: Bátamál ofl. | Tölva TJ: sent items | Jæja, þá er komið að ákvarðanatöku varðandi hlutabréfakaup Jóns Geralds. Bátamálið er í biðstöðu hjá honum, þar sem hann er að reyna að finna nýja pappíra sem sýna að hann hafi greitt meira en hann áður taldi og var búinn að upplýsa mig um. … | |
| 04-01-2000 | Frá JÁJ til TJ<br>RE: Bátamál ofl. | Tölva TJ: sent items | ég talaði við Big jo í gær hann kannaðist ekki við að hann hafi lofað að hann feingi 30% hlut okkar tillaga er þessi hann fær 20% hlut 50% hlut í hagnaði frá 1127 þús us$ Hann borgar 20% í kostnaði.<br>Að auki lánum við honum 7,5 milljónir í Nýbrauði á 7% vöxtum<br>Með þessu teljum við hafa komið mikið til móts við hann, hann má ekki gleyma að þetta báta mál hefur ekki verið eintómt puð fyrir hann því ætlað notkun á bátnum sé 80% hann og 20% við<br>Í sáttahug<br>Jón Ásgeir | |
| 04-01-2000 | Frá TJ til JÁJ<br>RE: Bátamál ofl. | Tölva TJ: sent items | Þetta gengur ekki upp við fyrri orð þín við Jón Gerald. Þú varst búinn að samþykkja að hann fengi 50þús. $ í þóknun fyrir fyrri tíma. Það þýðir ca. 26% hlut. Ég held að ég, þú og Big Joe ættum að hittast og ákveða lausnina. … | |
| 04-01-2000 | "Vikingur 2.xls" | Heimasvæði TJ á server | *Excel tafla um þróun greiðslna, sundurliðað eftir JJ/JÁJ annars vegar og JGS hins vegar, afborganir og eignarhlut.* | 7 |
| 08-01-2000 | Frá TJ til JGS<br>Reikningur | Tölva TJ: sent items | Sæll.<br>Ég fékk frá þér tvo reikninga á faxi í gær. Annar var á mig vegna ferðakostnaðar og hefur þegar verið sendur til greiðslu. Hinn er stílaður á Jón Ásgeir og er vegna bankakostnaðar, lögfræðiþjónustu o.fl. Tengist það Thee Viking? Ef svo er þá minni ég þig á að þegar við hittumst síðast þá lég ég þig fá memo þar sem m.a. kom fram að framvegis ættirðu að senda mér reikning, sem stílaður væri á Baug. Textinn á reikningnum kom fram á blaðinu.<br>Ef þetta er reikningur vegna Víkingsins sendu mér þá nýjan með þessu formi.<br>….<br>Kveðja<br>Tryggvi | 8 |



00002

# Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 25-01-2000 | "Miramar.doc" | Heimasvæði TJ á server | *Fax frá TJ (bréfsefni Miramar Associates Ltd., P.O Box N-123 Nassau, Bahamas) til Alison Treco hjá KPMG (líklega á Bahamas) þar sem TJ tekur fram að hann hafi móttekið reikning frá henni dags. 15. desember 1999 að fjárhæð $ 1.170,00 og muni greiða hann strax.* | 9 |
| 19-07-2000 | "Miramar 190700.doc" | Heimasvæði TJ á server | *Fax frá TJ til Victoria E. Rhodes hjá KPMG varðandi "Invoice from Thorand Bank & Trust". Þar biður hann KPMG að sjá til þess að gefinn verði út tékki til Mr. Lotmore og Mr. Hulland vegna reiknings þeirra frá 22. febrúar.* | 10 |
| 31-10-2000 | Frá Kristínu Jóhannesd til JGS<br>Subj.: Visareikn. | JGS afhenti útprentun úr tölvunni sinni | Sæll.<br>Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Visareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda $12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Visareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátaleigu) allt sem viðkomur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.<br>Kveðja Kristín. | 11 |
| 31-10-2000 | Frá JGS til KJ<br>RE: Visareikn | JGS afhenti útprentun úr tölvunni sinni | Hæ Kristín mín. Hér er listi yfir þá stærstu hluta útgjalda sem eru greidd um hver mánaðarmót:<br>Afborganir af bátnum $ 7.494, 66<br>Dockage $ 937,20<br>Trygging $ 1.166,00<br>Phone bill $ 139,92 (hærra ef einhver er í bátnum)<br>Direct TV $ 167,44<br>Womyns Touch Cleaning $ 260,39<br>Bottom Diver Cleaning $ 151,33<br>Annar kostn viðh ofl. $ 3.326,06<br>Samtals útgjöld per mánuð $ 13.643,00<br><br>Það kemur alltaf einhver annar kostnaður en alla vega þetta er sá kostnaður sem ég man eftir. Láttu mig vita ef það er eitthvað annað sem þig vantar.<br>Kveðja frá Miami. Nordica Inc Jón Gerald Sullenberger | |
| 20-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>Subj: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jón<br>Er á leið í bátinn verð kominn á miðvikudag þá skilist mér að fólkið verði farið hefði þurft Brain um helgina þ.e.a.s. frá fimmtudegi til mánudags sigla niður á Keys og eitthvað sem honum dettur í hug. ... | 12 |

00003

## Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 29-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>RE: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Gerald<br>ég ákvað að var í algjörri slökun búin að sofa og æfa mikið í þessari rigningu, svo er hlutabréfamarkaðurinn að fara með alla á taugum.<br>Þurfum að hittast og fara yfir bátamálin þegar við komum til íslands<br>Jón Ásgeir | 12 |
| 29-11-2000 | Frá JGS til JÁJ<br>RE: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jon Asgeir gott að heyra að þú gast slakað á þetta með veðrið er ekki er hægt að kvarta yfir því. Ég var búinn að kaupa nýja tölvu fyrir bátinn gast þú prófað hana. Það var að koma símtal frá Hideaway Yacht og var ég spurður kvort ég væri að setja bátinn upp í nýjan mér skilst að Brain sé að bíða eftir tilboði ég skil ekki ????? | |
| 30-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>RE: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Nei nei fórum og skoðuðum einn sem var mjög flottur þetta var eitt af því sem ég ætlaði að fara yfir með þér fyrir kurteisi þá vildum við fá tölur hjá þeim jaj | |
| 30-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>Subj: Báturinn | Tölva JGS: Inbox - TJ | Eftir heimsókn í bátinn og eftir samtöl við Braian er ljóst að það ástand sem er í dag í þessum málum getur ekki gengið báturinn er notaður um 6 vikur á ári og sá kostnaður sem vð erum að greiða á ári er um 7 milljónir miðað við gengi í nóv þannig að vikan kostar um milljón sem er brjálæði, viðhald sem ekki hefur verið farið í og er nauðsynlegt er farið að nálgast 9000 us$. í raun er tvennt í stöðunni að mínu mati að selja skipið, eða koma því í daglegan rekstur þar sem það yrði leigt út að minnsta kosti 12 vikur á ári og bátnum yrði viðhaldið 100% að vísu munu vélar verða keyrðar meira á ári sem mun hafa einhver áhrif á endursöluverð en almennt er talið að jöfn notkun sé best fyrir bátinn. Þá yrði báturinn geymdur í annari höfn þar sem Miami Marina er mjög dýr.<br>Ég setti á blað útreikning á þessu tvennu.<br>Annað sem verður að klára fyrir áramót<br>Það er að ganga frá skráningu á bátnum yfir á annað félag jón hér stendur upp á þig./ þar sem mér þykir vænlegra að halda í skipið og reyna að leigja það út. Var litli báturinn sem er aftan á seldur fór sá peningur í rekstur eða afborgun ?? Verðmat á bátnum í dag er milljón us$<br>Jón Ásgeir<br>*Með póstinum fylgir viðhengi: VIKING.xls (Athugasemd rannsóknara)* | 13 |
| 28-02-2001 | Frá TJ til JGS<br>Subj: Heimsókn | Tölva JGS: Inbox - TJ | ... Ég og Jóhannes erum að koma til USA í næstu viku ... Á föstudaginn höfum við áhuga á að koma til Miami ... Við viljum helst búa í bátnum. Á laugardegi langar mig að fara með þér og Jóhannesi í Sears og kaupa traktor og græjur fyrir sumarbústaðinn. | 14 |
| 16-03-2001 | Frá JGS til TJ<br>Subj: | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi getur þú látið mig vita hvort búið er að senda fyrir viking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku.<br>Kveðja frá Miami. | 15 |

## Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 17-03-2001 | Frá TJ til JGS<br>RE: | Tölva JGS: Inbox - TJ | Ég hef sent frá mér alla reikninga (löngu áður en ég kom út). Það á því örugglega að vera búið að greiða allt. Ég mun double tékka á mánudag.<br>TJ | 15 |
| 17-03-2001 | Frá TJ til Lindu J<br>Subj: Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Var ekki örugglega búið að greiða alla útistandandi reikninga á Nordica ?<br>TJ | 16 |
| 19-03-2001 | Frá Lindu til TJ<br>RE: Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | ég veit ekki betur en allt sé greitt, því miður er ekki búið að bóka sjóðinn hjá okkur í feb. eða mars. Unnur hefur greinilega ekki gefið sér tíma í það og einnig var hún veik alla síðustu viku. kv. Linda. | |
| 19-03-2001 | Frá TJ til JGS<br>FW: Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Samkvæmt þessu á allt að vera greitt til þín. Láttu mig vita ef það stenst ekki. TJ | |
| 06-06-2001 | "Miramar 010601.doc" | Heimasvæði TJ á server | *Fax frá TJ til Alison J. Treco hjá KPMG (líklega á Bahamas) þar sem TJ er að tilkynna að eigendur Miramar Associates Ltd. hafi ákveðið að leggja niður félagið. Engin starfsemi hafi átt sér stað í félaginu frá því að það var stofnað og engar áætlanir séu um starfsemi á þess vegum. Biður um að kannað verði hvaða fjármunir séu inni á bankareikningi félagsins og upplýsingum komið til hans í e-mail.* | 17 |
| 29-06-2001 | "Miramar 290601.doc" | Heimasvæði TJ á server | *Fax frá TJ til Alison Treco hjá KPMG undir fyrirsögninni "Payment instruction". Biður um að tveir reikningar verði greiddir (að fjárhæð $500,00 og $860,60) en það sem eftir verði á reikningum verði millifært á reikning Kaupthing Bank Luxembourg hjá Israel Favor Bank í New York in favor of Tryggvi Jonsson for Miramar.* | 18 |
| 04-09-2001 | Frá JGS til TJ<br>Subj: Info | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggi minn<br>Ég var að faxa þér þrjá reikninga<br># 197 US $ 12,000 þetta sama<br># 198 US $ 1,732,12 þetta er afgangurinn frá ferðinni July August<br># 199 US $ 445,55 þetta er þitt AMEX<br>... | 19 |
| 05-09-2001 | Frá TJ til JGS<br>Subj: RE: Info | Tölva JGS: Inbox - TJ | Reikningarnir eru komnir í greiðsluferli.<br>... | |
| 28-11-2001 | Frá JÁJ til JGS<br>Subj: Miami | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jón<br>Ég Jim og Ragnar erum að leið til Miami á fimmtudag gaman væri að þú gætir komið með okkur í dinner á föstudag. Er ekki báturinn í lagi þannig að við getum dvalið þar reikna með að fara á sunnudag. | 20 |

# Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 02-02-2002 | Frá JÁJ til JGS<br>RE: ...samstarf ofl. | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jón Gerald<br>... Einnig verður þú að klára Viking málið með TJ það hefur dregist út í hömlur engar greiðslur munu berast til Nordica fyrr en þessi mál eru leyst veit að TJ er í USA í næstu viku held að þú eigir að reyna að hitta hann.<br>.... | 21 |
| 27-03-2002 | JGS til TJ<br>Subj.: Áríðandi | | Í framhaldi af samtali okkar til að geta haft bankann góðann þá þarf ég að borga þeim ca. 250 þúsund og ef ég get komist að samkomulagi við Jón Ásgeir út af New Viking Inc og selt honum minn hlut á 250 þúsund þá færi það upp í þær skuldir sem ég er búinn að safna frá því ég opnaði vöruhúsið. | 22 |
| 06-04-2002 | TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | | Mundi $ 250.000 klára öll okkar mál, þ.e. vegna báts og vöruhúss. Tryggvi | |
| 12-04-2002 | JGS til TJ<br>RE: Áríðandi | | ... ég get ekki séð hvernig 250 geti klárað bæði málin. Ég er búinn að senda þér bókhaldið mitt og ef þú hefur farið yfir það þá ætti það að sjást að ég óskaði eftir að fá 250 fyrir minn hlut í bátnum og svo vantar mig 250 til að geta borgað skuldir sem hafa orðið á því að opna vöruhúsið. | |
| 12-04-2002 | TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | | Já, mér fannst hitt undarlegt. Las það vitlaust út úr pósti þínum. ... | |
| 12-04-2002 | JGS til TJ<br>RE: Áríðandi | | Já, ég fékk póstinn en ég get ekki svarað honum þar sem ég verð borinn út í næstu viku ef ekkert verður gert. Það hafa komið tvær pantanir frá því í nóvember á síðasta ári. Ég skil þetta ekki. Kveðja Jón Gerald | |
| 12-04-2002 | TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | | ... Ég er búinn að undirbúa að láta senda þér greiðslu, ekki lokagreiðslu heldur til að létta á þér. Spurningin er hvað mikið á þessu stigi. Dugar 100.000. Kveðja Tryggvi | |
| 12-04-2002 | JGS til TJ<br>RE: Áríðandi | | ... já ég get gengið frá mörgum hlutum með $ 100.000, greitt húsaleigu, borgað laun og komið korn gámi til Aðfanga<br>... | |
| 12-04-2002 | TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | | Ég læt senda þér 120.000 á mánudag. Sendu okkur reikning ... sem á stendur "payment according to contract". Útbúa þarf síðan samning á milli okkar. þar sem við erum að kaupa viðskiptasambönd, birgðir etc. Við eigum eftir að klára fjárhæðina en 1. greiðsla sé $ 120.000. Tryggvi | |
| 12-04-2002 | TJ til JW, ÁPJ og JGS<br>Subj.: Nordica | | Sæl Jóhanna. Í framhaldi af samtali okkar í dag þá mun Jón Gerald senda þér reikning að fjárhæð $ 120.000 sem er 1. greiðsla upp í samning. Senda þarf peningana strax á mánudag. Kveðja Tryggvi | 23 |

# Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 08-05-2002 | Frá TJ til JGS<br>Subj: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jón.<br>Ég kom til landsins um helgina og fékk skilaboðin þín í gær ...<br>2. Þú óskaðir eftir $250.000 vegna taprekstrar liðinna ára. Ef ég man rétt (ég get látið fletta því upp, en þú átt einnig að hafa tölurnar) þá erum við þegar búnir að greiða þér þá fjárhæð ($80 þús. árið 1999 og síðan $ 50 þús. og $120 þús. á þessu ári. Stemmir það ekki?). Uppsafnað tap þitt síðan 1999 er $419 þús. með afskriftum og $364 þú.s. án afskrifta. Eigið fé Nordica er neikvætt um $391 þús. í árslok 2001 samkvæmt efnahagsreikningi.<br>Mér finnst það því fullvel í lagt að leggja rekstrinum til $250 þús í viðbót. ...<br>Ég er hins vegar tilbúinn að mæla með því við mína menn að greiða $150 þús. í viðbót. Þá er fjárhæðin komin í $400 þús. sem er hærri fjárhæð en sem nam peningalegu tapi síðustu ára.<br><br>3. Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001 $774 þús. Á því ári voru greiddar $144 þús. í reksturinn, þar af fóru $56 þús. í afborganir og fjárfestingar, $55 þús. í vexti og rest í rekstrarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því $816 þús. Sama gildir með árið 2000, þ.e. afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan.<br><br>Síðan er það spurning hversu vermæt eignin er. Er hún $1.300 þús. eða $1.500 þús. Eða einhver önnur fjárhæð. Þetta þekkir þú betur en ég, en þegar við ræddum um þessi mál í byrjun þá töluðum við um þessar fjárhæðir. Síðan hafa þær vantanlega frekar lækkað en hækkað vegna afskrifta.<br>Nettóeign er því nú $525 þús. - $725 þús. miðað við framangreint verðmætamat. Ef við miðum við ársbyrjun 2000, þegar reksturinn var yfirtekinn héðan, er nettóeign líklega um $100 þús. lægri.<br>Þegar við förum yfir þessi mál í ársbyrjun 2000 þá vorum við sammála um að þú fengir 30% (þá var búið að taka tillit til vinnuframlags þíns), og að við tækjum síðan yfir reksturinn að mestu leyti. Eins og þú manst fannst JÁJ þetta of hátt hlutfall. En ef við höldum okkur samt við þessi 30%, og miðum $1.400 þús. verðmat á bátnum eins og við gerðum þá, þá er hlutur þinn eftirfarandi:<br>Miðað við skuldir í ársbyrjun 2000 væri hlutur þinn $162 þús. Miðað við skuldir í ársbyrjun 2001 væri hlutur þinn $175 þús. Miðaða við skuldir í ársbyrjun 2002 væri hlutur þinn $188 þús.<br>Til að ná $250 þús. í þinn 30% hlut þyrfti verðmæti bátsins að vera $1.600 þús. í ársbyrjun 2002 og $1.700 þús. í ársbyrjun 2000. Ef við hins vegar miðum áfram við $1.400 þús. verræmæti þyrfti eignarhlutur þinn afð vera 40% í ársbyrjun 2002 og 46% í ársbyrjun 2000.<br><br>Ég legg því til að þú fáir $200 þús. Miðað við $1.400 þús. vermæti þýðir þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000, en frá þeim tíma hefur kostnaðurinn verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærri eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á, svo ekki sé minnst á hugmyndir JÁJ í því sambandi. Ég vona að þér finnist þetta sanngjörn lausn.<br><br>Láttu mig heyra hvað þér finnst um þetta, þ.e. hvort þetta sé að þínu mati sanngjarnt eða ósanngjarnt annars vegar og hins vegar hvort þessi lausn dugi til að fleyta þér yfir erfiðasta hjallann. Þetta eru samtals $350 þús. sem ég legg til að greiða þér, þ.e. $150 þús vegna rekstrar og $200 þús. vegna New Viking.<br><br>Til að undirstrika það sem áður hefur komið fram að þá tel ég að með slíku uppgjöri, sem að framan er lýst, sé fjárhagsleg ábyrgð okkar á Fróni afgreidd, þ.e. ekki koma til frekari greiðslur nema þá vegna beinna viðskipta. Það sama gildir væntanlega um ábyrgðir.<br>... | 24 |



00007

# Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 08-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi minn.<br>Takk fyrir póstinn. Í stórum dráttum sætti ég mig við neðangreint bréf og vonandi skilur þú það að eftir 10 ára samstarf og vinnu með feðgunum þá stend ég uppi með tvær hendur tómar. En hvert er mitt val! Tíminn er svo dýrmætur eins og þú veist og eins og staðan er núna þá er salan til Aðfanga 2002 US$ 171,086 dollarar og tapið orðið c.a. US $ 80.000 það sem af er þessu ári. Tryggvi minn ég er tilbúin að ganga að þessu en ég verð þó að fá á hreint að ef ég afsala mér New Viking fyrirtækinu þá verða lánin sem á því hvíla greidd eða endurfjármögnuð á ykkar nafni.<br>… | 24 |
| 11-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi er enhvað að frétta | |
| 12-05-2002 | Frá TJ til JGS<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir.<br><br>Samtals eru þetta $350 þús. sem á að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega bankaábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin.<br><br>Ég veit að þessi frágangur á eftir að taka einhvern tíma svo láttu mig vita ef ég get eitthvað gert fyrir þig núna.<br>Kveðja, Tryggvi | |
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi takk fyrir póstinn eftir samtal ykkar veit Johannes að ég mun tapa öllu meira að segja húsið allt fer eingöngu út af því að maður er heiðarlegur og treystir því sem manni er sagt | |
| 13-05-2002 | Frá TJ til JGS<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | …<br>Ég veit ekki betur en að við höfum samþykkt að greiða þér samtals $400 ús. vegna rekstrarins (þar af búnir að borga $250 þús.), sem er sama tala og þú hefur tapað á rekstrinum. Væntanlega ertu þá ekki að tapa húsinu vegna þess.<br><br>Í annan stað færðu $200 þús. vegna Thee Viking, sem er umtalsvert meira en þú hefur lagt í það.<br>… | |

# Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | ....<br>I sambandi við þessi upphæð sem þú ert að tala um það er ég ekki sammála þér að hún er umtalsvert meiri en 200.000 og minni þég á uppgjörið sem ég sendi þér á sínum tíma og get faxað því til þín aftur ef þú vilt<br><br>Árið 1996 sendi Bonus mér 44,821 Nordica greiðir 51,541<br>Árið 1997 sendi Bonus mér 65,664 Nordica Greiðir 136,265<br>Árið 1998 sendi Bonus mér 61,693 Nordica greiðir 121,370<br>Árið 1999 sendi Baugur mér 205,630 Nordica greiðir 275,141<br>Árið 2000 sendi Baugur mér 127,950 Nordica greiðir 115,405<br>Árið 2001 sendi Baugur mér 150,124 Nordica Greiðir 175,758<br><br>Árið 6/21/97 sendir Baugur mér 100,000 og Árið 9/10/99 200.000<br>....<br>*Í viðhengi er Excel-yfirlit: "May 2002 pl stmts Adfong.xls"* | 24 |
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi báturinn var að koma úr slipp, þetta er það árlega sem þarf að gera or er þetta total $ 16.808,80 hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn. | 25 |
| 13-05-2002 | Frá TJ til JGS<br>Subj: RE | Tölva JGS: Inbox - TJ | Var ekki gert ráð fyrir þessu í $12.000 fjárhæðinni? Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með. þar með talið þetta. Er þetta misskilningur hjá mér? | |
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE | Tölva JGS: Inbox - TJ | Nei ef þú hefur farið yfir Profit & Lost Statement árið 2001 þá sérðu að operating expences eru 148,807 interest exp 54,673 og PMT on PRINS 55,913 mínus Depreciation - 83,635 þetta gerir 175,758 af þessu borgaði Baugur 144,000 | |



00009

## Samantekt úr tölvupóstum sem varðar greiðslur vegna afborgana og rekstrar báta í Miami

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 19-05-2002 | JÁJ til JGS. Cc til JJ og TJ.<br>Subj: Tvær hliðar | Tölvua TJ: ? | Sæll Jón<br>Fékk afrit af pósti sem þú sendir til TJ varðandi uppgjör á viðskiptum milli Nordica og Baugs. Ég verð að tjá mig aðeins um hina hliðina á málinu sem er að við höfum greitt um 25 milljónir til þín frá 98 til að byggja upp rekstur Nordica slíkt tel ég að sýni hversu mikið kapp við lögðum á að þessi viðskipti væru báðum aðilum hagstæð. Einnig lánuðum þér um 16 milljónir vegna Nýbrauða sú krafa er ógreidd við lögðum mikið kapp á að beina viðskiptum þess félag því miður voru þeir aðilar sem hófu þann rekstur ekki með hlutina á hreinu.<br>Eitt sem verður að hafa í huga hér að við treystum okkar innkaupafólki til þess að meta hvaða vörur á hvaða tíma við viljum selja, það að við hefðum bein afskipti af vöruvali í verslunum og tækjum þannig fram yfir hendurnar á innkaupamönnum er ávísun á vandræði.<br>Það að kenna okkur um að hafa rústað 12 ára uppbyggingu fæst ekki staðist það hlítur að hafa verið í þínum höndum á hverjum tíma að meta hvort þú ætlaðir að halda áfram þínum rekstri. Eitt er víst að fáir aðilar miðað við umfang viðskipta hafa fengið eins mikil tækifæri og athygli innan Baugs og Nordica hefur fengið.<br>Þetta er mín hlið á málinu.<br>Kveðja Jón Ásgeir Jóhannesson | 26 |
| 06-06-2002 | JW til TJ<br>Subj: Reikningur frá Nordica | Tölva TJ: ?? | Ég er með reikning frá Nordica 12.000 USD. Eigum við að greiða þetta?<br>Kv Jóhanna Waagfjörð | 27 |
| 07-06-2002 | TJ til JW<br>RE: Reikningur frá Nordica | Tölva TJ: ?? | Já, þetta eru þessar föstu mánaðarlegu greiðslur þar til við klárum uppgjörið við Nordica. Ég stefni að því að eiga fund með þeim í næstu viku, en líklega erum við að sjá að þessar mánaðarlegu greiðslur haldi áfram a.m.k. út ágúst.<br>Kveðja Tryggvi | |
| 10-06-2002 | Frá TJ til JGS | Tölva JGS: Inbox - TJ | ... Ég hafði hugsað mér að koma til Miami á föstudag með fjölskylduna, gista í bátnum og jafnvel sigla á laugardegi, en geri ráð fyrir að það sé úr sögunni ... | 28 |
| 25-06-2002 | Kristrún til JW<br>Subj: Reikn # 289 | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæl Jóhanna, hérna kemur reikningurinn fyrir júlí mánuð. Ég sendi þeta líka á faxi. Þú kannski lætur mig vita hvaða dag þetta verður borgað. | 29 |
| 26-06-2002 | JW til JGS<br>Subj: Reikn # 289 | Tölva JGS: Inbox - TJ | Blessaður Jón. Ég var að fá reikning frá ykkur í Nordica og svo fyrirspurn frá Kristrúnu um greiðslu. Ég verð að biðja þig að hafa samband við Tryggva hér hjá Baugi en hann er að vinna að uppgjöri til Nordica og greiðslur verða að vera samþykktar af honum. | |



00010

## Það sem þarf að gera:

1. Láta lögfræðing í Delaware útbúa afsal á 70% eignarhluta í Thee Viking til Miramar. Í samningnum þarf að koma fram að komi til sölu á skipinu, og verði söluverð undir bókfærðu verði, þ.e. $1.127.497 að viðbættum ca. $50.000 þóknun til JGS, skiptist sölutapið í hlutfalli við eignarhluta.

   Verði söluverð yfir bókfærðu verði en undir $1.400.000 skiptist lækkunin 50/50 á milli JGS annars vegar og JJ/JÁJ hins vegar fram til 1. október 2001. Frá þeim tíma til 1. október 2002 verði hlutfallið 40/60 (þ.e. JGS með 40%) og 30/70, eða það eignarhlutfall sem þá er á bátnum, frá 1. október 2002.

   Verði söluverð yfir $1.400.000 skiptist það sem umfram er 50/50 milli aðilanna.

2. Árlega skal yfirfara greiðslur vegna Thee Viking og meta hvort ástæða sé til að breyta eignarhlutföllum. Skal það gert í janúar-febrúar ár hvert og miðast leiðrétting við almanaksárið. Þannig skal í janúar-febrúar árið 2001 meta hvort greiðslur á árinu 2000 gefi tilefni til breytinga á eignarhlutdeild, sem tæki þá gildi 1. janúar 2001.

3. Stofna skal sérstakan bankareikning í nafni Thee Viking. Kreditkort á þann reikning verður í höndum JGS. Mánaðarlega greiðir B/G $7.000 inn á reikninginn og JGS $3.000 (miðað við að eignarhlutfall JGS sé 30,0%). Á reikningi til B/G skal standa "Contract fee for retail services, commissions, finders fees and consulting work."

4. Útbúa þarf afsal á 50% eignarhluta í Nýbrauðum til Miramar. Lán sem JGS fékk vegna kaupanna endurgreiðist annað hvort við sölu bréfanna eða þann 1. janúar 2003, eftir því hvort kemur fyrst. Til tryggingar láninu er veð í eignarhluta JGS í bátnum.

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 29-06-2001 | Frá JÁJ til 3ja stjórnenda Baugs<br>RE: Info … | Tölva TJ | …<br>Uppgjörið verður erfitt vinna hefst strax eftir helgi ljóst að mikill tími á eftir að fara frá okkur TJ í það verkefni. Alveg ljóst að eftir uppgjör er ekkert borð fyrir báru áætlanir verða að standast !!!!!!!!!!!!!!<br>….. | 1 |
| 30-08-2001 | Frá TJ til JGS<br>Kl. 13.23 (6:23)<br>RE: Nordica Damage Report | Tölva JGS<br>Sbr. sérstök skýrsla | *Fyrri póstur frá JGS til TJ endursendur með breytingum í "haus" og texta* (athugasemd rannsóknara).<br><br>Sæll. Ég gerði smávægilegar breytingar. Faxaðu þessu á mig, með undirskrift þinn,<br>Kveðja<br>Tryggvi<br><br>Discount on purchased goods and reimbursement for Damage or Shortages shipments to Adfong from July 01.2000 to June 30, 2001 en the amount of US $ 589.890.000. This cover all cargo shipped thru Nordica, Inc Warehouse in Miami Florida, | 2 |
| 30-08-2001 | Frá JGS til TJ<br>Kl. 13:57<br>RE: Nordica Damage Report | Tölva JGS<br>Sbr. sérstök skýrsla | *JGS opnar sama póst aftur (póstinn frá TJ kl. 13.23) og svarar honum aftur (athugasemd rannsóknara).*<br><br>FAXIÐ VAR AÐ FARA Í GEGN | |
| 30-08-2001 | Frá TJ til JGS<br>Kl. 14:37<br>RE: Nordica Damage Report | Tölva JGS<br>Sbr. sérstök skýrsla | Búinn að fá það. Þakka þér fyrir. Skulda þér einn gráan.<br>Tryggvi | |

II/28.1



00087

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 24-10-2001 | Jóhanna Waagfjörð til JÁJ og TJ<br>Subject: Ýmis mál | Tölva TJ: Inbox/Stoðdeildir | Blessaður Jón Ásgeir. Ég er með nokkur mál sem ég þarf skýringar á:<br>1. Tekjufærsla 30/6 vegna afsláttar frá Nordica, Inc tæpar 62 millj Kr. Kemur greiðsla frá þeim eða eigum við að skuldajafna þetta við innkaupin hjá Aðföngum? Mér skilst að við séum að greiða til þeirra í hverjum mánuði um 2 millj. Kr. Þessi færsla var bókuð á biðreikning og við þurfum að ganga frá þessu á rétta staði.<br>2. Tekjufærsla 30/6 vegna "share of Marketing support from Dagrofa" frá SMS um 46,7 millj. kr. Hvernig er með þessa greiðslu fáum við frá SMS þessa peninga eða ???? Þetta er líka á biðreikningi og þarf að ganga frá. | 3 |
| 26-10-2001 | TJ til JÁJ og JW<br>RE: Ýmis mál | Tölva TJ: Inbox/Stoðdeildir | Ég fer yfir liði 1,2 og 4 við fyrsta tækifæri. Kveðja Tryggvi. | |
| 16-01-2002 | Ýmis bókuð minnisatriði | Tölva TJ: Outlook: Calender | Leiðrétta Nordica og SMS reikninginn | |
| 30-01-2002 | Frá JGS til JÁJ<br>Sub…samstarf ofl | Tölva JGS: Inbox - TJ | … Í framhaldi af fundi okkar sem haldinn var á Miami í byrjun ásins 2001 sem á voru Jón Ásgeir, Tryggvi Jónsson, Jón Gerald og Jóhanna Guðmundsdóttir, er eftirfarandi:<br>*(pósturinn fjallar síðan um útskýringar á þróun viðskipta Nordica og Baugs)* | 4 |



00088

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01-02-2002 | JGS til TJ og JÁJ<br>Subj.: Bréf til Jóns Ásgeirs vegna samstarfs Nordica Inc og Baugs | Tölva TJ: Inbox/Nordica | Hér framsendir JGS póst sem hann sendi til JÁJ þann 30. janúar til TJ. Textinn:<br>Sæll Jón Ásgeir.<br>Í framhaldi af fundi okkar sem haldinn var á Miami í byrjun ársins 2001, sem á voru Jón Ásgeir, Tryggvi Jónsson, Jón Gerald og Jóhanna Guðmundsdóttir, er eftirfarandi:<br>Í byrjun fundarins var farið yfir sölutölur ársins 2000 og þá gat ég þess að við yrðum að loka vöruhúsinu á Miami nema að breyting yrði gerð á skipulagi í sambandi við áætlanir fyrir komandi ár og skuldbindingu Baugs við Nordica við að gangast við þeim áætlunum.<br>Þá var gerð áætlun um að selja vörur til Baugs frá Nordica að upphæð $ 2,5 mill USD (Jón Ásgeir talaði um $ 3 mill USD) fyrir árið 2001, á sama tíma ákvað ég að nota sama stuðul 8.7 % innifalið í honum er flutningskostnaður til okkar, öll meðhöndlun og merking ásamt hleðslu á gámum. Á fundinum lofaði Jón Ásgeir að ef þær áætlanir myndu ekki standast þá skyldi Baugur borga Nordica þann mismun sem yrði á sölutekjum og kostnaði á vörum og rekstri vöruhúss í Miami. Einnig var farið yfir skuldbindingar Nordica gagnvart Baugi og þau atriði sem Nordica ætlaði að gangast undir á árinu 2001. Þess má geta að Nordica hefur staðið við allar þær skuldbindingar sem voru gerðar gagnvart Baugi.<br>En nú hefur komið á daginn að salan til Baugs af vörum Nordica var aðeins 1.302.188 USD (sjá viðhengið Lokatölur). Þessi sala hefur ekki verið næg til þess að standa undir rekstri á vöruhúsinu og þeim kostnaði sem því fylgir. Því hef ég útbúið reikning sem nemur mismuninum eins og um var talað á fyrrnefndum fundi.<br>*JGS vísar síðan í viðhengi með póstinum um samantekt á maðalálagningu og segir:*<br>"... vil ég benda á að ég hef ítrekað komið þeim tilmælum til Baugs að til að geta staðið undir rekstri á vöruhúsinu þá yrði ég að hækka álagninguna á vörunum. Hins vegar hefur ekki verið tekið vel í það og hef ég einungis fengið staðfesta hækkun á álagningu um 1%. Því miður þá getur 1% hækkun ekki fleytt rekstri Nordica langt áfram með söluveltu upp á 1.3 til 1.5 mill dollara. Þar sem ég hitti þig (Jón Ásgeir) í byrjun desember 2001 og fór yfir alla þessa hluti ætlaðir þú að gefa mér svar á mánudaginn 17. desember 2001. Ég bíð enn og komið fram á annan mánuð. Jón Ásgeir, eftir að hafa studerað ítarlega allar þessar tölur þá er mín skoðun sú að hagur Baugs er mikill ef vel er á þessum málum tekið og mun meiri en hjá Nordica og tala nú ekki um þá pressu sem við höfum haft á heildsölum á Íslandi og vitað er að það er ómetanlegur ágóði til Baugs. Ég hitti Árna Pétur á Íslandi í byrjun janúar 2002 og ákvað ég að ef ekkert kæmi frá ykkur fyrir 10. febrúar þá þýddi það að þið hafið engan áhuga á að halda þessu samstarfi áfram eins og staðan er í dag.<br>Allar þær tölur sem koma fram hér fyrir neðan eru tölur frá Nordica Inc, Aðföngum og svo útsöluverð í búðunum í nóvember og desember 2001.<br>Kveðja, Nordica Jón Gerald Sullenberger<br><br>*Viðhengi "Lokatölur fyrir 2001.xls": Profit & Loss Statement Nordica Inc. 31. desember 2001.* | 4 |



00083

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 13-02-2002 | JGS til TJ<br>Subj: RE: USA | Tölva TJ | .... Á undanförnum mánuðum hef ég látið þig fylgjast grannt með stöðu mála og á rekstri Nordica. Það ætti þess vegna ekki að koma á óvart hvernig staðan er hérna megin. Í stuttu máli þá er staðan ekki góð og ég veit ekki hvað ég get gert meira til þess að bæta ástandið eða halda áfram rekstrinum á vöruhúsinu fyrir Baug.<br>Um mánaðarmótin nóv/des þá fór ég til Íslands og hitti þar á meðal Jón Ásgeir og Árna Pétur. Ég sagði þeim að með þessu áframhaldi yrði ég að loka hér eða hækka álagninguna á okkar vörum um 6% miðað við sölu upp á USD 1,500,000 fyrir árið 2002.<br>*JGS lýsir því síðan að hann, JÁJ og ÁP hafi ákveðið að halda óbreyttri álagningu en JÁJ og ÁP hafi ætlað að koma með plön fyrir 10. febrúar en ekkert heyrst enn.* | 5 |
| 14-02-2002 | TJ til JGS<br>Subj: RE: USA | Tölva TJ | ...<br>Haustið 1999 opnaðir þú vöruhús eftir áeggjan okkar, því kröfur voru komnar um merkingar á innfluttum matvælum frá USA.<br>Salan á árinu 2000 var minni en gert hafði verið ráð fyrir. Í framhaldi af því létum við þig fá 80-100 þús. dollara (þú ert sjálfsagt með þá tölu).<br>Við Jón Ásgeir hittum þig í janúar 2001 til að ræða viðskiptin á því ári sem var að fara í hönd. Að þínu mati þurfti veltan að vera $2,0 millj. sem var tvöföldun frá fyrra ári. Ég taldi að hún þyrfti að vera $3,0 millj en þar sem þú varst einnig með aðra sölu taldir þú að þessar $2 millj dygðu. Við lofuðum þér að veltan yrði a.m.k. sú fjárhæð en að við myndum stefna að $3,0 millj.<br>Illa gekk að klára áætlunina .....<br>Síðasta haust ... sagði ég þér að við myndum ná þessum $2 millj. .... Síðar kom í ljós að við vorum langan veg frá því, því miður.<br>Við munum að sjálfsögðu standa við það að bæta þér upp framlegðina sem á vantar upp í $2 mill sölu.<br>.... | |
| 28-02-2002 | Ýmis bókuð minnisatriði | Tölva TJ: Outlook: Calender | Leysa Nordica málið ásamt ÁPJ | |
| 04-03-2002 | JGS til TJ<br>Subj: Hérna er þetta! | Tölva TJ | Sæll Tryggvi minn svona lítur þetta út hjá okkur og er þetta ekki gott mál. Þetta er sama skjal og ég lét ykkur fá í byrjun ársins en á því var US $ 2 mill áætlun og tapið c.a. US $ 90 þúsund. Þar sem þetta er allt að dragast á langinn þá er þetta orðið mjög slæmt mál ...... | 6 |



00090

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 04-03-2002 | TJ til JGS<br>RE: Hérna er þetta | Tölva TJ | ... Ég þarf aðeins betri og ítarlegri skýringar. Þegar þú hringdir til mín á laugardag sagðir þú mér að við værum með opna ábyrgð hjá þér upp á 30-40 millj kr. Á bak við þær væru ekki vörukaup, því þú hefðir þurft að taka lán til að greiða taprekstur undanfarinna ára. Er þetta ekki rétt skilið hjá mér.<br>Ég þarf því að sjá hjá þér uppgjörin fyrir þessi ár, þ.e. rekstrar- og efnahagsreikning og skýringar. ....<br>Þú opnaðir vöruhúsið 1999 og að þinni sögn fékkst samþykki eða blessun Jóns Ásgeirs fyrir því. Á sama tíma dregst salan hjá þér saman og þú lendir í taprekstri. Þegar við hittumst í maí 2000 er ákveðið að greiða þér $80.000 til að standa unir því.<br>Við hittumst síðan í janúar 2001. Þá kemur fram ... að salan var langt undir væntingum. Þú þurftir því $ 2 millj sölu til að standa undir rekstrinum.<br>Nú er sem sagt staðan sú ... að þrátt fyrir þessar $130 þús hefur þú nýtt ábyrgðir okkar til að taka lán til að mæta rekstrartapi síðustu ára. Þýðir þetta, ef ekkert er gert, að við fáum í hausinn kröfur að fjárhæð $ 300 – 400 þús? Ég hlýt að vera að misskilja eitthvað. Í guðanna bænum útskýrðu það fyrir mér sem allra fyrst. | 6 |
| 05-03-2002 | JGS til TJ<br>RE: Hérna er þetta | Tölva TJ | Sæll Tryggvi minn. Takk fyrir skjót viðbrögð. Eftirfarandi eru ítarlegri skýringar.<br>*JGS rekur síðan stöðu mála hjá Nordica í viðskiptum við Baug/Aðföng.* | |
| 05-03-2002 | TJ til JGS<br>RE: Hérna er þetta | Tölva TJ | Sæll Jón. Ég þakka þér fyrir þessar upplýsingar, en þær eru ekki nægjanlegar. Ég bað þig um í gær uppgjör síðustu ára, þ.e. rekstrar- og efnahagsreikning ásamt skýringum með ársreikningnum. Ég þarf þetta til að geta skilið þessa ótrúlegu stöðu sem fyrirtækið er komið í. | |
| 06-03-2002 | JGS til TJ<br>RE: Hérna er þetta | Tölva TJ | Sæll Tryggvi minn ég get sent þér þetta á póstinum.<br>*Meðfylgjandi í viðhengi er Excel-skjal: "Income Bal sheet 98 to 01"* | |
| 27-03-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | Í framhaldi af samtali okkar til að geta haft bankann góðan þá þarf ég að borga þeim c.a. 250 þúsund og ef ég get komist á samkomulegi við Jón Ásgeir út af New Viking Inc og selt honum minn hlut á 250 þúsund þá færi það upp í þær skuldir sem ég er búinn að safna frá því ég opnaði vöruhúsið 1999.<br>Ég geri mér ekki grein fyrir hvað þið viljið gera en gott væri að fá frá þér þitt álit á þessu máli sem first. | 7 |
| 06-04-2002 | Frá TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | Myndi $250.000 klára öll okkar mál, þ.e. vegna báts og vöruhúss?<br>Tryggvi | |
| 12-04-2002 | Frá JGS til TJ<br>RE: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi takk fyrir póstinn ég get ekki séð hvernig 250 geti klárað bæði málin ég er búinn að senda þér bókhaldið mitt og ef þú hefur farið yfir að þá ætti það að sjást að ég óskaði eftir að fá 250 fyrir minn hlut í bátnum og svo vantar mig 250 til að geta borgað skuldir sem hafa orðið á því að opna vöruhúsið. | |
| 12-04-2002 | Frá JGS til TJ<br>RE: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | Já ég fékk póstinn en ég get ekki svarað honum þar sem ég verð borin út í næstu viku ef ekkert verður gert. Það hafa komið tvær pantanir frá því í Nóvember á síðasta ári ég skil þetta ekki. | |

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12-04-2002 | Frá JGS til TJ<br>RE: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi takk fyrir póstinn já ég get gengið frá mörgum hlutum með $100.000. Greitt húsaleigu borgað laun og komið korn gámi til Aðfangar ég verð hér í apríl er ekki á förum … | 7 |
| 12-04-2002 | Frá TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | Já, mér fannst hitt undarlegt. Las það vitlaust út úr póstinum þínum. Fékkstu póstinn varðandi heimsókn mína og Árna Péturs? | |
| 12-04-2002 | Frá TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | É er að fara utan á sunnudag og kem ekkert heim áður en ég mæti til þín, ef þú hefur tök á að hitta okkur. Ég er búinn að undirbúa að láta senda þér greiðslu, ekki lokagreiðslu heldur til að létta á þér. Spurningin er hvað mikið á þessu stigi. Dugar $100.000? | |
| 12-04-2002 | Frá TJ til JGS<br>RE: Áríðandi | Tölva JGS: Inbox - TJ | OK. Ég læt senda þér 120.000 á mánudag. Sendu okkur reikning (sendu hann á Jóhönnu Waagfjörð), sem á stendur" payment according to contract". Útbúa þarf síðan samning á milli okkar, þar sem við erum að kaupa viðskiptasambönd, birgðir etc. Við eigum eftir að klára fjárhæðina, en 1. greiðsla sé $120.000. | |
| 12-04-2002 | Frá TJ til Jóh Waagfjörð ofl. | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæl Jóhanna.<br>Í framhaldi af samtali okkar í dag þá mun Jón Gerald senda þér reikning að fjárhæð $120.000, sem 1. greiðsla upp í samning. Senda þarf peningana strax á mánudag. | 8 |

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 08-05-2002 | Frá TJ til JGS<br>Subj: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jón.<br>Ég kom til landsins um helgina og fékk skilaboðin þín í gær ...<br>2. Þú óskaðir eftir $250.000 vegna taprekstrar liðinna ára. Ef ég man rétt (ég get látið fletta því upp, en þú átt einnig að hafa tölurnar) þá erum við þegar búnir að greiða þér þá fjárhæð ($80 þús. árið 1999 og síðan $ 50 þús. og $120 þús. á þessu ári. Stemmir það ekki?). Uppsafnað tap þitt síðan 1999 er $419 þús. með afskriftum og $364 þús. án afskrifta. Eigið fé Nordica er neikvætt um $391 þús. í árslok 2001 samkvæmt efnahagsreikningi.<br>Mér finnst það því fullvel í lagt að leggja rekstrinum til $250 þús í viðbót. ...<br>Ég er hins vegar tilbúinn að mæla með því við mína menn að greiða $150 þús. í viðbót. Þá er fjárhæðin komin í $400 þús. sem er hærri fjárhæð en sem nam peningalegu tapi síðustu ára.<br><br>.... *Klippt út það sem ritað er um bátaviðskipti – pósturinn er í heild í samantekt um bátaviðskiptin / AJ*<br><br>Láttu mig heyra hvað þér finnst um þetta, þ.e. hvort þetta sé að þínu mati sanngjarnt eða ósanngjarnt annars vegar og hins vegar hvort þessi lausn dugi til að fleyta þér yfir erfiðasta hjallann. Þetta eru samtals $350 þús. sem ég legg til að greiða þér, þ.e. $150 þús vegna rekstrar og $200 þús. vegna New Viking.<br><br>Til að undirstrika það sem áður hefur komið fram að þá tel ég að með slíku uppgjöri, sem að framan er lýst, sé fjárhagsleg ábyrgð okkar á Fróni afgreidd, þ.e. ekki koma til frekari greiðslur nema þá vegna beinna viðskipta. Það sama gildir væntanlega um ábyrgðir.<br>... | 9 |



00093

Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 19-05-2002 | JÁJ til JGS. Cc til JJ og TJ.<br>Subj: Tvær hliðar | Tölva TJ | Sæll Jón<br>Fékk afrit af pósti sem þú sendir til TJ varðandi uppgjör á viðskiptum milli Nordica og Baugs. Ég verð að tjá mig aðeins um hina hliðina á málinu sem er að við höfum greitt um 25 milljónir til þín frá 98 til að byggja upp rekstur Nordica slíkt tel ég að sýni hversu mikið kapp við lögðum á að þessi viðskipti væru báðum aðilum hagstæð. Einnig lánuðum þér um 16 milljónir vegna Nýbrauða sú krafa er ógreidd við lögðum mikið kapp á að beina viðskiptum þess félag því miður voru þeir aðilar sem hófu þann rekstur ekki með hlutina á hreinu.<br>Eitt sem verður að hafa í huga hér að við treystum okkar innkaupafólki til þess að meta hvaða vörur á hvaða tíma við viljum selja, það að við hefðum bein afskipti af vöruvali í verslunum og tækjum þannig fram yfir hendurnar á innkaupamönnum er ávísun á vandræði.<br>Það að kenna okkur um að hafa rústað 12 ára uppbyggingu fæst ekki staðist það lítur að hafa verið í þínum höndum á hverjum tíma að meta hvort þú ætlaðir að halda áfram þínum rekstri. Eitt er víst að fáir aðilar miðað við umfang viðskipta hefa fengið eins mikil tækifæri og athygli innan Baugs og Nordica hefur fengið.<br>Þetta er mín hlið á málinu.<br>Kveðja Jón Ásgeir Jóhannesson | 10 |
| 01-06-2002 | TJ til Stefáns Hilms.<br>Subj: Staða á eldri málum | Tölva TJ: Undirmappa í Inbox | Sæll.<br>Er búið að leiðrétta (bakfæra) bæði SMS reikninginn og Nordica reikninginn frá miðju ári í fyra?<br>Kveðja Tryggvi | 11 |
| 03-06-2002 | SH til TJ<br>RE: Staða á eldri málum | Tölva TJ: Undirmappa í Inbox | Sæll Tryggvi.<br>Það er búið að lagfæra Nordica reikninginn en ekki SMS reikninginn.<br>SH | |
| 06-06-2002 | JW til TJ<br>Subj: Reikningur frá Nordica | Tölva TJ | Ég er með reikning frá Nordica 12.000 USD. Eigum við að greiða þetta?<br>Kv Jóhanna Waagfjörð | 12 |
| 07-06-2002 | TJ til JW<br>RE: Reikningur frá Nordica | Tölva TJ | Já, þetta eru þessar föstu mánaðarlegu greiðslur þar til við klárum uppgjörið við Nordica. Ég stefni að því að eiga fund með þeim í næstu viku, en líklega erum við að sjá að þessar mánaðarlegu greiðslur haldi áfram a.m.k. út ágúst.<br>Kveðja Tryggvi | |



00094

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01-07-2002 | JÁJ til JGS, JB, TJ og AP.<br>Subj.: Bréf til Wal-Mart | Tölva TJ: Inbox/Nordica | Sendi þér til upplýsinga bréf sem við sendum frá okkur til Wal-Mart sem svar við bréfi sem kom frá þeim þar sem þú segir þeim að við skuldum vöruúttekt til þín upp á 400 þúsund usd. Ég held að nóg sé komið af lygum frá þér bæði upp á okkur persónulega og fyrirtæki okkar. Aðrir birgjar hafa sent okkur sambærileg bréf og verður þeim svarað með sama hætti.<br>Jón Ásgeir Jóhannesson<br>*Viðhengi Word-skjal: Wal Mart v. Nordica.doc. Þar ritar JÁJ Wal Mart bréf þar sem hann áréttar að Baugur eigi enga reikninga frá Nordica ógreidda og segir JGS hafa gefið Wal Mart rangar upplýsinga varðandi það.* | 13 |
| 03-07-2002 | JÁJ til JGS, ÁP ofl.<br>Subj.: Skuldastaða við Nordica | Tölva JGS | *Hér er framsendur póstur frá Einari Þórissyni, innkaupastjóra Aðfanga frá 2.júlí þar sem Einar sendir JÁJ samantekt í Excel.*<br>*Texti póstsins er:*<br>Varðandi bréf þitt til Wal-Mart þá eru hér upplýsingar frá bókhaldi Aðfanga.<br>*Viðhengi: Afng.skuldastaa vi Nordica.xls.* | 14 |
| 06-08-2002 | JGS til TJ og JÁJ<br>Subj.: FW | Tölva TJ | Ég held að það sé betra að menn gangi frá málum við Jim áður en ég þar fað gefa deposition hjá lögfræðingi Jims út af okkar málum. Jon Gerald. | 15 |
| 06-08-2002 | TJ til JGS<br>Subj.: RE | Tölva TJ | Við höfum satt best að segja ekki miklar áhyggjur af þeim skemmtisögum sem þú þarft að segja lögfræðingi Jim´s ef til málaferla kemur en vonandi verður málið settlað áður en til þess kæmi. Raunar held ég að slíkar sögur gætu hitt bæði þig og Jim illa fyrir, eins og ég sagði Jim í dag, og held að þú værir að gera sjálfum þér mestan ógreiða með því. Ég held meira að segja að Jim sé sammála því. En hvað um það. Lífið spinnur sinn örlagavef og við höfum ekki alla þræði í okkar eigin höndum. Mér finnst hins vegar þýðingarmeira að við snúum okkur að þínum málum. Ég sendi þér póst fyrir tæpum tveimur vikum. Hefurðu haft tækifæri til að hugleiða hann? Láttu mig heyra í þér og reynum að finna flöt á málinu. ....<br>Kvaðja, Tryggvi | |
| 15-08-2002 | JGS til LÓ og cc EÞ<br>Subj: ógreiddir gámar | Tölva TJ: Inbox | Sæll Lárus í framhaldi af símafundi okkar út af ógreiddum reikningum þá staðfesti ég hér með að þær greiðslur sem koma frá Aðföngum muni fara upp í þær skuldir sem Nordica hefur hjá Flemings. | 16 |
| 16-08-2002 | LÓ til JGS<br>RE: ógreiddir gámar | Tölva TJ: Inbox | Kæri Jón.<br>Ég vil ítreka, smkv neðangreindu, að Aðföng er búið að greiða reikningana til Flemings. Með því værum við að greiða einnig þessa USD 52.000 værum við að tvígreiða vöruna. Við lítum því svo á að í raun skuldi Nordica Aðföngum ca USD 34.000.<br>Kær kveðja Lárus | |



00095

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 16-08-2002 | JW til TJ, LÓ, ÁP<br>Subj: Deponering v/Nordica | Tölva TJ: Inbox | ....<br>Ég minni á að Jón Gerald skuldar okkur hlutabréfakaup frá desember 1999. Þessi bréf eru á hans nafni og samkv. Þórði Bogasyni þá mun það verða erfitt að ná þessu af honum án þess að fara í mál við JG og þá er ekkert öruggt í þeim málum. Skuldin er 4.350.000 en með 12% dráttarvöxtum til 1/8/02 er þetta um 5,7 millj kr. Getum við ekki skuldajafnað þetta við þessar 52.000 $ (cr. 4,5 millj.) og sent honum formlegt bréf um þessa aðgerð. | 17 |
| 16-08-2002 | Lárus Óskarsson til JW, TJ og ÁP<br>RE: Deponering v/Nordica | Tölva TJ: Inbox | Sæl verið þið<br>Þessi USD 52.000 verða skuldajöfnuð við USD 86.000 sem við eigum inni hjá honum. Þannig er ekki til neins að vera að draga hlutabréfakaup inn í það mál, eða hvað? Lalli | |
| 19-08-2002 | TJ til Paul Lester<br>Subj: Baugur Group vs. Nordica | Tölva TJ: Inbox | *Í þessum pósti TJ til bandarísks lögmanns rekur Tryggvi fyrst aðdragandann að því að skuld myndaðist hjá Nordica gagnvart Baugi Group að fjárhæð u.þ.b. $ 36 þúsund. Hún sé þannig til komin að einn stærsti birgi BG, Flemings, hafi rukkað BG vegna skuldar Nordica þar sem BG sé í ábyrgð gagnvart viðskiptum Nordica við Flemings. Skuldin að fjárhæð $ 86.579 sem BG hafi neyðst til að greiða Flemings.*<br>On the contrary we have paid him a net of around $36 thous more than we owe him. This we want to sue him over if he doesn´t pay til of free will (which I doubt). | 18 |
| 23-08-2002 | TJ til lögmenn í USA<br>RE: Baugur Group vs. Nordica | Tölva TJ: Inbox | .... I think the next step should be that I call you and tell you the story and what we are trying to achieve. I know the amount is not high, but can have a significant impact on the company in the media, nevertheless.<br>.... | |
| 30-08-2002 | Auðbjörg til JW<br>Subj.: Gætir þú sent mér e-mail? | Póstur sem AF afhenti endurskoðendum RLS | Sæl Jóhanna. Bókhaldsdeildin hefur væntanlega fengið e-mail frá þér varðandi lotun á hugsanlegri gjaldfærslu vegna lokauppgjörs við Nordica. Vinsamlegast sendu mér þennan póst ef svo er. | 19 |



00096

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar eða tengist kreditreikningum frá Nordica og SMS

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 30-08-2002 | JW til AF<br>Subj.: Leiðrétt deild 2 TJ | Póstur sem AF afhenti endurskoðendum RLS | Þessum pósti fylgir tölvupóstur frá 22. maí 2002 frá Jóhönnu Waagfjörð til Elínar Fríðu Sigurðardóttur. Þar felur JW Elínu eftirfarandi:<br>Greiðsla 16/4 11.698.800 á reikn nr 37412. Þessi færsla á að vera 4.500.000 og það þarf að gjaldfæra 4.500.000 á hvern mánuð út uppgjörsárið (til feb 2003). Það á eftir að koma reikningur til viðbótar við þessa greiðslu og heildaruppgjörið er um 50.000.000 sem dreifist á allt árið. Það verður því að bóka þetta í fyrirfra greitt og gjaldfæra svo í hverjum mánuði 4,5. Ég læt þig vita þegar lokareikningur kemur.<br>Jóhanna Waagfjörð<br><br>Síðan er textinn í póstinum frá JW til AF:<br>Samkvæmt beiðni þinni varðandi lotun á hugsanlegri gjaldfærslu vegna lokauppgjörs við Nordica þá er skýringin á þessari færslu eftirfarandi. Í maí erum við að fara yfir lokafærslur vegna apríl og þá kemur í ljós gjaldfærsla tengd Nordica á deild Tryggva Jónssonar upp á 11.698.800 kr. Eftir samráð við Tryggva þá ákvæðaum við að lota fyrir væntanlegum kostnaði sem mundi hljotast af samningsslitum við Nordica. Þessi upphaflegi reikningur var fyrirframgreiðsla sem mundi tengjast lokauppgjöri við það fyrirtæki. Af þeim ástæðum þá töldum við eðlilegt að dreifa þessum kostnaði yfir tímabil þar sem ekki var ljóst hver endanleg upphæð yrði eða hvenær uppgjör mundi fara fram. Samkvæmt beiðni Tryggva þá átti að lota þetta út árið en þar sem við erum með uppgjörsár til enda febrúar 2003 þá gerði ég ráð fyrir að hann meinti reikningsár. Í hans huga var þó um að ræða almanaksárið og vorum við því að lota of lengi. Til frekari fróðleiks þá er nú þegar búið að stöðva þessar gjaldfærslur en búið var að gjaldfæra um ??? millj króna. Ekki sér ennþá fyrir endann á lokum samskipta við Nordica því er ekki óeðlilegt að þessi gjaldfærsla standi til öryggis.<br>Kv Jóhanna W. | 20 |
| 21-02-2000 | "viðskiptam1999" | Heimasvæði Lindu á Server | *Excel-tafla um stöðu viðskiptamanna pr. 31.12. 1999.* | 21 |
| 04-04-2000 | "aðalskrifstofa 2000.xls" | Heimasvæði Lindu á Server | *Excel-tafla sem sýnir m.a. kröfur pr. 04.04. 2000. Þar kemur fram krafa á Nordica að fjárhæð kr. 4.350.000* | 22 |
| 04-08-2000 | "viðskiptamoglanadr.xls " | Heimasvæði Lindu á Server | *Excel-tafla um stöðu viðskiptamanna pr. 30.06. 2000. Þar kemur fram krafa á Nordica að fjárhæð kr. 4.350.000*<br>*Excel-tafla um stöðu lánadrottna pr. 30.06. 2000.*<br>*Excel-tafla um viðskiptakröfur pr. 31.12. 2001. Þar kemur fram krafa á Nordica að fjárhæð kr. 4.350.000* | 23 |
| 14-08-2000 | "vidskiptamenn-lanadrottnar.xls" | Heimasvæði Lindu á Server | *Excel tafla um stöðu viðskiptamanna, ódagsett. M.a. krafa á Nordica að fjárhæð kr. 4.350.000* | 24 |



00097

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01-10-1999 | LJ til TJ og JÁJ<br>Subj.: Hlutabréf til Andra | Tölva TJ: Inbox | Sæll, samkvæmt Andra er búið að lofa honum láni fyrir hlutabréfum í Baugi. Ég er með nokkrar spurningar til að geta gengið í þetta mál:<br>Hversu hátt á lánið að vera? Á hvaða gengi fær hann bréfin? Á að selja bréf í eigu Baugs eða láta hann fá pening til að kaupa hlutabréf á markaði á einstaklega hagstæðu verði?<br>Linda | 1 |
| 02-10-1999 | JÁJ til LJ<br>RE: Hlutabréf til Andra | Tölva TJ: Inbox | Baugur lánar honum á sömu kjörum og aðrir starfsmenn. Hann verður að kaupa bréfin hjá Kaupþing eða söluaðila. | |
| 02-10-1999 | LJ til TJ<br>RE: Hlutabréf til Andra | Tölva TJ: Inbox | Sæll Tryggvi, þýðir þetta að ég lána honum (greiði) þá upphæð sem hann mun greiða söluaðila?<br>Starfsmenn fengu 100.000 kr (söluverð) og örfáir aðilar fengu hámarkið sem var 24.000 að nafnverði – 238.800 kr. Ef hann á að fá hámarkið og kaupir á markaði, t.d. 24.000*9.20 – 220.800, þá er þetta upphæðin sem Baugur lánar honum. Viltu vera svo vænn að gefa mér skýr svör svo hægt sé að klára þetta mál. Kveðja, Linda. | |
| 07-11-1999 | JÁJ til LJ og TJ<br>Subj.: Finnur Árnason | Tölva TJ: Inbox | Viltu kaupa hlutabréf á hans nafni fyrir kr. 500 þúsund á kaupverði á markaðnum hann borgar 210 þús færist sem lán á hann innanhús ávísun á borðinu hjá þér. Eitt af þessum málum sem ég hef allt gleymt að klára. Jón Ásgeir | 2 |



00156

II/35.1

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 10-11-1999 | TJ til Auðbjörg<br>Subj: Starf | Tölva TJ: Inbox | .... Í stuttu máli þá vil ég gefa þér tilboð sem samsvarar 390-395 þús kr launum. Þú hefur alltaf þann valkost að ef þér finnst tilboð mitt flókið þá getur þú pantað að fá "hefðbundin" laun upp á t.d. 391.247 kr.<br>Sem dæmi: bílalán 1,5 m kr þýðir um 17.500 kr vexti á mánuði miðað við 14% vexti.<br>Bifreiðastyrkur t.d. 35 þús á mán<br>Ferðakostn 240 þús = 20 þús á mán<br>Aukaframlag í séreignasjóð, t.d. 20 þús á mán<br>Ef allt þetta yrði gert lækkuðu skattar þínir um 35 – 40 þús.<br><br>Sýnishorn: Laun 280.000<br>Allt að ofan 92.500<br>372.500<br>Skattasparn 37.500<br>410.000<br><br>Ég sé strax að ég hef farið of hátt. Ræðum betur saman.<br>TJ | 3 |
| 07-12-1999 | Linda Jóh til TJ<br>Subj: Kostn okt-nóv | Tölva TJ: Inbox | Enginn texti er í póstinum en í viðhengi er Excel-skjal sem heitir "kostnaður okt-nov.xls". Í því skjali vekur athygli að gjaldfærður kostnaður vegna stjórnarformanns á því tímabili undir liðnum "Styrkir" er kr. 532.125. | 4 |
| 21-02-2000 | "viðskiptam1999" | Heimasvæði Lindu á Server | *Excel-tafla um stöðu viðskiptamanna pr. 31.12. 1999.* | 5 |
| 29-02-2000 | TJ til Lindu Jóh<br>Subj: Auðbjörg | Tölva TJ: Inbox | Leggja þarf inn 1.500.000 kr lán til Auðbjargar vegna bílakaupa. Reikningurinn er 0301-26-447. ..... | 6 |
| 04-04-2000 | "aðalskrifstofa 2000.xls" | Heimasvæði Lindu á Server | *Excel-tafla sem sýnir m.a. kröfur pr. 04.04. 2000. Þar kemur fram nokkur lán til stjórnenda og hluthafa félagsins..* | 7 |
| 02-05-2000 | LJ til TJ<br>Subj: Lán til starfsm | Tölva TJ: Inbox | Tryggvi, viltu staðfesta að Einar eigi að fá lán fyrir bifreið. Hann þarf innlegg á morgun. Linda | 8 |
| 03-05-2000 | TJ til LJ<br>RE: Lán til starfsm | Tölva TJ: Inbox | Það er staðfest (1800000 minnir mig). TJ | |

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 04-08-2000 | "viðskiptamoglanadr.xls" | Heimasvæði Lindu á Server | *Excel-tafla um stöðu viðskiptamanna pr. 30.06. 2000.*<br>*Excel-tafla um stöðu lánadrottna pr. 30.06. 2000.*<br>*Excel-tafla um viðskiptakröfur pr. 31.12. 2001. Þar kemur fram að ýmsir af stærstu hluthöfum Baugs skulda félaginu verulegar fjárhæðir. Sjá sérstaka skýrslu lögg. endursk. RLS um lán til hluthafa og eigenda.* | 9 |
| 24-08-2000 | JÁJ til TJ<br>Subj.: Nokkur mál | Tölva TJ: Inbox | Fjallar um uppkast kaupréttarsamninga starfsmanna en síðan síðan fjallar hann um samskipti Gaums og Baugs og segir m.a.: *"Eins og við munum þá var ekki mikið á bak við þessa reikninga sem voru skrifaðir á Gaum frá Baugi síðast liðin áramót þannig að það væri gott ef við gætum klárað þetta svona."*<br>*Viðhengi: Wordskjöl: áætlun til þriggja ára um kauprétt starfsmanna á hlutafé í Baugi.* | 10 |
| 06-09-2000 | Jón Björnsson til TJ<br>Subj.: Lúx | Tölva TJ: Inbox | Hvað er að frétta af vini þínum í Lúx og mínum málum þar.<br>Kveðja, Jón Björnsson. | 11 |
| 06-09-2000 | TJ til JB<br>Subj.: RE: Lúx | Tölva TJ: Inbox | Ég skal tékka á því. Þetta áttu að vera um 11 millj. hvort árið (2000 og 2001). Ætlaðir þú að fá einhvern pening eða bara láta bréfin í vörslu í þínu nafni í Lux? TJ | |
| 06-09-2000 | JB til TJ<br>Subj.: RE: Lúx | Tölva TJ: Inbox | Sælir, jú þetta eru um 11 mkr en ég er búinn að fá 3 mkr í ár. Ég ætlaði ekki að fá meiri pening í ár en tel að ég muni innleysa um 2 mkr á næsta ári. Einnig spyr ég hvernig það myndi t.d. koma út að vera með kreditkort sem að bankinn myndi sjá um að greiða af mánaðarlega. Kveðja Jón Björnsson | |
| 06-09-2000 | TJ til JB<br>RE: RE: Lúx | Tölva TJ: Inbox | Það er ekkert mál að fá kreditkort. Kaupþing sér þá um að greiða úttektir og selur bréf á móti nema þú sért einnig með laust fé hjá þeim. Viltu að ég setji þetta í gang?<br>Ef ég skil þig rétt þá áttu rétt á 1.677.000 kr að nafnverði á genginu 6.64. Kaupverð þitt er þá 11.135 þús kr. Markaðsverð í dag er ca 21.3 millj kr miðað við gengið 12.70 (lokagengi í dag). Þetta er því um 10 millj kr hagnaður hjá þér. Ertu búinn að fá 3 millj af því? Ef svo er þá áttu eftir að fá 7 millj kr hagnað. Það geturðu fengið í hlutabréfum í Baugi (550 þús að nafnverði sem þú átt skuldlaust), í peningum inn á reikning hjá Kaupþing Lux eða sambland af þessu tvennu. Þú getur líka fengið hærra nafnverð (1.150 þús) og skuldað á móti því miðað við gengið 6.64. Ég vona að ég hafi skilið samning ykkar Jóns Ásgeirs rétt miðað við þessa útfærslu. Tryggvi. | |
| 06-09-2000 | JB til TJ<br>RE: RE: Lúx | Tölva TJ: Inbox | Sælir. Gott væri ef þú settir kortið í gang. Samningurinn er rétt skilinn, þó að í honum sé engin sérstök kvöð um að leysa bréfin út á þeim árum sem réttindin skapast. Ég tel þó rétt að gera það. Myndi vilja fá 7 millj í 500 að nafnvirði í Baugi og rest í pen inn á banka í Lux. Fékk 3 mkr frá Baugi í mars í pen. Kveðja Jón Björnsson | |
| 03-11-2000 | TJ til LJ<br>Subj: UX-970 | Tölva TJ: Inbox | Ganga þarf frá afsali og kaupsamningi við Jón Björnsson vegna jeppans. Hekla tók bíl hans uppí á 1.430.000 kr sem koma til lækkunar á greiðslu. Kaupverð var 2.700.000 kr og greiðist mismunur með skuldabréfi til 18 mánaða. 1.gjalddagi 5. janúar 2001. Vextir engir. TJ | 12 |



00158

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 09-01-2001 | LJ til JÁJ og TJ<br>Subj: greitt 8. janúar | Tölva TJ: Inbox | Sælir, hér kemur staðan á innheimtunni, en er ógreitt 182 mills en Jón Ásgeir, geturðu svarað hvenær eitthvað af þessu verður greitt? Og eitt í viðbót, er þóknun Íslandsbanka samkvæmt samningi ???? litlar 28,8 mills. Kv. Linda | 13 |
| 10-01-2001 | TJ til LJ<br>RE: greitt 8. janúar | Tölva TJ: Inbox | Það kemur mér á óvart að JÁJ og fjölskylda séu búin að greiða, því hann sendi mér póst í gær þar sem hann var að viðra ákveðnar hugmyndir. Fer betur yfir það með þér síðar. Hverjir eru stærstir í því sem eiga eftir að greiða? Margir smáir eða eru einhverjir stórir innan um? TJ | |
| 10-01-2001 | LJ til TH<br>RE: greitt 8. janúar | Tölva TJ: Inbox | Þú hefur greinilega ekki fengið excel skjalið, því þar kemur fram að aðalega á fjölskyldan og fjárfar eftir að greiða. Það þarf að draga 351 milljón frá samtals ógreitt, því það barst í Spron en samtals ógreitt er 182 mills. Ég þarf að fá að vita ca hvenær þessi greiðsla berst, því við förum í mínus strax á föstudaginn!! Kveðja Linda<br>*Með þessum póstum er excel-skjal í viðhengi þar sem skuldastaða kemur fram.* | |
| 24-01-2001 | JÁJ til KJ og TJ<br>Subj: With a little help from friends | Tölva TJ: Inbox | Sæll. Ljóst að við verðum að fá hjálp frá Gaumi til að koma uppgjöri í rétt horf.<br>45 milljóna reikningur verður sendir á Gaum<br>- 10 milljónir ferða kostnaður<br>- 25 milljónir tölvuþjónusta<br>- 10 milljónir annar óskilgreindur kostnaður<br>Gaumur færir þetta á eignalykil 25 mills rest gjaldfært.<br>Gaumur greiðir þetta þegar Baugur kaupir bréf af Gaumi í Arcadia einnig gerir þá Gaumur upp viðskiptareikning skuldabréf hjá Bónus og önnur smá mál.<br>Baugur<br>Þarf að klára<br>Viðurkenningu á yfirtöku á 50 mills í Gildingu ásamt yfirtöku á þjónustulóð, þá þarf Baugur að taka 41 milljón skuldabréf af Eignarhaldsfélaginu ISP vegna kaupa á hlut F í aukningu þetta á að vera leikur einn að selja. Gaumur greiðir 22 fyrir helgi sem sinn hluta á í F þannig eiga öll mál að vera klár varðandi hlutafjáraukningu.<br>Ég veit að þetta kann að fara í pirrurnar á sumum en ég tel nauðsynlegt að verja þá hagsmuni að afkoma Baugs sé í lagi sérstaklega eftir síðasta útboð einnig þarf trú markaðarins að vera góð þegar við förum í Arcadia málið. Annars allt gott. Jón Ásgeir | 14 |

## Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 07-03-2001 | "uppgjör 2000\ýmsir lyklar2000.xls" | Heimasvæði Lindu á server | *Hér eru nokkar Excel-töflur:*<br>- *Ein heitir "Tengdir aðilar"*<br>- *Ein varðar stöðu Jóns Geralds*<br>- *Ein varðar stöðu Hreins Loftssonar*<br>- *Ein varðar stöðu Tryggva Jónssonar*<br>- *Ein varðar Gaum*<br>- *Ein varðar Jón Ásgeir Jóhannesson*<br>- *Ein varðar lán til framkvæmdastjóra*<br>- *Ein varðar nokkrar ókunnar færslur*<br>- *Ein varðar biðreikning 73112 ofl* | 15 |
| 25-06-2001 | "hlutafj.aukning 130101.xls" | Heimasvæði Lindu á server | *Hér eru nokkrar samantektir á Excel-skjölum sem varða greiðslur vegna hlutafjáraukningar í Baugi að nv kr. 100.000.000 á genginu 11,6 eða samtals 1.160.000.000 og það sem ógreitt er mv. 08.02. 2001.*<br>*Skv. afstemmingu á ógreiddu hlutafé hafa eftirtaldir ekki greitt þennan dag:*<br>*Fjárfar kr. 85.758.591*<br>*Gaumur kr. 340.529.987*<br>*Gilding greiðir hlutafjáraukningu v/Gaumur ? kr. - 290.000.000*<br>*Jóhannes kr. 17.039.530*<br>*Jón Ásgeir kr. 17.039.530*<br>*Kristín kr. 3.786.727* | 16 |
| 14-08-2001 | LJ til TJ<br>Subj: lán til starfsmanna | Tölva TJ: Inbox | Sæll TJ sendi hér lista yfir þá sem eru með lán frá Baugi, má ég útbúa víxla á þetta allt? P.s. lánið mitt er í Dúk og réttast að færa það yfir líka, er það ekki? Kv Linda<br>*Með póstinum er excel-skal í viðhengi lán til framkv.2002.xls. Þar kemur skuldastaða á bókunarlyklinum 67910: "lán til framkvæmdastjóra" Samtals er skuldastaðan kr. 27.916.798,00 á þeim lykli þennan dag.* | 17 |



00160

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14-08-2001 | LJ til TJ og JÁJ<br>Subj: athugasemdir v/uppgjörs | Tölva TJ: Inbox | Hér kemur listi með athugasemdum eða spurningum varðandi uppgjörið, það væri gott að hitta ykkur og klára þessi mál. Sendi einnig afstemmingu við Gaum og lista yfir lán til starfsmanna. Kveðja Linda<br>Með þessum pósti voru þrjú excel-skjöl í viðhengi: athugasemdir 2001.xls / viðskiptamenn tengdir.xls / lán til framkv 2001.xls<br>Í athugasemdunum gerir Linda m.a. athugasemd við viðskiptastöðu HL að fjárhæð 2 milljónir<br>Í öðru skjalinu kemur fram að viðskiptaskuld Gaums við Baug er samtals kr. 264.429.882,00.<br>Í þriðja skjalinu kemur fram að viðskiptaskuld JÁJ er kr. 25.067.180,01 - viðskiptaskuld KJ vegna ógr. hlutafjáraukningar er kr. 3.786.727,00 - og viðskiptaskuld JJ v. ógr. hlufj.aukn. er kr. 17.039.530,00. | 18 |
| 23-08-2001 | TJ til LJ<br>Subj: Steinþór | Tölva TJ: Inbox | Þrjú mál sem ég gekk frá við Steinþór: ....<br>3. Hann skuldar okkur bílalánið. Gera þarf skuldabréf með 18 gjalddögum. Fyrsti gjalddagi er 5. nóvember n.k. Vextir reiknast frá 1. október n.k. Taka þarf veð í bílnum. Selja síðan bréfið í banka (hann borgar allan kostnað). Væntanlega þarf að vera ábyrgð okkar á bréfinu til að geta selt það. Kveðja Tryggvi | 19 |
| 03-10-2001 | JW til JÁJ og TJ<br>Subj: Viðskiptakröfur | Tölva TJ: Inbox | Ég er að fara yfir viðskiptakröfur sem við höfum hér hjá Baugi. Útistandandi í dag á félög og aðila sem tengjast þér er eftirfarandi:<br>Gaumur 224.893.742<br>JÁJ 56.423.893<br>JJ 16.144.309<br>KJ 3.388.833<br>SAMTALS 300.850.777<br>Inn í stöðu Gaums er lánið hjá Straum 100.000.000 sem búið er að framlengja til 15/10/01. Er einhver von á því að hægt sé að grynka á þessu?<br>Auk þess er útistandandi á Fjárfar um 219 milljónir kr. Inn í því er kaup á hlutafé í Baugi og Baugi.net samtals um 115 milljónir kr., hlutafjáraukning í Baugi um 86 milljónir kr. og vextir á skuldina um 18 milljónir kr. Getur þú sagt mér hvað er hér í gangi? Ég er með í höndunum skuldabréf sem við gefum út upp á 115 milljónir kr. En það er ekki búið að skrifa undir það. Hver er staðan?<br>Ég er einnig með útgefið skuldabréf en ekki undirritað upp á 54 milljónir kr. á eignarhaldsfélagið ISP hf. Við erum eki með skráða kröfu í bókhaldinu á Ehf. ISP en mér skilst að þetta séu hlutabréfakaup í Baugi. Get ég farið á eftir þessu?<br>Kveðja,<br>Jóhanna Waagfjörð fjármálastjóri Baugur hf | 20 |



00161

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 04-10-2001 | JÁJ til JW og TJ<br>RE: Viðskiptakröfur | Tölva TJ: Inbox | Þessar 100 fara út TJ er með planið hvernig þetta greiðist en það er aðallega með skipti á eignum. Þannig ekki koma til peningar vegna þessa.<br>Ég hef samið við eigendur Fjárfars um að við tökum til baka 60 milljónir vegna kaupa á Baugi net. Rest sett á skuldabréf.<br>Isp sú tala er inni í tölunni varðandi Fjárfar.<br>Ég legg til að ég klári þessa hluti í samráði við TJ.<br>Kv Jón Ásgeir | 20 |
| 03-10-2001 | TJ til JÁJ<br>RE: Viðskiptakröfur | Tölva TJ: Inbox | ..Við þurfum að byrja að grynnka á stabbanum til að Jóhanna haldi geðheilsu.<br>1. Fjárfar skuldar 219 millj. Kaupin á Baugi.net verða bakfærð, síðan er meiningin að gefa út skuldabréf fyrir rest. Er ástæða til að Fjárfar sé hluthafi í TM? Eigum við að láta Baug taka þau bréf yfir upp í skuld, eða eru bréfin enn í fjármögnun hjá bankanum?<br>2. Gilding er að fara að sofna. Við töluðum um fyrir margt löngu að láta þau ganga upp í skuld Gaums á genginu 1,0. best væri að klára það sem fyrst. Hvaða gögn/upplýsingar geturðu látið mig fá til að hægt sé að ganga frá samningum? Eru þau bréf uppgreidd, eða eru þau í fjármögnun einhvers staðar? Er Kristín með málið?<br>...<br>5. Nauðsynlegt er að þú og Jóhannes farið yfor viðskiptakröfur ykkar. Ég er nokkuð viss um að þar eru hlutir sem eiga að lenda á fyrirtækinu. Getur Kristín greitt sína skuld (sem er væntanlega vegna hlutabréfakaupa) með skuldabréfi til að koma henni út úr bókunum.<br>..kveðja Tryggvi | |
| 26-11-2001 | TJ til Stefán Hilm -<br>cc til JÁJ, JW og Írisar<br>Subj: Gaumur ehf. | Tölva TJ: Inbox | Sæll Stefán<br>Út af skuld Gaums við Baug, sem þú varst að spyrjast fyrir um, þá er staðan þannig að þeir skulda okkur um 244 millj kr einkum vegna hlutabréfakaupa (ca 60%) og síðan vegna láns frá Straumi, sem fór í gegnum Baug. Verið er að finna að frágangi á viðskiptareikningnum og skv. Jóni Ásgeiri er stutt í að lánið frá Straumi verði gert upp, væntanlega innan 1-2 vikna, og skuldin verði að mestu uppgerð fyrir árslok.<br>Kveðja Tryggvi | 21 |

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 26-11-2001 | TJ til Stefán Hilm - cc til JÁJ, JW og Írisar<br>Subj: Fjárfar hf | Tölva TJ: Inbox | Sæll Stefán<br>Á síðasta fundi okkar ræddir þú um að Fjárfar skuldaði Baugi 219 millj kr og vildir fá að heyra hvernig þeir hygðust gera upp sínar skuldir.<br>Skuldin er til komin einkum af tvennum ástæðum. Annars vegar er um að ræða kaup félagsins á bréfum í Baugi hf. Og hins vegar kaup á hlutabréfum í Baugi.net ehf. af Baugi. Á næstunni mun Fjárfar ger upp við Baug þannig að kaupin á bréfunum í Baugi.net verða látin ganga til baka, sem er ca 65 millj. kr. og hins vegar munu þeir gefa út skuldabréf til 5 ára með jöfnum árlegum afborgunum fyrir eftirstöðvunum. ....<br>Kveðja Tryggvi | 22 |
| 03-12-2001 | JW til TJ<br>Subj: RE. Arðgreiðsla frá Baugi | Tölva TJ: Inbox | Í fjórum tölvupóstum á milli Jóhönnu Waagfjörð, fjármálastjóra, Tryggva Jónssonar, aðstoðarforstjóra og Kristínar Jóhannesdóttur, stjórnarmanns og hluthafa er fjallað um ráðstöfun arðgreiðslu Kristínar og foredra hennar, Jóhannesar og Ásu K. Ásgeirsdóttur. Kristín hefur verið að spyrja TJ hvers vegna hún fái ekki arðgreiðslu sína 05.07. 2001 greidda út en fær þau svör að arðgreiðslunni hafi verið ráðstafað á móti skuld á viðskiptareikningi hennar hjá Baugi. TJ tekur fram að skuld hennar á viðskiptareikningnum hafi myndast við hlutafjáraukningu sem er ógreidd. | 23 |
| 06-02-2002 | JW til TJ<br>Subj: Lán til starfsm | Tölva TJ: Inbox | Hér meðfylgjandi er listi yfir skuldir starfsmanna um áramót. Ég þarf að ganga frá þessu þennig að við séum í lagi gagnvart endurskoðun og auðvitað skattayfirvöldum. Eru þetta vaxtalaus lán sem við veitum þessum starfsmönnum og þá til hvaða tíma eða er eitthvað annað samkomulag?? | 23<br>4 |
| 06-02-2002 | TJ til JW<br>RE: Lán til starfsm | Tölva TJ: Inbox | Fjárhæðin "selt hlutabréf til starfsmanna" 1.650.000 kr er í raun jólagjöf til starfsmanna frá því 1999 (ef.ég man rétt) og á að gjaldfærast (fyrir löngu). Legg til að þú afskrifir helming nú (sem jólagjöf, sem er ófrádráttarbær liður). Seinni helmingur gjaldfærist á árinu 2002. | 24 |
| 06-02-2002 | TJ til JW<br>RE: Lán til starfsm | Tölva TJ: Inbox | Lán til Finns frá 1999, vegna hlutabréfakaupa, er ég ekki klár á, þ.e. hvort hann átti að endurgreiða þetta eða hvort hann fékk þetta sem bónus. Hefur hann einhvern tíma greitt af þessu? Ef ekki þá skaltu ræða við Finn og spyrja hann hvernig þetta sé tilkomið. Ef ekki á að rukka er best að gjaldfæra þetta sem ófrádráttarbæran lið. | |



00163

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 13-04-2002 | TJ til JÁJ<br>Subj: Lán til hluthafa og stjórnenda | Tölva TJ: Inbox | Sæll Jón.<br>Við ræddum um það á fundi fyrir skömmu hvort lán til Gaums væru í samræmi við lög eða ekki. Svona lítur þetta út:<br>Í 104. gr. Hlutafélagalaganna segir:<br>"Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélagi þess lán né setja tryggingu fyrir þá."<br>Þá kemur einnig fram í sömu grein að:<br>"Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag."<br>Loks er búið að setja inn nýtt ákvæði í skattalög þar sem fram kemur að lán félags til hluthafa þess eða framkvæmdastjóra sbr. 104. gr. hlutafélagalaga, beri að skattleggja sem gjafir hjá þeim.<br>Nauðsynlegt er því að við finnum nýjan flöt á stöðu á viðskiptareikningum, því auk þessa þá ber einnig að geta í ársreikningi fjárhæð lána til stjórnar og stjórnenda.<br>Heyri frá þér. Kveðja Tryggvi | 25 |
| 13-04-2002 | JÁJ til TJ<br>RE: Lán til hluthafa og stjórnenda | Tölva TJ: Inbox | Tryggvi eins og ég hef margoft sagt þér mun yfirtakan á eignarhluta Gaums í Smáralind verða til þess að þessir reikningar verða á 0 punkti. Hef beðið Kaupþing að gera verðmat á þessum hlut. Er á bilinu 300-400 milljónir.<br>Lít á þennan póst sem létta hótun<br>kv jaj | |
| 13-04-2002 | TJ til JÁJ<br>RE: Lán til hluthafa og stjórnenda | Tölva TJ: Inbox | Jón.<br>Þú mátt líta á hvað sem þú vilt sem létta hótun. Í þessum pósti fólst þó ekkert annað en svar við því sem þú spurðir um á fundi okar inni í stóra fundarherbergi fyrir nokkru. Þar vorum við að ræða þessa skuld og þú sagðir að þér kæmi það á óvart ef hún væri brot á lögum. Ákváðum við að ég mundi finna hvar þetta stæði í hlutafélagalögunum. Er það síðan orðin létt hótun?<br>Í póstinum var ég að segja að við (ekki þú) þyrftum að finna leiðir. Smáralindarpakkinn er stjórnarmál og mun því taka einhvern tíma. Þess vegna vildi ég fara aðra leið þegar þú fékkst 15 kallinn. Vantar enn gögn til að klára það. Sú leið er fær, díllinn síðan látinn ganga til baka og allir happí.<br>...... | 25 |
| 13-04-2002 | JÁJ til TJ<br>RE: Lán til hluthafa og stjórnenda | Tölva TJ: Inbox | sammála fór aðeins og geyst eins og gerist oft á e-mail<br>sorry<br>jaj | |



00164

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 13-04-2002 | TJ til JÁJ<br>RE: Lán til hluthafa og stjórnenda | Tölva TJ: Inbox | Gerðist síðast hjá Össuri, eins og frægt er orðið. Ekkert mál, við klárum þetta eins og annað. Í gvus friði og mínum líka. Tryggvi | |
| 22-04-2002 | TJ til JW<br>Subj: Lán til starfsm | Tölva TJ: Inbox | Tryggvi er hér að svara pósti sem JW sendi á TJ þann 06.02. 2002 varðandi lán til starfsmanna og vitnar í þann póst fyrst:<br>Sæl vorum við ekki búin að afgreiða þennan póst frá þér, þ.e. varðandi skuldir starfsmanna? Tryggvi | 26 |
| 22-04-2002 | JW til TJ<br>Subj: RE: Lán til starfsm | Tölva TJ: Inbox | *Þessum pósti fylgdi viðhengi: listi á excel-skali yfir skuldir lán til starfsmanna pr. 31.12.01.*<br>Ég er nú búin að hafa samband við alla sem við koma málið. Flestir hafa fengið þetta tengt bílakaupum og hafa í raun ekki hugmynd um hvernig þetta á að meðhöndlast. Sumir jafnvel halda því fram að þeir eigi aldrei að greiða þetta. Þegar hugmyndin var upphaflega sett saman hvernig hafðir þú hugsað þér að við meðhöndluðum þetta? Ef við setjum upp vaxtalaus lán þá kemur hlunnindaskattur inn í málið ...<br>Sumir aftur á móti hafa fengið þetta sem lán t.d. Auðbjörg og Jón Scheving og vilja þau byrja að greiða þeta upp á einhverjum föstum mánaðargreiðslum. ....<br>Jón Börnss. segir að lánið hans frá 5/5/2000 sé vegna uppgjörs á option frá 1999 veist þú það? Ef svo er er þá þetta ekki launatengt og þarf að gjaldfærast og hann að greiða skatt af þessu? Hann vísar á JÁJ vegna þessa og ég reyni að fá eitthvað frá honum.<br>.....<br>KPMG hefur farð fram á yfirlit yfir þessar færslur og hverju þær tengjast þannig að ég er að reyna að ná þessu saman. Ég afhendi þó ekkert til þeirra án þess að tala við þig.<br>Kveðja Jóhanna W. | 26 |
| 24-04-2002 | TJ til JW<br>RE: Lán til starsm | Tölva TJ: Inbox | Sæl.<br>Bílalánin eru alveg klár. Við vildum á sínum tíma ekki kaupa bíla handa starfsfólki .... þess í stað fórum við aðra leið sem er að lána þeim vaxtalaust og þau fá síðan bílastyrki.<br>Strax í upphafi var rætt um að setja þetta á skuldabréf, með veði í viðkomandi bíl. Bréfið átti að vera til 3 ára, en ef viðkomandi var áfram í vinnu var gert ráð fyrir að lánið héldist áfram eða jafnvel hækkaði. Ef þau hættu hjá fyrirtækinu eða seldu bílinn átti að greiða lánið upp. Það reyndist síðan mikil vinna í kringum veðsetninguna þannig að við fórum ekki í það, þó okkur sé það fullkomlega heimilt. Linda sá um útfærsluna og líklega hefur hún sett flest lánin á viðskiptareikning en ekki skuldabréf. Það síðara væri betra. Síðan gætum við selt bréfin og gjaldfært afföllin hjá okkur. Þá er það ekki lengur fært sem lán hjá okkur.<br>Kveðja Tryggvi | |



00165

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 22-04-2002 | JW til Auðbjörg<br>Subj: Lán frá Baugi | Tölva TJ: Inbox | Blessuð Auðbjörg.<br>Samvæmt bókhaldi þá skuldar þú Baugi frá 1/3/2000 1.500.000 kr. Samkvæmt skattalögum og lögum um hlutafélög þá er ekki leyfilegt að hafa skuld á stjórnendur fyrirtækja svona í bókhaldi og það án vaxtakostnaðar eða annarra gjalda. Við þurfum að hreinsa þetta upp og útbúa löglega pappíra varðandi þetta lán. Hafðu samband við mig hið fyrsta því þetta þarf allt að vera hreinsað upp fyrir 14 mánaða uppgjör okkar.<br>Kveðja<br>Jóhanna Waagfjörð fjármálastjóri | 27 |
| 22-04-2002 | Auðbjörg til JW<br>RE: Lán frá Baugi | Tölva TJ: Inbox | Sæl Jóhanna.<br>Við skulum endilega útbúa skuldabréf á þetta lán. Aðstæður mínar hafa örlítið breyst frá því að við töluðum saman þar sem ég er að kaupa stærri íbúð. Því samdi ég við TJ um að skuldabréfið yrði vaxtalaust í e-n tíma. Ég samdi við hann um breytingu launa í samræmi við þá niðurstöðu, sem og því að ég þarf að greiða hlunnindaskatt sem nemur 10% ofan á verðtryggaðn höfuðstól.<br>Það er mér mjög í mun að ganga frá þessu máli þannig að vel sé.<br>*Leggur síðan fram beiðni um að útbúið verði skuldabréf til 3ja ára með 5% vöxtum, sem eru sömu kjör og starfsmenn fá á lánum til hlutabréfakaupa.* | |
| 01-05-2002 | TJ til Auðbjargar og JW<br>RE: Lán frá Baugi | Tölva TJ: Inbox | Þeir lykilmann, sem fengið hafa bílalán, eiga ekki að greiða neina vexti af því láni. Eins og ég hef nefnt í öðrum pósti þarf að útbúa skuldabréf, með einni afborgun eftir 3 ár frá því lán var veitt (nema starfsfólk kjósi annað). Skuldabréfið ber ekki vexti. Þessi bréf þarf síðan að selja til lánastofnunar, með ábyrgð Baugs, og gjaldfæra afföllin í bókum Baugs, annað hvort í einu lagi (sem er hreinlegast) eða dreifa yfir á líftíma bréfanna. Þannig eru bréfin farin úr bókum okkar. Ef einhverjar spurningar eru varpið þeim þá fyrir róða eða yfir til mín.<br>Kveðja Tryggvi | |

00166

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01-05-2002 | Auðbjörg til TJ<br>RE: Lán frá Baugi | Tölva TJ: Inbox | Blessaður Tryggvi. Gott að greiða úr misskilningi. Ef það hefur ekki verið ljóst þá er sú tillaga sem ég setti fram í mínu bréfi til Jóhönnu einungis fyrir mitt lán, ekki meðferð annarra lána til annarra starfsmanna, enda ekki mitt að álykta í þeim efnum. Neðangreind tillaga hentar mér að sjálfsögðu mun betur og þigg ég það með þökkum.<br>....<br>Ég fór yfir þær reglur, með Jóhönnu, sem við Linda sömdum í sameiningu í samráði við þig í fyrra um lánveitingar til lykilmanna.<br>.....<br>Þá er eitt sem mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram í þessari umræðu og ég hef nefnt við Jóhönnu, það er að eitt er að lána til framkvæmdastjórnar Baugs (sem eruð þið sex), heldur en að lána til þeirra sem neðar eru í skipuritinu þú um sé að ræða yfir- og/eða millistjórnendur. Ég er ekki viss um að KPMG átti sig á því að hvort sem um mig er að ræða eða framkvæmdastjóra "deildar", þá höfum við ekki þau áhrif að líklegt sé að hlutafélagalögin nái yfir lánveitingar til okkar.<br>....<br>Bestu kveðjur, Auðbjörg | 27 |
| 06-05-2002 | "uppgjör 2001 12 mán"\ymsir lyklar.xls" | Heimasvæði Lindu á server | *Hér eru þrjár Excel-töflur:*<br>- *Ein varðar bókhaldslykil 39292.*<br>- *Ein varðar lykil 67910 "Lán til framkvæmdastjóra". Þar eru lán til framkvæmdastjóra sundurliðuð frá 10.08. 1999 til 20.11. 2001 en í heild hefur þeim verið lánað kr. 34.041.798.*<br>- *Ein varðar lykil 73112 "Biðreikningur" þar sem nokkrum færslum á biðreikningi er stillt upp.* | 28 |
| 12-05-2002 | JW til JÁJ og TJ<br>Subj: Book2.xls | Tölva TJ: Inbox | Nú þegar við eigum eftir að gera upp við Kaupþing þá er mikilvægt að taka inn skuldina sem þeir eiga hjá okkur um 191 millj án vaxta. Stærsta upphæðin er frá 1999 vegna hlutabréfakaupa þeirra í Baugi. Ég veit að við munum fá skuldina okkar hjá þeim vaxtareiknaða en % er eitthvað sem hægt er að semja um.<br>Ég vil endilega koma þessu út úr bókum okkar sem fyrst.<br>Kv JW<br>*Með póstinum er Excel-skjal í viðhengi viðskiptareikningur Kaupþings hjá Baugi en staða hans er kr. 191.066.853,oo þann þennan dag. Þar sést m.a. að þann 30.06. 1999 lánar Baugur Kaupþingi kr. 330.764.000,oo vegna hlutabréfakaupa Kaupþings í Baugi. Þann 07.07. 1999 greiðir síðan Kaupþing kr. 165.382.000,oo.* | 29 |

# Samantekt um innihald tölvupósts sem varðar lán til hluthafa, eigenda og starfsmanna Baugs Group hf.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 09-08-2002 | TJ til JW<br>RE: Vaxtareiknað viðsk.kröfur | Tölva TJ: Inbox | Þessi tölvupóstsamskipti byrja á því að TJ er að svara eftirfarandi pósti frá JW frá 22. apríl 2002:<br>*Hér eru vaxtareiknaðir viðskiptamenn sem tengjast JÁJ. Ég er einnig búin að reikna vexti vegna Kaupþings hvað er í gangi þarna?? Þeir eru alltaf að skuldajafna við okkur en skulda svo okkur allt þetta,,, eða hvað! Ég er ekki búin að bóka þetta en ég er búin að senda JÁJ þetta og vænti áthugasemda frá honum og þér.*<br>*Kveðja, Jóhanna W*<br><br>Ég var að skoða sundurliðun frá KPMG vegna Gaums og tengdra aðila. Mér sýnist það vera nálægt hálfum milljarði (ekki 250 millj eins og við höfum verið að skoða). Ég mun senda KPMG fyrirspurn út af þessu og læt þig fylgjast með.<br>Eitt af því sem þú þarft að fríska minni mitt með. Á yfirlitinu sem þú sendir mér 22. apríl (sbr. póstinn að neðan) kom fram að Gaumur hafi greitt upp í skuld sína með Gildingarbréfum. Ég minnist þess ekki að hafa séð Gildingarbréf í okkar bókum. Geturðu kannað þetta fyrir mig?<br>Á þessu stigi skulum við hafa þetta í trúnaði á milli okkar.<br>Kveðja Tryggvi | 30 |
| 09-08-2002 | JW til TJ<br>RE: Vaxtareiknað viðsk.kröfur | Tölva TJ: Inbox | Ég sé ekki alveg hvað er að gerast ég þarf að tala við Lindu en eins og þetta lítur út fyir mér þá greiddi Gilding v/hlutafjáraukninga 29/12 2000 kr. 290.000.000 inn á reikning hjá okkur. Samkv. bókun sem var gerð 13/2 2001 þá átti Gilding að greiða inn á reikning okkar aftur kr. 290.000.000 í viðbót sem greiðsla fyrir Gaum (þ.e. Gaumur er að kaupa í hlutafjárútboðinu og Gilding átti að greiða fyrir það???) Ég þarf svo að athuga hvort það gerðist að þessi greiðsla kom inn 13/2. Ég læti þig vita þegar ég veit meira.<br>Kv jw | |
| 10-08-2002 | TJ til JW<br>RE: Vaxtareiknað viðsk.kröfur | Tölva TJ: Inbox | Það þarf líka að kanna á hvern hlutabréfin voru skrifuð. Ef þau hafa ekki verið greidd, og voru skrifuð á Gildingu, þurfum við að kanna rétt okkar til að afturkalla hlutaféð.<br>Kveðja Tryggvi | |
| 15-08-2002 | JW til TJ<br>RE: Vaxtareiknað viðsk.kröfur | Tölva TJ: Inbox | Skv. Lindu þá var Gilding að greiða fyrir Gaum þessar 290.000.000 en ekki að kaupa sjálfir í Baugi. Leiðréttingin var ekki gerð fyrr en 13/2 þegar ógr hlutafé var gert upp og fært á viðskiptaskuld. Þannig að þessi greiðsla átti að lækka skuld Gaums vegna hlutafjárkaupa. Skuld Gaums við okkur er því um 245 millj kr skv bókhaldi. Inni í þeirri skuld er lánið sem tekið var hjá Straumi 100 millj kr sem við höfum ekki framlengt síðan í febrúar og Þórður hefur ekki en haft samband við mig út af. Ég er búin að vera að reyna að klára þetta hjá þeim en án árangurs en ég held því samt áfram.<br>Kv JW | |

00163

**Unknown** TJ\INBOX

(14)

**From:** Jón Ásgeir Jóhannesson [jon.asgeir@baugur.is]
**Sent:** 24. janúar 2001 06:18
**To:** kristin@gaumur.is; tryggvi Jónsson
**Subject:** With a litle help from friends

Sæll
Ljóst að við verðum að fá hjálp frá Gaumi til að koma uppgjöri í rétt horf.

45 milljóna reiknigur verður sendur á Gaum

-10 milljónir ferða kostnaður
-25 milljónir tölvuþjónusta
-10 milljónir annar óskilgreindur kostnaður

Gaumur færir þetta á eignarlykil 25 mills rest gjaldfært

Gaumur griðir þetta þegar Baugur kaupir bréf af Gaumi í Arcadia einnig gerir þá Gaumur upp viðskiptareikning skuldabre´f hjá Bónus og önnur smá mál.

Baugur
Þarf að klára
Viðkenningu á yfirtöku á 50 mills í Gildingu ásamt yfirtöku á þjónustulóð, Þá þarf Baugur að taka 41 milljón skuldabréf af Eignarhaldsfe´laginu ISP vegna kaupa á hlut F í aukningu þetta á vera leikur einn að selja. Gaumur greiðir 22 fyrir helgi sem sinn hluta á í F þannig eiga öll mál að vera klár varðandi hlutafjáraukningu.

Ég veit að þetta kann að fara í pirrunar á sumum en ég tel nauðsynlegt að verja þá hagsmuni að afkoma Baugs sé í lagi sérstaklega eftir síðasta útboð einnig þarf trú markaðarins að vera góð þegar við förum í Arcadia málið .

Annars allt gott.

Jón Ásgeir (endurskoðandi)



00204

20

## Unknown

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 3. nóvember 2001 11:34
**To:** 'Jón Ásgeir Jóhannesson'
**Subject:** RE: Viðskiptakröfur

Sæll.

Við þurfum að fara að byrja að grynnka á stabbanum til að Jóhanna haldi geðheilsu.

1. Fjárfar skuldar 219 millj. Kaupin á Baugi.net verða bakfærð, síðan er meiningin að gefa út skuldabréf fyrir rest. Er ástæða til að Fjárfar sé hluthafi í TM? Eigum við að láta Baug taka þau bréf yfir upp í skuld, eða eru bréfin enn í fjármögnun hjá bankanum?

2. Gilding er að fara að sofna. Við töluðum um fyrir margt löngu að láta þau ganga upp í skuld Gaums á genginu 1,0. Best væri að klára það sem fyrst. Hvaða gögn/upplýsingar geturðu látið mig fá til að hægt sé að ganga frá samningum? Eru þau bréf uppgreidd, eða eru þau í fjármögnun einhvers staðar? Er Kristín með málið?

3. Þú talaðir einnig um að láta þjónustureikninga vegna fyrri ára ganga að hluta til baka. Við þurfum að fara yfir þessa reikninga og ákveða nýjar fjárhæðir. Er Kristín með þá?

4. Ísak: Baugur greiddi um 60 mills á sínum tíma. Síðan kom skammturinn um daginn (svipuð fjárhæð) og er þá lokaskammturinn eftir. Ef við tökum allt á Baug fer það inn í stöðuna hjá Íslandsbanka. Þurfum því að hafa aðra hluthafa og að Baugur láni inn í Ísak (eigi 1/3). Ganga þarf frá pappírsvinnu í kringum þetta. Er þetta í höndum Kristínar?

5. Nauðsynlegt er að þú og Jóhannes farið yfir viðskiptakröfur ykkar. Ég er nokkuð viss um að þar eru hlutir sem eiga að lenda á fyrirtækinu. Getur Kristín greitt sína skuld (sem er væntanlega vegna hlutabréfakaupa) með skuldabréfi til að koma henni út úr bókunum?

Látum þetta duga sem fyrsta áfanga.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jón Ásgeir Jóhannesson [mailto:jon.asgeir@baugur.is]
Sent: 4. október 2001 11:01
To: Jóhanna Waagfjörð
Cc: tryggvi Jónsson
Subject: RE: Viðskiptakröfur

Þessar 100 fara út TJ er með planið hvernig þetta greiðist en það er aðallega með skipti á eignum. Þannig ekki koma til peningar vegna þessa.

Ég hef samið við eigendur Fjárfars um að við tökum til baka 60 milljónir vegna kaupa á Baugi net. Rest sett á skuldabréf.

Isp sú tala er inn í tölunni varðandi Fjárfar.

Ég legg til að ég kl ári þessa hluti í samráði við TJ.

Kv
Jón Ásgeir

-----Original Message-----
From: Jóhanna Waagfjörð [mailto:johannaw@baugur.is]
Sent: 3. október 2001 11:09
To: Jón Ásgeir Jóhannesson



00230

Cc: Tryggvi Jónsson
Subject: Viðskiptakröfur

Ég er að fara yfir viðskiptakröfur sem við höfum hér hjá Baugi. Útistandand í dag á félög og aðila sem tengjast þér eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Gaumur | 224.893.742 |
| Jón Ásgeir Jóhannesson | 56.423.893 |
| Jóhannes Jónsson | 16.144.309 |
| Kristín Jóhannesdóttir | 3.388.833 |
| | ----------- |
| SAMTALS | 300.850.777 |

Inn í stöðu Gaums er lánið hjá Straum 100.000.000 sem búið er að framlengja til 15/10/01. Er einhver von á því að hægt sé að grynka á þessu?

Auk þess er útistandandi á Fjárfar um 219 milljónir kr. Inn í því eru kaup á hlutafé í Baugi og Baugi.net samtals um 115 milljónir kr., hlutafjáraukning í Baugi um 86 milljónir kr. og vextir á skuldina um 18 milljónir kr. Getur þú sagt mér hvað er hér í gangi? Ég er með í höndunum skuldabréf sem við gefum út upp á 115 milljónir kr. en það er ekki búið að skrifa undir það. Hver er staðan?

Ég er einnig með útgefið skuldabréf en ekki undirritað upp á 54 milljónir kr. á eignarhaldsfélagið ISP hf. Við erum ekki með skráða kröfu í bókhaldinu á Ehf. ISP en mér skilst að þetta séu hlutabréfakaup í Baugi. Get ég farið á eftir þessu?

Kveðja,

Jóhanna Waagfjörd
Fjármálastjóri, CFO
Baugur hf
Sími 530 5503

**Unknown** TJ\INBOX\BAUGUR\STOÐDEILDIR\FJÁRMÁLASVIÐ\EFNAHAGSLEIÐIR

21

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 26. nóvember 2001 00:27
**To:** Stefán Hilmarsson (E-mail)
**Cc:** Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail); 'johannaw@baugur.is'
**Subject:** Gaumur ehf.

Sæll Stefán.

Út af skuld Gaums við Baug, sem þú varst að spyrjast fyrir um, þá er staðan þannig að þeir skulda okkur um 244 millj. kr., einkum vegna hlutabréfakaupa (ca. 60%) og síðan vegna láns frá Straumi, sem fór í gegnum Baug. Verið er að vinna að frágangi á viðskiptareikningnum og skv. Jóni Ásgeiri er stutt í að lánið frá Straumi verði gert upp, væntanlega innan 1-2 vikna, og að skuldin verði að mestu uppgerð fyrir árslok.

Kveðja

Tryggvi



00232

22

**Unknown** TJ\INBOX\BAUGUR\STOÐDEILDIR\FJÁRMÁLASVIÐ\EFNAHAGSLIÐIR

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 26. nóvember 2001 00:26
**To:** Stefán Hilmarsson (E-mail)
**Cc:** 'johannaw@baugur.is'; Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail); 'iris@baugur.is'
**Subject:** Fjárfar hf.

Sæll Stefán.

Á síðasta fundi okkar ræddir þú um að Fjárfar skuldaði Baugi 219 millj. kr. og vildir fá að heyra hvernig þeir hyggðust gera upp sínar skuldir.

Skuldin er til komin einkum af tvennum ástæðum. Annars vegar er um að ræða kaup félagsins á bréfum í Baugi hf. og hins vegar kaup á hlutabréfum í Baugi.net ehf. af Baugi. Á næstunni mun Fjárfar gera upp við Baug þannig að kaupin á bréfum í Baugi.net verða látin ganga til baka, sem er ca. 65 millj. kr., og hins vegar munu þeir gefa út skuldabréf til 5 ára með jöfunum árlegum afborgunum fyrir eftirstöðvunum. Fjármálasviðið mun annast frágang á þessum málum og bið ég þau hér með að láta þig vita þegar þetta er frágengið.

Kveðja

Tryggvi



00233

**Unknown** TJ\INBOX\BAUGUR\HLUTHAFAMÁL\HLUTHAFARKAUMUR.

23

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]

**Sent:** 3. desember 2001 14:14

**To:** Kristín Jóhannesdóttir (E-mail); Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail)

**Cc:** 'johannaw@baugur.is'

**Subject:** FW: Arðgreiðsla frá Baugi

Sæl Kristín. Hérna eru svörin.

Eins og þú sérð þá var Ásu send ávísun í júlí sl. en hún hefur ekki enn verið leyst út. Arður til þín og Jóhannesar fór á skuld á viðskiptareikningi.

Jóhanna Waagfjörð, fjármálastjóri, er að skoða hvenær skuldin myndaðist við þig, en eins og ég sagði þér áður þá tel ég fullvíst að hún sé (a.m.k. að meginstofni til) vegna hlutafjáraukningar sem er ógreidd.

Kveðja

Tryggvi
-----Original Message-----
**From:** Jóhanna Waagfjörð [mailto:johannaw@baugur.is]
**Sent:** 3. desember 2001 11:29
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: Arðgreiðsla frá Baugi

Kristín Jóhannesdóttir Arður 5/7/01 397.894,00 fært á viðskiptareikning til lækkunar á skuld
Staða vks. 3/12/01 3.388.833,00 án vaxta

Jóhannes Jónsson Arður 5/7/01 895.221,00 fært á viðskiptareikning til lækkunar á skuld
Staða vks. 3/12/01 16.144.309,00 án vaxta

Ása K. Ásgeirsdóttir Arður 5/7/01 895.221,00 sent í pósti 5/7 á Grænumýri 10, 170 Seltjarnarnesi. Ávísun nr. 4156036 er ekki innleyst

OK
JW

-----Original Message-----
**From:** Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 3. desember 2001 10:22
**To:** johannaw@baugur.is
**Subject:** FW: Arðgreiðsla frá Baugi

Geturðu skoðað stöðu þessara aðila?

Tryggvi
-----Original Message-----
**From:** Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 3. desember 2001 10:21
**To:** 'Kristín Jóhannesdóttir'
**Cc:** 'Jón Ásgeir Jóhannesson'
**Subject:** RE: Arðgreiðsla frá Baugi

Ég hefði talið að Ása ætti að vera búin að fá sinn skammt. Skuld á viðskiptareikningi hefur hins vegar hamlað því að þú og Jóhannes hafið fengið ykkar. Ég skal láta skoða þetta betur.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
**From:** Kristín Jóhannesdóttir [mailto:kristin@gaumur.is]
**Sent:** 3. desember 2001 10:52
**To:** Tryggvi Jóns
**Cc:** Jón Ásgeir Jóhannesson
**Subject:** Arðgreiðsla frá Baugi

Sælir.
Eftirtaldir hluthafar í Baugi hf.; Jóhannes Jónsson, Ása K. Ásgeirsdóttir og undirrituð, viljum gjarnan fá skýringar á því hvers vegna okkur hefur ekki borist arðgreiðsla frá Baugi v/ ársins 2000.

Kveðja,
Kristín.

**Unknown** TJ\INBOX\BAUGUR\STOÐDEILDIR\FJÁRMÁLASVIÐ\EFNAHAGSLIÐIR

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 6. febrúar 2002 20:58
**To:** 'Jóhanna Waagfjörð'
**Subject:** RE: Lán til starfsmanna

24

Fjárhæðin "selt hlutabréf til starfsmanna" 1.650.000 kr. er í raun jólagjöf til starfsmanna frá því 1999 (ef ég man rétt) og á að gjaldfærast (fyrir löngu). Legg til að þú afskrifir helming nú (sem jólagjöf, sem er ófrádráttarbær liður). Seinni helmingur gjaldfærist á árinu 2002.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jóhanna Waagfjörð [mailto:johannaw@baugur.is]
Sent: 6. febrúar 2002 20:42
To: Tryggvi Jónsson
Subject: Lán til starfsmanna

Hér meðfylgjandi er list yfir skuldir starfsmanna um áramót. Ég þarf að ganga frá þessu þannig að við séum í lagi gagnvart endurskoðun og auðvitað skattayfirvöldum. Eru þetta vaxtalaus lán sem við veitum þessum starfmönnum og þá til hvaða tíma eða er eitthvað annað samkomulag??

Kveðja,

Jóhanna W.



00236

**Unknown** TJ\INBOX\BAUGUR\STODDEILDIR\FJÁRMÁLASVIÐ\EFNAHAGSLIÐIR

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 6. febrúar 2002 21:42
**To:** 'Jóhanna Waagfjörð'
**Subject:** RE: Lán til starfsmanna

Lán til Finns frá 1999, vegna hlutabréfakaupa, er ég ekki klár á, þ.e. hvort hann átti að endurgreiða þetta eða hvort hann fékk þetta sem bónus. Hefur hann einhvern tíma greitt af þessu? Ef ekki þá skaltu ræða við Finn og spyrja hann hvernig þetta sé tilkomið. Ef ekki á að rukka er best að gjaldfæra þetta sem ófrádráttarbæran lið.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jóhanna Waagfjörð [mailto:johannaw@baugur.is]
Sent: 6. febrúar 2002 20:42
To: Tryggvi Jónsson
Subject: Lán til starfsmanna

Hér meðfylgjandi er list yfir skuldir starfsmanna um áramót. Ég þarf að ganga frá þessu þannig að við séum í lagi gagnvart endurskoðun og auðvitað skattayfirvöldum. Eru þetta vaxtalaus lán sem við veitum þessum starfmönnum og þá til hvaða tíma eða er eitthvað annað samkomulag??

Kveðja,

Jóhanna W.



00237

25

**From:** tryggvi@xnet.is
**Sent:** 14. apríl 2002 13:15
**To:** Jón Ásgeir Jóhannesson
**Subject:** RE: Lán til hluthafa og stjórnenda

```
Gerðist síðast hjá Össuri, eins og frægt er orðið.

Ekkert mál, við klárum þetta eins og annað.

Í gvuðs friði og mínum líka

Tryggvi

Quoting Jón Ásgeir Jóhannesson <jon.asgeir@baugur.is>:

> sammála fór aðeins og geyst eins og gerist oft á e-mail.
>
> sorry
> jaj
>
> -----Original Message-----
> From: tryggvi@baugur.is [mailto:tryggvi@baugur.is]
> Sent: 13. april 2002 17:27
> To: Jón Ásgeir Jóhannesson
> Subject: RE: Lán til hluthafa og stjórnenda
>
>
> Jón.
>
> Þú mátt líta á hvað sem þú vilt sem létta hótun.  Í þessum pósti fólst
> þó ekkert annað en svar við því sem þú spurðir um á fundi okkar inni í
> stóra
> fundarherbergi fyrir nokkru.  Þar vorum við að ræða þessa skuld og þú
> sagðir
> að
> þér kæmi það á óvart ef hún væri brot á lögum.  Ákváðum við að ég
> mundi
> finna
> hvar þetta stæði í hlutafélagalögunum.  Er það síðan orðin létt hótun?
>
> Í póstinum var ég að segja að við (ekki þú) þyrftum að finna leiðir.
> Smáralindarpakkinn er stjórnarmál og mun því taka einhvern tíma.  Þess
> vegna vildi ég fara aðra leið þegar þú fékkst 15 kallinn.  Vantar enn
> gögn til að
> klára það.  Sú leið er fær, díllinn síðan látinn ganga til baka og
> allir
> happí.
>
> Og mundu að vinur er sá er til vamms segir.  Þú vilt ekki jámenn í
> kringum þig,
> eða hvað?
>
> Fáðu þér síðan kaldan öl og hresstu þig við.
>
> Kveðja úr kuldanum
> Tryggvi
>
> Quoting Jón Ásgeir Jóhannesson <jon.asgeir@baugur.is>:
>
> >
> > Tryggvi eins og ég hef marg oft sagt þér mun yfirtaka á eignarhluta
> > Gaums í smáralind verða til þess að þessir reikningar verða á 0
> > punkti. Hef beðið
> > Kaupþing að gera verðmat á þessum hlut. er á bilinu 300-400
> milljónir.
> >
> > Lít á þennan póst sem létta hótun
```

> >
> > kv
> > jaj
> >
> > -----Original Message-----
> > From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
> > Sent: 13. apríl 2002 12:10
> > To: Jón Ásgeir Jóhannesson
> > Subject: Lán til hluthafa og stjórnenda
> >
> >
> > Sæll Jón.
> >
> > Við ræddum um það á fundi fyrir skömmu hvort lán til Gaums væru í
> > samræmi við lög eða ekki. Svona lítur þetta út:
> >
> > Í 104 gr. hlutafélagalaganna segir:
> >
> > "Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum
> eða
> > framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélagi þess lán né setja
> > tryggingu fyrir þá."
> >
> > Þá kemur einnig fram í sömu grein að:
> >
> > "Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í
> félaginu
> > eða
> > móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða
> > einkahlutafélag."
> >
> > Loks er búið að setja inn nýtt ákvæði í skattalög þar sem fram kemur
> að
> > lán
> > félags til hluthafa þess eða framkvæmdastjóra sbr. 104 gr.
> > hlutafélagalaga, beri að skattleggja sem gjafir hjá þeim.
> >
> > Nauðsynlegt er því að við finnum nýjan flöt á stöðu á
> > viðskiptareikningum, því auk þessa þá ber einnig að geta í
> > ársreikningi fjárhæð lána til stjórnar
> > og stjórnenda.
> >
> > Heyri frá þér.
> >
> > Kveðja
> > Tryggvi
> >
> >
>
>

**Unknown** TS\INBOX\BAUGUR\STOÐDEILDIR\FJÁRMÁLASVIÐ\EFNAHAGSLIÐIR (26)

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 24. apríl 2002 02:09
**To:** Jóhanna Waagfjörð
**Subject:** RE: Lán til starfsmanna

Sæl.

Bílalánin eru alveg klár. Við vildum á sínum tíma ekki kaupa bíla handa starfsfólki, þó það hafi haft bíl áður eða fengi bíl ef það væri að vinna hjá öðrum. Þess í stað fórum við aðra leið, sem er að lána þeim vaxtalaust og þau fá síðan bílastyrki. Þetta virkar betur fyrir okkur á þann veg að við greiðum vaxtakostnaðinn og síðan hugsar fólkið betur um bílana ef það á það sjálft. Það er segin saga.

Strax í upphafi var rætt um að setja þetta á skuldabréf, með veði í viðkomandi bíl. Bréfið átti að vera til 3 ára, en ef viðkomandi var áfram í vinnu var gert ráð fyrir að lánið héldist áfram, eða jafnvel hækkaði. Ef þau hættu hjá fyrirtækinu eða seldu bílinn átti að greiða lánið upp. Það reyndist síðan mikil vinna í kringum veðsetninguna þannig að við fórum ekki í það, þó okkur sé það fullkomlega heimmilt. Linda sá um útfærsluna og líklega hefur hún sett flest lánin á viðskiptareikning en ekki skuldabréf. Það síðara væri betra. Síðan gætum við selt bréfin og gjaldfært afföllin hjá okkur. Þá er það ekki lengur fært sem lán hjá okkur.

Kveðja
Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jóhanna Waagfjörð [mailto:johannaw@baugur.is]
Sent: 22. apríl 2002 20:50
To: Tryggvi Jónsson
Subject: RE: Lán til starfsmanna

Ég er nú búin að hafa samband við alla sem við koma málið. Flestir hafa fengið þetta tengt bílakaupum og hafa í raun ekki hugmynd um hvernig þetta á að meðhöndlast. Sumir jafnvel halda því fram að þeir eigi aldrei að greiða þetta. Þega hugmyndin var upphaflega set saman hvernig hafðir þú hugsað þér að við meðhöndluðum þetta? Ef við setjum upp vaxtalaus lán þá kemur hlunnindaskattur inn í málið, svo er það spurning um gjalddaga hver á hann að vera, t.d. eftir 3 ár? Það er lán frá ágúst 1999 inni í þessu (Guðmundur
Gunnarss.) óvaxtað allan tímann hver á gjalddaginn á þessu láni að vera. Við gætum fengið aðilana til að skrifa undir yfirlýsingu þar sem þau selji ekki bílinn án vitundar Baugs þar sem lánið tengist þeim viðskiptum ef það er einhvers virði.

Sumir aftur á móti hafa fengið þetta sem lán t.d. Auðbjörg og Jón Scheving og vilja þau byrja að greiða þetta upp á einhverjum föstum mánaðargreiðslum. Ég get útbúið skuldabréf á þau og sett það í innheimtu, er einhver lína um það hvaða vexti við erum að tala um hér?

Jón Björnss. segir að lánið hans frá 5/5/2000 sé vegna uppgjörs á option frá 1999 veist þú um það? Ef svo er er þá þetta ekki launatengt og þarf að gjaldfærast og hann að greiða skatt af þessu? Hann vísar á JÁJ vegna þessa og ég reyni að fá eitthvað frá honum.

Búin að gjaldfæra hlutabréfakaup v/1999 1/2 núna 2001 og 1/2 2002, þannig að það er farið.

KPMG hefur farið fram á yfirlit yfir þessar færslur og hverju þær tengjast þannig að ég er að reyna að ná þessu saman. Ég afhendi þó ekkert til þeirra án þess að tala við þig.

Kveðja,
Jóhanna W.
-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 22. apríl 2002 00:49
To: Jóhanna Waagfjörð
Subject: RE: Lán til starfsmanna

Sæl.

Vorum við ekki búin að afgreiða þennan póst frá þér, þ.e. varðandi skuldir starfsmanna?

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jóhanna Waagfjörð [mailto:johannaw@baugur.is]
Sent: 6. febrúar 2002 20:42
To: Tryggvi Jónsson
Subject: Lán til starfsmanna

Hér meðfylgjandi er list yfir skuldir starfsmanna um áramót. Ég þarf að ganga frá þessu þannig að við séum í lagi gagnvart endurskoðun og auðvitað skattayfirvöldum. Eru þetta vaxtalaus lán sem við veitum þessum starfmönnum og þá til hvaða tíma eða er eitthvað annað samkomulag??

Kveðja,

Jóhanna W.

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 19-01-2001 | Linda Jóhannsdóttir (LJ) til Tryggva Jónssonar (TJ) | Tölva TJ | Sælir, meðfylgjandi er Arcadia skjalið, mjög góður hagnaður miðað við gengið í dag og einnig er pundið mun hærra.<br>Ég framlengdi öllum lánum, varðandi þessi kaup, í 2 vikur (1/2/01) og þá skilst mér að Kaupþing Lux muni greiða lánin og kaupa af okkur bréfin. Nú er nauðsynlegt að ég fái upplýsingar um málið til að klára desember, hversu mikið var selt og á hvaða gengi? Einnig hversu mikinn hagnað við tökum inn á árið? Kveðja, Linda.<br>*Viðhengi: Hlutabref Arcadia Deb.xls* | 1 |
| 20-01-2001 | TJ til Magnúsar Guðmundssonar (MG)<br>Subj: Arcadia | Tölva TJ | Sæll félagi.<br>Til að staðfesta það sem ég sagði við þig í símann um daginn þá framlengdi ég láninu lengur í Íslandsbanka en við töluðum um, eða til 1. febrúar n.k. Þá þarftu að leysa til þín 3,1 millj. bréf. Skuldin við Íslandsbanka er um 1,4 millj. pund, sem er um 0,452 pund á bréf. Við seljum þér bréfin pr. 29. des. á genginu 0,85 og kaupum þau aftur fljótlega í janúar (þ.e. Baugur Holding) á genginu 1,10. Við vorum áður búnir að ræða hvað við gerum við mismuninn. Miðað við gengið 1,46 (eins og síðustu upplýsingar benda til að gengið fari í ) er verðmæti bréfanna um 4,5 millj. pund. Ágætis arðsemi þar !<br>Kveðja Tryggvi | 2 |
| 21-01-2001 | Jón Ásgeir Jóhannesson (JÁJ ) til TJ og Hreins Loftssonar(HL)<br>Subj: Arcadia staðan í dag | Tölva TJ | Viðhengi: Arcdia staa 21 janar TJ HL.xls<br>*Excel skjal sem er merkt Trúnaðarmál sem sýnir m.a. eign Baugs og Gaums í Arcadia. Einnig fyrirhugaðar áætlanir um að ná í fleiri bréf í lok janúar og febrúar og eiga 20% í félaginu.* | 3 |
| 23-01-2001 | Helgi Bergs (HB) til TJ<br>Subj: FW: Innborgun í A holding SA | Tölva TJ | Þið þurfið að leggja inn hjá Kaupthing Lux eftirfarandi upphæðir á föstudaginn:<br>Baugur GBP 3.100.000<br>Gaumur GBP 2.200.000<br>Ég hef gert ráð fyrir að selja ykkur ofangreind GBP vinsamlegast látið mig vita ef þið ætlið að kaupa þau annarsstaðar. Kveðja, Helgi Bergs. | 4 |
| 23-01-2001 | TJ til JÁJ<br>Subj: FW: Innborgun í A holding SA | Tölva TJ | Greiðslufyrirmæli, með ekki miklum fyrirvara! TJ | |



00254

II/44.1

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 23-01-2001 | LJ til TJ<br>Subj: RE: Innborgun í A holding SA | Tölva TJ | Sæll TJ, ég skil ekki þessi skilaboð. JÁJ talar um að greiða þurfi um 150 milljónir á föstudag og hann muni reyna að redda þeim fjármunum. 3,1 millj.punda er ca. 380 milljónir. Eru þetta ekki sömu bréfin og við keyptum og ætlum að framselja til Lúx? Það sem við keyptum er einmitt 3,1 millj.punda og skuld ca. 310 milljónir á gjalddaga 1/2/01.<br>Ég verð að hryggja þig með því að sjóður okkar er sprunginn og þá meina ég að ég get ekkert gert, eins valdalaus og ég er. Staðan er svona: skammtímalán til 2/2 = -1,050 milljónir. Áætluð staða í lok mánaðar á heftinu = -470 milljónir (heimild er 380) Skuld v/Arcadia á gjalddaga 1/2 = -310 milljónir<br>Áætluð staða þann 2/2, þegar skammtímalán eru greidd, mun sjóður okkar vera -700 milljónir og enda í -1200 milljónum í lok febrúar ! ! !<br>Nú er það svart, litla stúlkan með eldspýturnar | 4 |
| 25-01-2001 | JÁJ til TJ<br>Subj: RE: Innborgun í A holding SA | Tölva TJ | Samkvæmt samþykkt stjórnar þá má Baugur leggja til 1,2 milljónir punda til viðbótar ég geri mér grein fyrir sjóðsstöðu Baugs og mun hef því fengið ÍB með í A holding þeir koma inn með 500 núna þannig að við borgum þetta 5 feb. Jón Ásgeir | 5 |
| 26-01-2001 | HB til JÁJ, LJ, TJ og Kristínar Jóhannesdóttur (KJ)<br>Subj: Greiðslur | Tölva TJ | Eins og fram kemur í samningnum sem við skrifuðum undir þann 24. janúar 2001, þá eiga eftirfarandi félög að greiða inn eftirfarandi upphæðir:<br>*Baugur ISK 277.530.000 (jafnvirði GBP 2.200.000) greiðist inn á vörslureikning Kaupthing Lux. 1100-26-454080<br>*Gaumur GBP 3.100.000 – Greiðist inn á reikning SE banken, London, SWIFT: ESSE GB2L, Acc. of Kaupthing hf., #18276018, SWIFT: KAUP IS RE<br>Við höfum fengið staðfestingu um að Gaumur hafi greitt eftirfarandi upphæð inn á reikninginn okkar hjá SE banken, GBP 2.380.053, þannig að það vantar rúm GBP 700.000. Þá höfum við ekki séð neina greiðslu frá Baugi.<br>Kveðja, Helgi Bergs. | 6 |
| 26-01-2001 | TJ til JÁJ og LJ<br>Subj: FW: Greiðslur | Tölva TJ | Við fengum greiðslufrest fram yfir helgi á skuld Baugs. Ég stóð í þeirri meiningu (sbr. stjórnarfund) að Baugur ætti að greiða 1,2 millj. GBP en ekki 2,2 millj.<br>Annað: Verðbréfaþingið óskar eftir frekari upplýsingum, sem hún þarf síðan að meta hvort eigi að fara út. Samkvæmt þeim fréttatilkynningum, sem frá okkur hafa komið kemur ekki fram hvað við eigum stóran hlut af heildarfjárfestingunni, því hafa þeir fengið fyrirspurnir hvort við séum búnir að fara með stóran hluta af eigin fé Baugs í þessa fjárfestingu.<br>Taka þarf því saman hvernig staðið er að fjárfestingunni, enda á það ekki að vera neitt leyndarmál og mun koma fram í 6 mánaða uppgjöri. Það sem þarf að koma er að við höfum stofnað A-holding, S.A. og greitt ca. 400 mills. í hlutafé þar. Það þýðir x% af heildareiginfé A-holding. Síðan hafi A-holding tekið lán fyrir viðbótinni.<br>Ert þú ekki sá eini sem ert með þessa mynd í heild sinni ? TJ | |



00255

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 27-01-2001 | JÁJ til TJ<br>Subj: RE: Greiðslur | Tölva TJ | Ég sé um þetta mál það er rétt að þetta er 1.2 milljónir búinn að redda greiðslu fram yfir helgi og einnig búinn að sjá til þess að blanki Baugur þarf ekki að borga fyrr en í feb. jaj | 6 |
| 31-01-2001 | Ólafur Frímann Gunnarsson til KJ, LJ, TJ, JAJ og HB<br>Subj: Uppgjör vegna A-holdings og Arcadia<br>Importance: High | Tölva TJ | Skv samtali við Helga Bergs sendi ég upplýsingar um greiðslur sem vantar vegna kaupa á bréfum í A holding, miðað er við 14% vexti.<br>Baugur: átti að greiða 2.2 mio GBP í ISK þann 26/1 alls 277.530.000 vextir eru 539.641,67 í dag á því að greiða ISK 278.069.641,67 inn á reikning 1100-26-454080 kt 560882-0419.<br>Gaumur: átti að greiða 3.100.000 þann 26/1 greiddi GBP 2.380.053 á vantaði GBP 719.947 sem gerði ISK 90.821.314, vestir af því eru 176.597 í dag á því að greiða ISK 90.997.911 inn á reikning 1100-26-454080 kt 560882-0419<br>Alls eru þetta því ISK 369.067.552,67 sem eru til greiðslu í dag.<br>Með kveðju, Ólafur Frímann Gunnarsson, Kaupþing hf. | 7 |
| 31-01-2001 | TJ til MG<br>Subj: Arcadia | Tölva TJ | Í framhaldi af fundi okkar í Luxembourg fyrr í mánuðinu, og í framhaldi af samtali okkar fyrr í dag, sendi ég þér upplýsingar um stöðu Arcadia bréfanna, sem Kaupþing keypti af Baugi í lok síðasta árs.<br>Alls eru um 3.100.000 millj. bréf að ræða. Kaupverð er GBP 0,85 á hlut, eða samtals GBP 2.635.000.<br>Áhvílandi skuldir eru mun hærri en ég taldi eða GBP 2.465.937,88 (sem svarar til 308.242.235,53 ísl. kr. á genginu 125,00). Skuldir þessar eru fyrst og fremst við Íslandsbanka FBA hf., nema GBP 319.171,42 (39.896.427,63 kr.) sem eru við Kaupþing. Skuldirnar eru allar á gjalddaga á morgun og því liggur á greiðslu. Munurinn á 2.635.000 (kaupverð) og 2.465.937,88 (áhvílandi skuldir) leggjast inn á bankareikning sem stofnaður yrði í nafni Baugs.<br>Vinsamlega sendu þessa greiðslu (í pundum) til Baugs á morgun svo við getum gert upp skuldirnar. ............ Söluverð á þessum bréfum í A-hold yrði síðan GBP 1,35 eða samtals 4.185.000. Mismunur kaupverðs og söluverðs er því tæpar 200 mills.<br>Kveðja Tryggvi | 8 |
| 01-02-2001 | MG til LJ<br>Cc: TJ | Tölva TJ | Sæl ég var að faxa á þig samninginn sem ég skrifaði undir vegna Stoða.......<br>....meðfylgjandi er nýr samningur vegna Arcadia þar sem að fyrri var ekki réttur. Best regards, Magnús Guðmundsson.<br>*Viðhengi: Word skjal "Share transfer agreeement".* | 9 |



00256

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01-02-2001 | JÁJ til TJ<br>Subj: skipting í Arcadia | Tölva TJ | Félag / Framlag / % af eign<br>Gaumur / 10.8 milljónir punda / 42%<br>Baugur / 5.2 milljónir punda / 20%<br>Kaupþing / 6.1 milljónir punda / 23%<br>Íslandsbanki FBA / 3.9 milljónir punda / 15%<br>Samtals / 26 milljónir punda / 100%<br>*Bréf Baugs metin inn á gengi 1.35 (4.185 milljón punda) eða 527 milljónir. Baugur þarf að borga síðan eigi síðar en 10 feb þessa 1.015 milljón punda.<br>Ok þá er gróði Baugs 352<br>90-120 þurfum að nota inn í bækur vegna 2000<br>100 fara í Magga í Lux<br>Þá standa eftir 140-160<br>Helv gott hingað til<br>Jón Ásgeir<br>Þurfum síðan að fara yfir samninga ljóst að við þurfum að gera bak samninga vegna kauprétti | 10 |
| 01-02-2001 | LJ til Jónas Þorvaldsson og TJ<br>Subj: greiðsla á morgun | Tölva TJ | Sæll Jónas, ég ræddi við stjórnarformanninn og var beðin að draga arðinn frá skuld okkar. Við greiðum því á morgun 39.713.192, - þar ef vextir 520 þús. sjá skjal (gulur kassi).<br>Kveðja, Linda Jóhannsdóttir | 11 |
| 02-02-2001 | TJ til LJ<br>Subj: RE; greiðsla á morgun | Tölva TJ | Af hverju erum við að borga vexti ? Yfirleitt er gjaldfrestur á innborgun hlutafjár og nóg er að búið sé að greiða 25% af aukningunni inn fyrir árslok til að aukningin sé öll skráð í ársreikning. TJ | |
| 02-02-2001 | LJ til TJ<br>Subj: RE: greiðsla á morgun | Tölva TJ | Jónas er ekki sáttur við þetta því samkv. honum var gert upp við Kaupþing miðað við áramótin. Ég mun greiða honum í dag stöðuna og ekki vexti, þið verðið að ræða þessi vaxtamál og taka ákvörðun um vextina. Kv. Linda | |
| 12-02-2001 | Helena Hilmarsdóttir til TJ<br>Subj: Kaup á hlutabréfum í Arcadia | Tölva TJ | Sæll Tryggvi. Ætlaðir þú ekki að senda mér nánari upplýsingar um kaup Baugs á hlutabréfum Arcadia. Hlutur ykkar er greinilega enn að aukast og við verðum vör við að frekari upplýsinga um fjárfestingu Baugs og hugsanlegar skuldbindingar er saknað. Kveðja, Helena | 12 |



00257

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 15-02-2001 | TJ til Helenu Hilmarsdóttur<br>Subj: RE: kaup á hlutabréfum í Arcadia | Tölva TJ | Í sjálfu sér hefur ekkert nýtt gerst síðan í janúar. Eins og fram hefur komið í tilkynningum Deutche Bank til Arcadia, sem síðan sendir það á London Stock Exchange, þá hafa 4 íslensk fyrirtæki keypt 10,8% í Arcadia. Þetta eru Baugur hf., Gaumur ehf., Kaupþing hf. og Íslandsbanki – FBA hf. Hafa þau stofnað sérstakt eignarhaldsfélag um kaupin, sem heitir A-holding og er það félag skráð fyrir hlutnum.<br>Ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir um frekari kaup, þó við útilokum ekkert í því sambandi. Slíkt ræðst af verði bréfanna, fjármögnun og fleiri þáttum.<br>Eins og ég sagði þér í símann, þegar við töluðum saman fyrir þó nokkru, hefur Deutche Bank haft skoðanir á því hvort og hvernig við greinum frá þessari fjárfestingu þar sem fyrsta skylda sé gagnvart LSE. Spurningin er sú að ef við förum í frekari kaup, sem er allsendis óvíst á þessari stundu, eigum við þá að senda tilkynningu til Verðbréfaþingsins þegar búið er að birta hana í London? Ljóst er að ekki er hægt að birta tilkynninguna fyrst á Íslandi út af reglum í Bretlandi. Eða telst birting á LSE opinber birting?<br>Heyri frá þér. Kveðja, Tryggvi. | 12 |
| 22-02-2001 | HB til Finns Stefánssonar. Cc: JÁJ, TJ, Bjarni Ármannsson, Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson.<br>Subj: Lán til A holding. | Tölva TJ | Heill og sæll Finnur,<br>Eins og kom fram á nýafstöðnum föstudagsfundi þá er áætlað að það vanti að fjármagna A holding S.A. um GBP 36m til að koma A holding S.A. í 20% eignarhlut í Arcadia Group plc eins og stefnt er að. Þar af hefur Deutche Bank fengið heimild til að lána A holding S.A. GBP 20m með repo fyrirkomulagi þar sem tekið er handveð í bréfunum og hlutfallslegri ábyrgð Kaupþings og Íslandsbanka-FBA sem munu svo spegla hlutfallslega ábyrgðinni yfir á Gaum og Baug (og Gildingu) miðað við eignarhald. Unnið er að því að ganga frá samningum og er hann í yfirlestri hjá lögfræðingi A holding S.A. í London, Slaughter and May.<br>Þær GBP 16 m sem upp á vantar vildum við (Kaupthing, Baugur, Gaumur) fjármagna með eftirfarandi hætti. Íslandsbanki-FBA lánar A Holding S.A. GBP 16 m með ábyrgð eftirfarandi aðila í eftirfarandi hlutföllum:<br>Kaupþing GBP 2,7 m<br>Baugur GBP 2,4 m<br>Gaumur GBP 4,9 m<br>Gilding GBP 6,0 m<br>Gert er ráð fyrir kaupum á 3.500.000 bréfum í eigu Íslandsbanka-FBA í ofangreindri fjárþörf A Holding S.A.<br>Gilding hefur ekki gefið endanlegt svar varðandi hversu háa fjárhæð þeir hafa áhuga á að taka en til að taka málið áfram þá skulum við gera ráð fyrir ofangreindri skiptingu þá að það gæti endað með lítilsháttar tilfæringum á milli þessara aðila.<br>Gætirðu vinsamlegast gefið mér svar um áhuga Íslandsbanki-FBA á ofangreindri lánveitingu. Kveðja, Helgi Bergs | 13 |



00258

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 25-02-2001 | JÁJ til TJ, HB, Bjarni Ármannsson, Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson.<br><br>Subj: Arcadia | Tölva TJ | Skipting á þessum 16<br>Kaupþing* 4<br>Gilding* 4,5 ath þetta þarf að fá staðfest, voru búnir að samþykkja 3 en vildu síðan hækka í 4,5 mjög síðla föst.<br>ÍB/HL 1,5<br>Aðrir 3,0<br>Baugur/Gaumur* 3,0 gæti verið að ÍB tæki eitthvað af þessu<br>Samtals 16<br>*ÍB lánar<br>**ÍB lánar 50%<br>Þetta er klárt vonandi að BÁ staðfesti þetta þegar hann kemur til vinnu í fyrramálið sem er líklega um tólfleitið en við áttum fund um málið í dag.<br>Helgi er búinn að klára þessar allt að 25 við D.bank skjalagerð tekur 1-2 vikur en er komin á fullt, ekkert til fyrirstöðu að halda áfram en Helgi mun halda utan um nauðsynlega skjalagerð vegna málsins.<br>Rósin kemur á miðvikudag legg til að við höldum símafund í kjölfarið á þeim fundi. Kveðja, Jón Ásgeir | 14 |
| 13-03-2001 | HB til LJ<br>Cc: JÁJ<br>Subj: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Baugur skuldar A Holding S.A. GBP 1.015.000 samkvæmt hluthafasamkomulagi gerðu þann 26. janúar 2001. Um er að ræða greiðslu á hlutafé og víkjandi láni Baugs til A Holding S.A.<br>Geturðu greitt þetta á morgun? Kveðja, Helgi Bergs. | 15 |
| 14-03-2001 | LJ til HB<br>Subj: RE: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Sæll Helgi, ég er að vinna í þessu og svara um leið og ég fæ einhver svör. Kv. Linda | |
| 16-03-2001 | HB til LJ<br>Subj: RE: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Hvenær geturðu þá greitt þetta? | |
| 16-03-2001 | LJ til HB<br>Subj: RE: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Sæll Helgi, Við höfum samið við Kaupþing Lúx (Magnús) um að fjármagna þessa skuld fyrir okkur, þ.e. lán í 3 mánuði. Ég geri ráð fyrir að Magnús klári þetta fyrir okkur, láttu mig vita ef eitthvað vantar.<br>Kveðja, Linda | |
| 21-03-2001 | HB til MG<br>Subj: FW: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Hvenær sástu fyrir þér að ganga frá þessu? | |



00259

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 21-03-2001 | MG til HB<br>Subj: RE: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Ég hef samið um að greiða þetta gegn skilyrðum sem ekki hafa gengið eftir! Þannig að ég get ekki svarað þessu sorry magnus | 15 |
| 21-03-2001 | HB til JÁJ og LJ<br>Cc: Hreiðar Már Sigurðsson<br>Subj: FW: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Gætuð þið kíkt á þessi skilyrði | |
| 21-03-2001 | LJ til TJ<br>Subj: FW: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | TJ, hvaða skilyrði eru þetta? | |
| 21-03-2001 | TJ til MG<br>Cc: LJ<br>FW: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Hvaða skilyrði eru þetta? Ertu að tala um greiðsluna á 300 millj. kr. skuldinni? Ég var búinn að tala við HL vegna Vors og hann sagði mér að hann hefði rætt við þig. Láttu mig vita hvað ég þarf að gera til að klára þetta. TJ | |
| 21-03-2001 | MG til TJ<br>Subj: RE: FW: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Sæll Tryggvi skilyrðin eru eftirfarandi<br>Að HL kaupi umræddar 200 mills að lánið til ykkar sé til skamms tíma, en ég þarf að fá það samþykkt hjá mínum Credit Manager, gengur ekki að ég vaði yfir hann öllu lengur. Þá ætti þetta að ganga upp en fyrst er það HL. Kv. amgnsu | |
| 21-03-2001 | TJ til MG | Tölva TJ | HL er sá sem er að sækja málið. Hann vill komast inn í A Holding. Ég sagði við hann í síðustu viku að ég myndi ræða við þig um að Vor kæmi inn í A Holding m.v. gengið 1,63 á Arcadia. Við kaupum síðan af honum um leið og við kaupum af öðrum hluthöfum í A Holding og greiðum með bréfum í Baugi. Ég sagði honum síðan á föstudag, eftir samtal okkar, að ég væri búinn að ræða við þig og ef hann vildi þetta þá þyrfti hann að láta þig vita. Hann sagði mér síðar að hann væri búinn að því. Er það ekki rétt? TJ | |
| 21-03-2001 | MG til TJ<br>RE: FW: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Það er rétt en hann sagðist að næsta skref væri að tala við þig, kv magnus | |
| 21-03-2001 | TJ til MG | Tölva TJ | OK.<br>Hvða eigum við marga hluti í A Holding? Hvað er meðalkaupverð þangað inn (þú manst að við "seldum" þér á 0,85 og þú seldir síðan til Baugur Holding á 1,35 (minnir mig) og Baugur Holding lagði það síðan inn í A Holding).<br>Þegar þetta liggur fyrir þá getum við séð hvað við seljum Vori stóran hlut af okkar hlut í A Holding. Hann kaupir sem svarar 980.000 hlutum í Arcadia á 1,63 = 1.597.400 pund = 199,7 millj. ísl. kr. miðað við gengið 125,00.<br>Vonandi kemur þetta boltanum af stað. TJ | |
| 21-03-2001 | TJ til HB<br>Subj: FW: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Geturðu sent mér hluthafa samkomulagið frá 26. jan. ? TJ | 16 |



00260

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 22-03-2001 | HB til TJ<br>Subj: RE: Inngreiðsla á hlutafé | Tölva TJ | Þetta samkomulag var undirritað þann 26. janúar 2001.<br>Viðhengi: arcadia samningur.doc<br>*Word skjal á 4 bls sem inniheldur samkomulag um: "Kaup aðila á hlutum í Arcadia Group plc. og stofnun Eignarhaldsfélagsins A Holding S.A., í eigu Kaupþings hf., Baugs hf. og Fjárfestingarfélagsins Gaums hf., utan um kaupin."* | 16 |
| 25-03-2001 | Bjarki Diego til JÁJ, TJ, Finns Stefánssonar, arni@gilding.is, gunnar@logos.is.<br>Cc: HB og Hreiðar Már Sigurðsson. | Tölva TJ | Meðf. er yfirlýsing sem óskað er að aðilar undirriti áður en ráðist verður í kaup á hlutabréfum í Arcadia sem til stendur að ráðist í á morgun. Við munum senda mann með yfirlýsinguna á milli aðila í fyrramálið. Mikilvægt er að aðilar undirriti yfirlýsinguna hið fyrsta svo unnt sé að ráðast í umsamin kaup á hlutabréfum í Arcadia hið fyrsta. Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan hið fyrsta ef þið hafið e-r athugasemdir.<br>Viðhengi: yfirlysing.doc<br>*Word skjal á 1 bls sem inniheldur yfirlýsingu þess efnis að undirritaðir, fh. Kaupþings, A Holding, Íslandsbanka FBA, Gildingar, Baugs og Gaums, lýsi því yfir að Kaupþing hf. hafi keypt umrædda hluti í nafni A Holding S.A. en ekki fyrir eigin reikning. Einnig er lýst yfir ábyrgð á efndum A Holding á kaupunum í réttu hlutfalli við eignarhluta að félaginu.* | 17 |
| 26-03-2001 | JÁJ til Bjarna Ármannssonar, Arna O. Þórðarsonar, TJ og HB<br>Subj: Uppkaupum lokið | Tölva TJ | Jæja félagar þá erum við komnir á enda í þessu Arcadia máli meðalverð er 1,65 sem er svipað og markaðsverð í dag, ég legg til að menn fundi á miðvikudag og fari yfir málin og klári samninga. Ljóst er að tímapressan sem við lentum í kostaði okkur 0,027 pund í meðalverði eða um 148 milljónir, bara fyrir þá sem vilja fylgjast með þessu máli þá tapast/græðast 48 milljónir hverju 0,01 pundi sem verð hækkar eða lækkar. jaj | 18 |
| 27-03-2001 | HB til Bjarka Diego, Bjarna Ármannssonar, Árna O. Þórðarsonar JÁJ, TJ, Finns Stefánssonar og Hreiðars Más Sigurðssonar.<br>Subj: RE: Uppkaupum lokið | Tölva TJ | Já félagar við skulum miða við að hafa hluthafafund í A Holding S.A. á miðvikudag kl. 9:00 og það má gera ráð fyrir að hann endist eitthvað fram eftir degi. Bjarki H. Diego hefur þegar sent út gögn varðandi fundinn og mikilvægt er að hluthafar hafi kynnt sér vel gögnin og fengið álit frá lögfræðingum sínum þar sem við á. Markmiðið er að eftir að búið er að setja inn athugasemdir sem fram kona á fundinn verða hægt að ganga til undirskriftar. Bjarki tilkynnir um fundarstað á eftir.<br>Í mínum huga þá vorum við ekki að greiða þetta háa verð vegna tímapressu sem við vorum í. Ástæðan er hversu stutt er í tölur frá Arcadia (5. apríl), sveiflur á fjármálamörkuðum og sú staðreynd að uppkaup A Holding S.A. hafa gengið verulega á "free float" í félaginu. Deutche Bank voru frá upphafi frekar tregir að gefa kvót í þessa sölu.<br>Kveðja, Helgi Bergs. | |
| 11-04-2001 | JÁJ til TJ og HL<br>Subj: Nokkur mál | Tölva TJ | Sendi ykkur hvernig tillaga fyrir stjórn Baugs gæti litið út á yfirtöku á hlut A-holding ljóst er að einhver slagur verður um % en við horfum til hlutfalls þá kostar þetta 3,4% mánuðirinn þannig að allir eru að græða. Þar er náturlega rosalegur díll fyrir Baug að taka yfir bréfin með c.a 3 milljarða lægra verði en markaðsverð.......<br>*Viðhengi: Wordskjal "Arcadia short.xls".* | 19 |

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 19-04-2001 | TJ til MG<br>Subj: TJ | Tölva TJ | Hver er staðan á mínu fé, svona í gröfum dráttum? Ég geri ráð fyrir að Arcadia bréfin hafi blómstrað umfram önnur hlutabréf, en gaman væri að heyra stöðuna. TJ | 20 |
| 19-04-2001 | MG til TJ<br>Subj: RE: TJ | Tölva TJ | Sæll Tryggvi,<br>Arcadia á lunga úr þeim hækkunum sem eru á safninu þína án þess þá er hækkunin 10% á ársgrundvelli, en gleymdu nú ekki að ég stakk upp á því að kaupa bréfin þó að þú værir á kafi í að kaupa fyrir Baug. Netto staðan er mjög góð og spurning hvenær við förum að selja og innleysa hagnaðinn. Með þessu áframhaldi verðum við fljótir að ná 100 mills<br>Kv magnus<br>Viðhengi: 03Tryggvi2001.xls<br>*Excel skjal sem sýnir ávöxtunaryfirlit á safni Tryggva hjá Kaupthing Luxembourg S.A.* | |
| 19-04-2001 | TJ til MG<br>Subj: A-Holding | Tölva TJ | Eins og þú manst þá ákváðum við Jón Ásgeir að leyfa Vori að koma inn í A-Holding pakkann. Ég hef viljað hafa það þannig að Vor kaupir af okkur $2,0 til að grynnka á okkar stöðu, og jafnvel mynda inneign.<br>Eins og við töluðum um í símann þá þarf þetta eiginlega að vera samningur beint á milli Baugur Holding og Vors. Við gerum við þá "eihvers konar" option samning þannig að þeir kaupa af okkur ígildi bréfa í A Holding (við ætlum ekki að breyta hluthafa skránni í A-Holding) miðað við verðmæti Arcadia GBP 1,63. Við kaupum síðan af þeim aftur á sama gengi og við munum kaupa af öðrum hluthöfum í A Holding og greiðum þeim með bréfum í Baugi.<br>Í raun eru þeir því að kaupa bréf í Baugi en með þessari sömu reiknireglu og A Holding hluthafar.<br>Hefurðu haft tækifæri til að velta fyrir þér útfærslunni á þessu?<br>Svo annað: er það ekki rétt munað hjá mér að í Baugi Holding eru 3 eignir: A Holding, Factor Inc. og mexikanska félagið? Við þurfum að fara að færa aðrar eignir þangað yfir, svo sem bréfin í Baugur, Sverige o.fl., en fyrst þurfum við að hitta tvísköttunarsérfræðing í Lux til að vera klárir á því að við séum að stíga rétt skref. Kveðja Tryggvi. | 21 |
| 19-04-2001 | MG til TJ<br>Subj: RE: A-Holding | Tölva TJ | Ég tel best að við búum til skuldabréf þar sem Baugur Holding gefur út og FP temp kaupir. Skuldabréfið er 1.401.800 GBP og ber kosti og galla A holding ( 860.000 bréf í Arcadia á 1,63) vextir verða +- 1,63 á Arcadia. Við þetta lækkar skuld Baugs í GBP úr 2.676.000-1401.800 = 1.274.200GBP<br>kv magnus | |
| 04-05-2001 | TJ til MG<br>Subj: RE: A-Holding | Tölva TJ | Er þetta komið í frágang? Hvað með hin málin, s.s. UVS og Bills? Ég er núna í USA með félögum þínum og kem heim að morgni 8. maí. Fer síðan 25. maí í 3 vikna frí. Nauðsynlegt að klára útistandandi mál í millitíðinni.<br>Kveðja Tryggvi | |



00262

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 04-05-2001 | MG til TJ<br>Subj: RE: A-Holding | Tölva TJ | Hreinn er eftir að fá nýja pappíra til þess að fá Pétur til þess að undirrita, þá er Arcadia frá.<br>Ég þyrfti líka að fá comment frá þér varðandi uppi og niðri reikninginn!<br>UVS þarf ég að skoða í ljósi fjármögnunar til Baugs Holding 2 m USD<br>kv magnus | 21 |
| 14-05-2001 | Bjarki Diego (BD) til Árna O. Þórðarsonar<br>Finns Stefánssonar, JÁJ, TJ og KJ<br>Cc: HB<br>Subj: Tilkynning | Tölva TJ | Meðf. er tilkynning sem send hefur verið hluthafaskrá Arcadia, þar sem fram kemur að Baugur hf. hafi keypt allt hlutafé í A Holding af Kaupþingi, Gildingu, Íslandsbanka-FBA og Gaumi Holding.<br>Viðhengi: notification_Aholding.doc<br>*Word skjal á ensku sem tilkynnir Arcadia að Baugur sé frá 10.maí 2001 eini hluthafinn í A Holding.* | 22 |
| 16-07-2001 | MG til TJ<br>Subj: | Tölva TJ | Sæll Tryggvi ég þarf endilega að fá að heyra í þér varðandi fjármögnun á skammtímaskuldum Baugs hjá okkur. Nauðsynlegt að þið greiðið upp hjá mér og semjið um fjármögnun hjá Kaupþingi heima eða ísl banka. Getur þú látið mig vita hvernig þessi mál standa. kv magnus | 23 |
| 19-07-2001 | TJ til LJ<br>Subj: FW: | Tölva TJ | ....eins og þú manst, og leiddi til þó nokkurrar vangaveltna af okkar hálfu, var þátttaka okkar í Arcadia alltaf ófærð, því hún var fjármögnuð af Kaupthing Lux. Nú er Magnús kominn í veruleg vandræði og ég vil gjarnan geta hjálpað honum út úr þeim ef við mögulega getum. Við þurfum að koma til hans $1 millj. á næstunni. Hefurðu einhverjar hugmyndir um hvernig við förum að því? TJ | |
| 19-07-2001 | LJ til TJ<br>Subj: RE: | Tölva TJ | ...En hvernig er það, heyri ég bara í þér þegar þig vantar peninga??? Íris sagði mér frá því að þú hefðir einnig keypt hlutabréf fyrir 64 mills meðan ég var úti, alltaf eitthvað kallinn minn. . . . .<br>En svona í alvöru, þá er staðan þessi: Við erum með 500 millj kr. línu í Landsbanka sem rennur út 29/7/01(og við erum að nota 200 mills, eina heimildin sem er ekki í botni). Við þurfum að framlengja þessari línu og gætum þá greitt Magnúsi.<br>Getur þú haft samband við Birgi í Landsbankanum og farið fram á framlengingu? Í framhaldi af því ræðum við greiðslu til Magnúsar. Við þurfum líka að ræða stóru innheimtumálin þegar þú kemur heim (fjarfar ofl.) Kveðja, Linda | |



00263

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 06-08-2001 | MG til TJ<br>Cc: hms@kaupthing.com<br>Subj: | Tölva TJ | Sæll Tryggvi<br>Þegar við vorum að ræða um að greiða inn á lánið 1 mill USD þá var mér ekki ljóst að það ætti að koma úr hinum rassvasanum, þe Hreiðari og Sigga. Staðan er í sjálfu sér óbreytt.<br>Næsta mál<br>A Holding; Þar sem að þið hafið ekki greitt inn hlutafé ykkar í félagið en hafið aftur á móti lán til félagsins væri ekki rétt að færa lánið niður á móti inngreiðslu á hlutféinu. magnus | 24 |
| 06-08-2001 | TJ til JÁJ<br>Subj: FW | Tölva TJ | Kaupþing segir að við höfum aldrei greitt inn hlutaféð í A Holding. Þekkir þú þetta? TJ | |
| 08-08-2001 | TJ til MG | Tölva TJ | Sæll Magnús<br>Ef ég man rétt þá var það hugmynd frá þér að fá Sigga í að finna lausn á yfirdrætti okkar hjá þér. Þess vegna fór ég með það í Kaupþing.<br>Varðandi skuldajöfnun hjá A Holding þá var það eitt af því, sem við ákváðum í júní, að þið mynduð gera uppgjör fyrir A Holding. Við þurfum það í 6 mánaða uppgjörið þannig að nokkuð liggur á því. Í framhaldi af uppgjörinu tökum við ákvarðanir um framhaldið. .... Kveðja Tryggvi | 25 |
| 03-08-2001 | JÁJ til TJ<br>Subj: RE: Jólagjafir til starfsmanna | Tölva TJ | Skuldir hjá Magga í lux hvernig eru þær tilkomnar kemur á óvart hve upphæðin er há bendi á að ef þær eru fyrir utan það sem við höfum látið ísb vita um þá gætum við verið í slæmum málun. Einnig tók eftir að þegar Option í Baugi var færð yfir á mig þá var ekki færðar skuldir á móti hvernig stendur á því. Geri mér grein fyrir að þetta eru sósu mál hjá magga en þætti betra að hafa yfirsýn hvað stendur á bak við þetta.<br>Jón Ásgeir | 26 |
| 03-08-2001 | TJ til JÁ<br>Subj: RE: Jólagjafir til starfsmanna | Tölva TJ | Ég er með skuldina afstemmda. Stærsti hluti skuldarinnar er vegna Arcadia (3.100.000 hlutir á gengiu 1,35 – síðan eigum við dulda inneign á móti miðað við gengið 0,85 til að hafa upp í ruslakistuna). Skuldin er því vegna Arcadia 585,9 millj. kr (3,1 millj. bréf x 1,35 x 140). Inneign á móti eru rúmar 200 millj. kr. (3,1 millj. bréf x (1,35-0,85) x 140). Þær fara upp í ýmsar syndir, þegar þetta verður greitt, m.a. vegna ÓM. Við getum farið yfir stöðuna í detail þegar þér hentar.<br>Hvenær var option færð yfir á þig?<br>Tryggvi. | |
| 07-08-2001 | JÁJ til TJ<br>Subj: RE: Jólagjafir til starfsmanna | Tölva TJ | Om er bara 25 milljónir þá vantar heldur mikið upp í 200 þætti vænt um að hafa yfirsýn yfir þetta í detail<br>Jón Ásgeir | |



00264

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 09-08-2001 | HB til TJ<br>Cc: Ármann Þorvaldsson<br>Subj: FW: Inngreiðsla á hlutafé til A Holding S.A. | Tölva TJ | Með tilvísan til samtals þíns við Ármann Þorvaldsson í gær þá sendi ég þér þetta mail. Meðfylgjandi er e-mail sem var sent til Jóns Ásgeirs fyrr í sumar en hefur ekki verið svarað. Umrædd ca. GBP1.050.000 kemur fram í þeim samningum sem gerðir voru vegna A-Holding en Baugur hefur aldrei greitt.<br>Ef þig vantar meiri upplýsingar þá vinsamlegast kallaðu eftir þeim. Kveðja, Helgi Bergs.<br>*Meðfylgjandi bréf frá HB til JÁJ:*<br>Jón Ásgeir, svo virðist sem Baugur hafi ekki greitt til A Holding S.A. þá rúmu GBP 1m sem Baugur átti að greiða. Ég heyrði í Magnúsi Guðmundssyni og hann staðfesti að hann hefði lánað Baugi peninga en ekki lagt þá inn á reikninga A Holding S.A. heldur greitt þá til Baugs.<br>Gætirðu vinsamlegast látið Lindu eða viðeigandi manneskju á þínum enda fara yfir málið og staðfesta við mig hvenær Baugur greiddi inn fyrrgreinda fjárhæð vegna hlutafjárkaupa í A Holding S.A.<br>Helgi Bergs | 27 |
| 09-08-2001 | TJ til HB<br>Cc: Ármann Þorvaldsson<br>RE: Inngreiðsla á hlutafé til A Holding S.A. | Tölva TJ | Ég kannast ekki við að Baugur hafi fengið þetta lánað og ekki greitt inn. Hvert fór lánið? Er hægt að rekja það? Tryggvi. | |



00265

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14-09-2001 | HB til TJ<br>Cc: JÁJ, MG, Guðný Arna Sveinsd., Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson, BD og Eggert J. Hilmarsson<br>Subj: Greiðsla á hlutafé til A-Holding S.A. | Tölva TJ | Tryggvi,<br>Eins og ég hef komið á framfæri við þig og Jón Ásgeir margsinnis yfir seinustu vikur og mánuði þá á Baugur eftir að greiða rúma GBP 1m til A Holding S.A. vegna hlutafjárhækkunar í félaginu. Minn skilningur er sá að þið kannist við að skulda þessa fjárhæð en hafið ekki greitt án þess að hafa gefið neina ástæðu fyrir því til hluteigandi aðila.<br>Þessi skuld er farin að valda Kaupþingi og aðilum tengdum þessu máli vægast sagt verulegum vandamálum. Kaupthing Luxemburg er til dæmis í verulegum vandamálum gagnvart opinberum eftirlitsaðilum í Luxemburg út af þessu máli. Kaupþing Reykjavík hefur ekki ennþá fengið greidda umsamda þóknun sína vegna þessa máls vegna þess að A Holding getur ekki greitt hana fyrr en Baugur greiðir þetta hlutafé. A Holding S.A. hefur heldur ekki getað greitt reikninga til Íslandsbanka vegna ábyrgðar sem þeir hafa veitt til A Holding S.A.<br>Þá hefur Kaupþing greitt reikninga um um það bil 50 mkr. vegna þóknanna til lögfræðinga A Holding S.A. og vegna ráðgjafar Deutche Bank, en vegna þess að Kaupþing sá um samskiptin við þessa aðila þá vildum við ekki missa andlitið gagnvart þeim. Kaupþing hefur því greitt þessa reikninga og á nú kröfu á A Holding S.A sem A Holding S.A. getur ekki greitt fyrr en Baugur greiðir hlutaféð.<br>Spurningin er: Afhverju borgið þið ekki þetta hlutafé til A Holding S.A.?<br>Helgi Bergs | 28 |
| 18-10-2001 | BD til JÁJ og TJ<br>Subj: A Holding | Tölva TJ | Vek athygli á því að samtals 3,500,000 hluta í Arcadia eru fastir í kerfi Merill Lynch í London þar sem hlutirnir eru í nafni Íslandsbanka hf. Til þess að unnt sé að færa bréfin yfir til A Holding verður að greiða stimpilgjald, sem skv. upplýsingum frá ML nemur nú GBP 27.649,30.<br>Skv. upplýsingum frá Kaupthing Lux er ekki innistæða fyrir gjaldinu hjá A Holding, sem skuldar hartnær GBP 1m. Á mót kemur krafa A Holding á hendur Baugi hf. að u.þ.b. sömu fjárhæð vegna ógreidds hlutafjárloforðs. Ef bréfin hafa ekki verið færð til A Holding fyrir aðalfund Arcadia sem halda á síðar í þessum mánuði er ljóst að félagið mun í besta falli lenda í verulegum vandræðum við að ná til síðan arðgreiðslum á bréfin, ef einhverjar verða.<br>Kaupþing mun ekki greiða stimpilgjöldin þar sem félagið á nú þegar háa fjárkröfu á hendur A Holding.<br>Kveðja Bjarki H. Diego | 29 |
| 26-10-2001 | TJ til BD og JÁJ<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Sæll Bjarki.<br>Þetta eru athyglisverðar upplýsingar. Ég veit ekki betur en að við höfum keypt þessi hlutabréf á sínum tíma og greitt það sem þurfti að greiða. Það hlýtur að vera hlutverk Íslandsbanka að sjá um að bréfin færist yfir á A Holding. Hefur þú rætt við þá?<br>Kveðja Tryggvi | |

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 26-10-2001 | BD til TJ<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Sæll Tryggvi<br>Íslandsbanki hefur ekki viljað ljá máls á því að greiða þetta stimpilgjald, en Kaupþing hefur svo sem ekki krafist þess formlega að þeir geri það, enda litið svo á að um mál A Holding sé að ræða, þar sem meginreglan er sú að það er kaupandi sem greiðir stimpilgjald, sem leggst þá ofan á kaupverð, nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Mér er ekki kunnugt um að Íslandsbanki og A Holding hafi samið svo um sérstaklega að seljandi greiddi stimpilgjald, eða að það væri innifalið í kaupverðinu.<br>Það virðist annars hver vísa á annan í þessu máli, en þegar allt kemur til alls hljóta seljandi og kaupandi að verða að leysa þetta mál sín á milli, þ.e. A Holding og Íslandsbanki. Árétta það sem áður hefur komið fram um mikilvægt sé fyrir aðila málsins að leysa það hið fyrsta.<br>Kveðja, Bjarki. | 29 |
| 26-11-2001 | TJ til BD<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Ég verð að segja að ég er hálfráðþrota í þessu máli. Við keyptum hlutabréf í A-Holding á sínum tíma, síðar kemur í ljós að hluti þeirra eigna sem við keyptum eru ekki skráðir á fyrirtækið vegna vangreiddra stimpilgjalda. Eigum við síðan að hækka kaupverðið sem nemur þessum ógreiddu stimpilgjöldum? Hvað ef allir seljendur hefðu verið í sömu stöðu? Er svarið kannski “tough luck”?<br>Nei, ég held að það sé ekki ósanngjarn að fara fram á að seljendur gangi frá hlutabréfunum yfir til A Holding.<br>Nýverið var ákveðið að Arcadia greiddi út arð vegna síðasta árs. Þó sá arður sé ekki of ríflegur (að þessu sinni) er ljóst að hluti hans kemur ekki til okkar þar sem bréfin eru ekki skráð á okkur, nema væntanlega eftir krókaleiðum. Því vil ég biðja ykkur, háttvirta seljendur, um að herða upp hugann, axla ábyrgðina og ganga frá þessu hið fyrsta.<br>Sanngjarnt? Það held ég.<br>Með kveðju<br>Tryggvi | |
| 26-11-2001 | BD til TJ<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Árétta það sem áður hefur komið fram um að greiðsla stimpilgjalda vegna þessara viðskipta er málefni kaupanda og seljanda, þ.e. A Holding og Íslandsbanka, sem hljóta að verða að leysa málið sín á milli, og því fyrr því betra.<br>Kv.,Bjarki | |
| 26-11-2001 | TJ til BD<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Mín athugasemd er hins vegar sú að þetta gerist í “valdatíð” fyrri eigenda og þáverandi stjórn átti að gagna frá þessu. Íslandsbanki og aðrir seljendur bera því þá ábyrgð að ganga frá þessu. Eru bréfin ekki skráð á Íslandsbanka í dag?<br>Tryggvi | |



00267

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 26-11-2001 | BD til TJ<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Sæll Tryggvi<br>Af tillitssemi við málefnið þykir mér rétt að senda þér einum þennan tölvupóst. Hvað varðar kaup A Holding á umræddum hlutabréfum í Arcadia af Íslandsbanka þá er það svo að Baugur hf. keypti allt hlutafé í A Holding fyrir ákveðið verð.<br>Í kaupsamningnum var gert ráð fyrir að í félaginu væri reiðufé sem miðað var við að þáverandi "valdhafar" í félaginu myndu nota til að greiða útistandandi skuldir félagsins, þ.m.t. stimpilgjöld. Þegar "valdhafarnir" ætluðu að greiða umræddan kostnað, kom í ljós að A Holding átti ekkert reiðufé, og skuldaði reyndar umtalsverða fjárhæð, en við vitum báðir hvers vegna það var.<br>Kjarni málsins er að A Holding, kaupandi hlutabréfanna, á að greiða þessi stimpilgjöld. Ástæða þess að það hefur ekki verið gert er sú að félagið á ekki reiðufé vegna ógreidds hlutafjárloforðs Baugs hf. Seljendur hlutafjár í A Holding tóku aldrei á sig ábyrgð á greiðslu stimpilgjalda í eigin nafni heldur hvílir skuldin á A Holding, nema um annað hafi verið samið við Íslandsbanka, en Finnur Reyr Stefánsson hjá Íslandsbanka kannast ekki við að svo hafi verið....<br>Kv., Bjarki | 29 |
| 27-11-2001 | TJ til BD<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Ég skil. Raunar vissi ég þetta fyrir og fór yfir það með Eggert og Magnúsi í Lux í sumar að þetta lenti á okkur. Auðvitað hefði einfaldlega verið til minni eignir ef A Holding hefði verið búið að greiða þetta. Mér fannst hins vegar sjálfsagt að ströggla í þeirri veiku von að Íslandsbanki greiddi þetta. Þeir virðast hins vegar ekki hafa það í huga.<br>Hvað er þetta mikið og hvert á að greiða þetta?<br>Tryggvi | |
| 28-11-2001 | BD til TJ<br>Subj: RE: A Holding | Tölva TJ | Skil þig – þetta eru GBP 27,649.30 og ég held að það sé heppilegast að greiða þetta til okkar hér í Kaupþingi, en Þóra Björk Smith í bakvinnslunni hjá okkur myndi ganga frá þessu. .....<br>Kv., Bjarki | |

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 26-11-2001 | Jóhanna Waagfjörð (JW) til JÁJ og TJ<br>Subj: Cash flow | Tölva TJ | Cash flow er eins og fyrri daginn vandamál. Ég var búin að búast við að Kaupþing gæti lánað okkur 150 millj. í dag til 10/12 en það gekk ekki. Á endanum tókst mér að fá hjá Landsbanka það sem vantaði í dag, ávöxtunarkrafan er rétt tæp 15%. Þetta tekur ótrúlega mikinn tíma að standa í þessum skammtímaæfingum á milli bankanna og vextir alveg ferlega háir. Það sem vantar á til að allt gangi upp fram að áramótum er eftirfarandi:<br>100 millj. kr 30/11 greitt til baka 10/12<br>250 millj. kr 5/12 greitt til baka 27/12<br>250 millj. kr. 17/12 greitt til baka 27/12<br>Það er ekki búið að gera sjóðstreymi fyrir janúar þannig að ég sé ekki lengra fram í tímann, en það lítur út fyrir að við verðum enn í þessum æfingum eitthvað fram í janúar/febrúar.<br>Ég veit að þið eruð nú að vinna í meiriháttar fjármögnun v/Bretland en það er alveg ljóst að fjármögnun á rekstri hér heima er í járnum. Jón Ásgeir, þú varst búinn að tala um að möguleiki væri á að fá lán hjá TM eftir 15. nóvember, hvað segir þú um að reyna að fá eitthvað hjá þeim??? Ég ætla að reyna að sjá hvort Kaupþing geti séð um þessar 100 núna á föstudaginn en við erum í vanda strax 5/12 aftur. Tryggvi, þú varst búinn að tala um að hægt væri að gera endurkaupa samning á hlutabréfunum í TM, á ég að kanna þann möguleika???<br>Best væri ef við gætum fengið 500 millj. kr. í 3 mánuði, er það einhver möguleiki?<br>Við vissum að við mundum vera í þessari aðstöðu á þessum tíma þar sem Íslandsbanki gat eingöngu opnað 300 millj.kr. viðbót fyrir okkur en við þurftum 600 millj. kr. þegar hæst stæði fram að áramótum. Einnig höfum við greitt til KPMG í Bretlandi 200 millj. kr. sem ekki var inni í upphaflegu plani.<br>Ég mun nú reyna að fá alla til að draga greiðslur eins og hægt er en það verður auðvitað að greiða á endanum. Við þurfum að finna lausn á þessu strax.<br>OK<br>Jóhanna Waagfjörð | 30 |



00269

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 27-11-2001 | TJ til JÁJ<br>Subj: FW: Cash flow | Tölva TJ | Sæll Jón<br>Eins og þú sérð er peningastaðan býsna þung hjá okkur. Tvennt snýr að þér:<br>1. Geturðu ýtt á eftir Straumi um að ganga frá láninu til Gaums, svo við getum losað þar 100 millj kr. ? Ég veit að þetta lán er það sem Stefán hefur mestar áhyggjur af því aðrar skuldir Gaums við Baug eru tengdar viðskiptum. Þetta er hins vegar beint lán, sem er ólöglegt. Æskilegt er að hreinsa þetta út sem fyrst, en ekki síst af því okkur vantar aurinn.<br>2. Þú hafðir nefnt við Jóhönnu að þú gætir haft milligöngu um lán frá TM. Er það raunhæft í dag eins og staðan er nú?<br>Kveðja<br>Tryggvi | 30 |
| 27-02-2002 | Þorsteinn Víglundsson (ÞV) til JW<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Sæl Jóhanna,<br>Við erum búin að vera í sambandi við Íslandsbanka í dag út af þessari 3,1 milljón bréfa. Sá sem mun víst sjá um þetta var veikur í dag en væntanlegur á morgun. Finnum væntanlega út úr því þá. Hefur þú eh. heyrt frá þinni hlið?<br>Varðandi óuppgerð mál A Holding þá tók ég saman meðfylgjandi Excel skjal. Eins og þú sérð eru enn óuppgerð ýmis mál vegna kaupanna á sínum tíma sem A Holding átti að taka á sig. Einnig eru ógreiddir yfirdrættir félagsins hér úti vegna stofnkostnaðar, rekstrarkostnaðar og annarra útlagðra gjalda. Félagið stendur því enn í rúmlega 91 milljóna króna skuld við KTL/Kaupþing og aðra þegar búið er að draga þann arð frá sem við fengum greiddan til okkar.<br>Þetta er talsvert meira en það sem við spjölluðum um í morgun og stafar af þessum reikningum sem lagt var út fyrir af hálfu KÞ.<br>Ég sé því ekki fram á að við getum greitt út arðinn til ykkar m.v. þessa stöðu.<br>kv. Þorsteinn | 31 |
| 28-02-2002 | JW til Önnu Þórðardóttur (AÞ)<br>Cc: TJ<br>Subj: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Anna, er þetta eitthvað sem þú ert með skráð hjá okkur sem skuld við Kaupþing Lux.? Þeir vilja skuldajafna arðinum sem við erum að fá frá Arcadia á móti þessum skuldum. Ég var í þeirri trú að allar skuldir við kaupþing Lux væri búið að ganga frá með lánasamningum.....<br>Kv. Jóhanna W. | |



00270

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 07-03-2002 | AÞ til JW<br>Cc: TJ<br>Subj: RE: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Sæl Jóhanna<br>Í des. sl. var gerður lánssamningur á milli baugs Holding og Kaupþings að fjárhæð 2.430.241 GBP. Peningarnir voru notaðir til að greiða upp skuldabréf frá maí 2001 á milli A Holding og Kaupþings að nafnverði 2.262.638 GBP. Það skuldabréf var vegna 2 reikninga frá Kaupþingi til A Holding, annar að fjárhæð 300.000.000 kr. og hinn að fjárhæð 36.036.612 kr. Lánssamningurinn hefði því átt að vera á nafni A Holding. Það þarf því að nafnbreyta honum.<br>Aðrar skuldir við Kaupþing vegna A Holding er ógreiddar.<br>Eggert var búinn að leggja til erlendu lánin yrðu flutt yfir í Nebrasco Corp. Ásamt eignarhlutanum í A Holding S.A. og Bonus Dollar, þ.e. sá hluti sem aðeins á að skila Capital Gain. Rýmri reglur gilda um Nebrasco en Baug holding, td. hvað varðar hlutafé og bókhald. Hægt væri að færa bókhaldið á Íslandi. Uppgjörsreglurnar í Lux eru að mörgu leiti ekki eins og hér á landi t.d. má aðeins tekjufæra innleystan gengishagnað af lánum. Það yrði því mun auðveldara að nota Nebrasco félagið sem er ekki bókhaldsskylt. Við gætum því gert það upp eins og önnur Baugsfélög. Í þessu sambandi þurfum við að huga að skattamálunum. Holding félögin eru ekki skattskyld og það er því ekki skynsamlegt að gera þau upp með tapi.<br>Kveðja<br>Anna | 31 |
| 07-03-2002 | TJ til AÞ og JW<br>Cc:MG<br>Subj: RE: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Sælar verið þið.<br>Ég er búinn að ræða við Magnús um að ég komi fljótlega til hans og klári ýmis útistandandi mál hjá honum, þar á meðal þetta. Ágætt væri ef þið stöllur settu saman lista um það, sem þið teljið að þurfi að gera, eða skýra, sem ég get haft með mér. Dagsetning á ferðina er ekki komin.<br>Kveðja<br>Tryggvi | |



00271

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 08-03-2002 | AÞ til TJ og JW<br>Cc: MG<br>Subj: RE: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Sæll Tryggvi,<br>Það er eitt mál sem gott væri að fá á hreint áður en 12 mán. uppgjörið verður klárað.<br>Þann 29.12.2000 seldi Baugur til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia á genginu 0,85 fyrir 2.635.000 GBP eða ca 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða ca 544 millj. kr. Þessar upplýsingar hef ég frá minnisblaði sem Linda útbjó. Við höfum ekki fengið önnur fylgiskjöl um málið. Í uppgjöri A Holding voru hlutabréfin bókfærð sem framlag Baugs og voru þau færð á genginu 1,35. Líklega eru þetta bréfin sem Íslandsbanki var með. Átt þú eintak af kaupsamningnum?<br><br>Í des. sl. gerði Baugur hf. lánssamning við Kaupþing hf. upp á 20.239.779 USD en 15.239.779 USD er greiðsla vegna Bonus Stores og 5.000.000 USD er greiðsla á skuld Baugs við Kaupthing Lux. eina skuldin sem við vorum með skráða við Kaupthing Lux voru áðurnefndar 4.185.000 GBP. Það er því spurning hvort þessir 5.000.000 USD tengjast hlutabréfakaupunum eða einhverju öðru máli. Ég var búin að senda fyrirspurn á Eggert í Lux um málið og vísaði hann á þig og Magnús til að svara því.<br><br>Greiðslan vegna Bonus Stores var bókuð hjá Baug Holding sem skuld við Kaupþing. Núna er lánið tekið í nafni Baugs hf. Baugur er því aftur farinn að skulda verulegar fjárhæðir í erl. mynt. Hvaða ástæða var fyrir því að lánið var tekið í nafni Baugs hf. ?<br>Kveðja, Anna | 31 |

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11-03-2002 | TJ til AÞ og JW<br>Cc: MG<br>Subj: RE: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Sæl verið þið. Þið sjáið svör mín fyrir aftan hvern punkt. Með kveðju Tryggvi.<br>*Sæll Tryggvi,*<br>*Það er eitt mál sem gott væri að fá á hreint áður en 12 mán. uppgjörið verður klárað.*<br>*Þann 29.12.2000 seldi Baugur til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia á genginu 0,85 fyrir 2.635.000 GBP eða ca 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða ca 544 millj. kr. Þessar upplýsingar hef ég frá minnisblaði sem Linda útbjó. Við höfum ekki fengið önnur fylgiskjöl um málið. Í uppgjöri A Holding voru hlutabréfin bókfærð sem framlag Baugs og voru þau færð á genginu 1,35. Líklega eru þetta bréfin sem Íslandsbanki var með. Átt þú eintak af kaupsamningnum?* [Tryggvi Jónsson] Við seldum bréfin til Kaupþing í lok 2000, það er rétt. Í janúar 2001 var síðan tekin ákvörðun um A Holding og þá var sami fjöldi bréfa keyptur til baka, en í millitíðinni hafði gengið hækkað. Eins og þú þekkir þá sá Jón Ásgeir alveg um A Holding pakkann. Hvort hann er með samning í sínum förum veit ég ekki, en dreg mjög í efa. Líklega tengjast þessi bréf ekki neitt Íslandsbanka.<br><br>*Í des. sl. gerði Baugur hf. lánssamning við Kaupþing hf. upp á 20.239.779 USD en 15.239.779 USD er greiðsla vegna Bonus Stores og 5.000.000 USD er greiðsla á skuld Baugs við Kaupthing Lux. eina skuldin sem við vorum með skráða við Kaupthing Lux voru áðurnefndar 4.185.000 GBP. Það er því spurning hvort þessir 5.000.000 USD tengjast hlutabréfakaupunum eða einhverju öðru máli. Ég var búin að senda fyrirspurn á Eggert í Lux um málið og vísaði hann á þig og Magnús til að svara því.* [Tryggvi Jónsson] Já, þessi skuld tengist A Holding, en síðan voru örugglega nokkur fleiri mál, þ.e. fjárfestingar, sem Lux lagði út fyrir og verið var að ganga frá. Eins og ég sagði þér um daginn ætla ég að fara ttil Lux við fyrsta tækifæri og fá botn í þessa flækju í eitt skipti fyrir öll.<br><br>*Greiðslan vegna Bonus Stores var bókuð hjá Baug Holding sem skuld við Kaupþing. Núna er lánið tekið í nafni Baugs hf. Baugur er því aftur farinn að skulda verulegar fjárhæðir í erl. mynt. Hvaða ástæða var fyrir því að lánið var tekið í nafni Baugs hf. ?* [Tryggvi Jónsson] Góð spurning. Upphaflegt lán vegna Bonus Stores er raunar í gegnum Nebrasco, dótturfélag Baugur Holding, en á því hefur orðið breyting. Skipta átti Bonus Stores fjáfestingunni í tvennt (þ.e. ordinary shares og preferred shares). Eggert var með það á sinni könnu að finna út hvar við ætluðum að hafa þessareignir staðsettar, þ.e. hvar átti að mynda söluhagnað (preferred shares verða að tvöföldum ordinary shares á næstu árum og helmingurinn síðan seldur) og hvar átti að hafa bréf staðsett sem skila arðgreiðslum. Við höfum rætt Lux, Ísland og Holland en ekkert ákveðið hefur enn komið út úr þessu. Þetta er líka eitt af því sem verður til umfjöllunar þegar við Mangús hittumst.<br>*Kveðja, Anna* Kveðja Tryggvi | 31 |



00273

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11-03-2002 | AÞ til Tj og JW<br>Cc: Stefán Hilmarsson (SH)<br>Subj: RE: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Sæl, við munum þá ganga frá 12 mán. uppgjöri A og Baugs Holding á vipuðum nótum og 9 mán. uppgjörinu. Reikningarnir frá Kaupthing New York að fjárhæð 2.500.000 USD verða því bakfærðir.(?) Eigum við að gjaldfæra hluta af kostnaðinum vegna Arcadia (White fish – 240 millj.kr.) hjá A Holding eða á þetta að standa óbr. í bókum Baugs hf.?<br>Lánasamningar við Kaupþing eru frá 28.12.2001, gengisáhrif vegna þeirra eru því óveruleg um áramótin. Í 9 mán. uppgjörinu voru birgðir Bonus Stores lækkaðar um 6.000.000 USD og fastafjármunir um 1.423.054 USD. Á að gera þessar færslur líka í 12 mán. uppgjörinu?<br>Aðalmálið í uppgjörinu eru hlutdeildartekjurnar frá Arcadia en við erum ekki enn búin að fá upplýsingar um þær. Við vonum svo að öll mál verði komin á hreint í 14 mán. uppgjörinu.<br>Kveðja, Anna. | 31 |
| 18-03-2002 | TJ til AÞ og JW<br>Cc: SH og JÁJ<br>Subj: RE: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Það er ljóst að tekjur okkar frá Kaupþingi verða a.m.k. $1,5 millj. þannig að ekki þarf að færa nema $1,0 til baka. Varðandi Arcadia kostnaðinn þá vorum við búnir að taka tillit til gjaldfærslu á honum þegar bráðabirgðatölur ársins voru kynntar. Hlutdeild í hagnaði Arcadia var a.m.k 250 millj. kr. hærri en við tókum inn. Hugsunin var sú að færa kostnaðinn til lækkunar á móti hlutdeildinni. Jón Ásgeir getur útvegað ykkur upplýsingar um hlutdeildarhagnaðinn.<br>Hafa þarf óbreytt leiðréttingar vegna Bonus Stores, því það kemur síðan fram í bókhaldi Bonus Stores Inc. í ársuppgjörinu. Ég er að stefna að því að fara til Mississippi í vikunni sem byrjar 21. apríl og hefði kosið að Stefán kæmi með í þá för, bæði til að kynna sér hvernig staðið er að birgðaverðmæti og að sjá hvert ársuppgjörið þar stefnir í. Eins held ég að það sé gott fyrir ykkur að hitta Guy og aðra, sem þið þurfið að hafa samband við, því það er alltaf auðveldara að fylgja hlutum eftir ef maður hefur hitt viðkomandi.<br>Með kveðju, Tryggvi | |
| 30-04-2002 | MG til TJ | Tölva TJ | Sæll Tryggvi<br>Ég get því miður ekki fjármagnað þessar 200 mills til Vors, þar sem Kaupþing hefur ekki meira rúm fyrir áhættu á Baug hf.<br>Hvernig viltu leysa þetta<br>Kv mg | 32 |



00274

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01-05-2002 | TJ til MG | Tölva TJ | Sæll Magnús<br><br>Hugmynd mín var þessi (veit ekki hvort hún barst þér á talhólfið). A Holding er lántakandinn á skuld Vors. Mótbókunin er hækkun á upphaflegu kaupverði. Þannir er skuldin komin í okkar bækur. A Holding á síðan að geta tekið lán og greitt þessa skuld upp.<br><br>Að vísu skil ég ekki eitt í þessu "uppi og niðri" dóti. Í árslok 2000 keypti Kaupþing bréfin í Arcadia og seldi aftur skömmu síðar með vænum hagnaði. Í árslok 2001 var gengið frá stóru láni hjá Kaupþingi, sem m.a. átti að gera upp allar skuldir. Eigum við ekki þá inni hjá þér? Spyr sá sem ekki veit, nema hann sé úr sveit. Síðast þegar Eggert var hérna þá tók hann saman spurningar og athugasemdir, ætlaði að vinna úr því með þér og senda mér. Þess vegna töldum við ekki ástæðu til að ég kæmi út til þín, eins og þú manst. Ég hef ekkert heyrt meira um málið. Hvernig líður því?<br><br>Loks vil ég upplýsa þig að ég er að stofna Baugur Invest hf. á Íslandi, sem eiga mun ÖLL bréfin okkar í Bonus Stores, þ.e. bæði common stock og preferred stock. Eins og þú manst ræddum við um að hafa common stockinn á Íslandi, þar sem hann á aðallega að skila arðgreiðslum, og preferred stockinn í Luxembourg, þar sem hann á að skila söluhagnaði. Nú er komið í ljós að þegar preferred stocki er breytt í common stock verður umbreytingin meðhöndluð sem arður skv. USA reglum. Ef t.d. tvísköttunarsamningar við Holland eru góðir við USA getum við hvenær sem er (á þessu ári) selt bréfin á kostnaðarverði þangað án þess að mynda skattstofn á Íslandi. Ég gat hins vegar ekki beðið lengur með að stofna félag utan um preferred bréfin.<br><br>Kveðja Tryggvi | 32 |
| 01-05-2002 | MG til TJ<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Sæll Tryggvi ég er í Stockholmi þannig að ég verð í betra sambandi við þig eftir helgi,<br><br>Baugur hf. greiddi allt hjá okkur engar skuldir eftir. Hins vegar getur kaupthing gruppan ekki tekið meiri kredit áhættu á baug í heild sinni hvort sem það er baugur eða A Holding, vegna lána og hlutabréfa eignara í Baugi,<br><br>Þannig að 200 mills Vors er óleyst,<br><br>Varðandi upp og niðri þá hefur það aldrei verið leyst að fullu þannig að allt hangir meira og minna inn á einum reikningi,<br><br>en verð í sambandi á mán<br><br>Lifi verkalýðurinn<br><br>mg | |



00275

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 10-05-2002 | MG til TJ | Tölva TJ | Sæll Tryggvi<br>Fyrsta verk er að setaj upp hvernig cash flowið var<br>Þetta er í raun til þess að sýna fram á það afhverju Baugur borgaði 5m USD til okkar, við þurfum síðan að stilla þessu upp með tilliti til þess hvað má vera upp og hvað ekki, eins eru einvherjar færslur sem tilheyra Baugi Holding.<br>verð betra sambandi við þig eftir helgi,<br>til þess að dekka sumar færslur þá gerðum við Arcadia í gegnum mig en þar varð ekkert cash flow þó að við getum bókað hagnað, þá færist skuld á móti,<br>ættum að gera klárað þetta í næstu viku<br>hvað ertu með skráð í bókhaldi Buags á kaupthing lux?<br>Viðhengi: roff sjodstreymi.xls<br>*Excel skjal sem sýnir Cash flow. Ma. Lán vegna Arcadia, lán til Vors og greiðslur til ÓM, TJ og JB.* | 33 |
| 14-05-2002 | Daniel Jadoul til AÞ<br>Cc: EH<br>Subj: A Holding SA | Tölva TJ | Anna,<br>I refer til your phone call of today to Mr Eggert Hilmarsson regarding the bookkeeping of A Holding SA.<br>As we didn´t get any feedback about the outstanding issues after our meeting last year, it is, at this stage, not possible to issue a draft of the accounts. These outstanding issues concern quite significant amounts, such as:<br>1) The Deutsche Bank fees seem to be invoiced 3 times GBP 250.000.<br>2) Same fees seem to have been paid several times by third parties (Kaupthing hf, Baugur hf, Islandsbanki).<br>3) As we don´t have any statement form the Deutsche Bank, the interest rate of the loan amounting to GBP 25 million is unknown.<br>4) A Holding reimbursed GBP 1.015.000 in Nov 2001 to Baugur hf, we don´t know to which loan this payment pertains to.<br>5) How the Arendt & Medernach invoice amounting to Eur 59.775 has to be regarded (still due?), copy has been sent to Mrs Johanna.<br>Those amounts have a huge impact on the balance sheet and P&L account and preliminary accounts would be too uncertain.<br>Best regards,<br>Daniel Jadoul | 34 |

# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14-05-2002 | AÞ til JW og TJ<br>Cc: EH, SH og Daniel Jadoul<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Sæl,<br>Ég var að biðja um uppgjör fyrir A Holding og liggur það ekki fyrir. Eins og fram kemur í mailinu frá Daniel þá eru ýmis mál óljós vegna A Holding. Hver hjá Baugi mun sjá um að ganga frá þessum málum gagnvart þeim?<br>Kveðja Anna. | 34 |
| 14-05-2002 | TJ til JW og AÞ<br>Cc: JÁJ, SH, EH og Daniel Jadoul<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Ég geri ráð fyrir að Jóhanna sjái um þetta. Þessar ítrekuðu greiðslur út af ábyrgðarþóknun er eitthvað sem við höfum áður rætt um, og þú sérstaklega skoðað. Við héldum að komið væri til botns í því, en líklega ert þú best til þess fallin að klára það (ásamt Jóhönnu) við Kaupþing.<br>Kveðja<br>Tryggvi | |
| 14-05-2002 | AÞ til TJ<br>Cc: JÁJ, SH og JW<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Sæll Tryggvi,<br>Ég er að vinna í því að stilla upp uppgjörum fyrir A og Baug Holding og Nebrasco. Á sl. mánudag fór ég yfir minnisblaðið með Jóhönnu vega A og Baugs Holding en ég hafði látið þig hafa minnisblaðið í byrjun apríl. Jóhanna mun ganga frá þeim málum sem hún þekkir til.<br>En það eru tvö mál sem þarf að fá botn í. Skv. minnisblaði frá Lindu seldi Baugur hf. til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia Group á genginu 0,85 og nam söluverðið 2.635.000 GBP eða 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða 544 millj. kr. við höfum engin fylgiskjöl um málið. Þetta er óbókað hjá þeim í Lux hjá A Holding. Baugur hf. tók 20.239.779 USD lán hjá Kaupþingi þann 28.12.2001 og voru 5.000.000 USD greiddar til Kaupthing Lux. Ekki liggur fyrir hvað var verið að greiða þeim. Hver getur gert grein fyrir þessum málum'<br>Kveðja<br>Anna | |



00277

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14-05-2003 | TJ til AÞ<br>Cc: JÁJ, SH og JW<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Sæl.<br>Ég skal skoða þessar 5 millj. dollara, en 1 millj. af þeim var vegna Urð, Verðand, Skuld. Sjá sérstakan póst frá Jóhönnu sem ég sendi afrit á þig. Ég ræddi við Magnús í Lux í dag og vonandi er restin að skýrast.<br>Hvað varðar bréfin í Arcadia þá var ég búinn að senda Stefáni skýringu á því. Í stuttu máli er það þannig:<br>Á árinu 2000 keypti Baugur í Arcadia þessa 3.100.000 hluti. Kaupin voru fjármögnuð með framvirkum samningi í Íslandsbanka. Þegar kom að því að greiða hann var ákveðið að selja hlutinn. Kaupþing keypti og gerði upp skuldina og við fengum hagnað í okkar bækur.<br>Það var síðan ekki fyrr en seinni hluta janúar, eftir að Jón Ásgeir, Bjarni Ármanns og Hreiðar höfðu pælt í málinu, að ákveðið var að ráðast aftur í Arcadia bisnessinn. Í lok janúar var A Holding stofnað. Í samningnum var gert ráð fyrir að við legðum fram sem stofnhlutafé það sem við höfðum átt í Arcadia. Gallinn var sá að við vorum búnir að selja og þurftum því að kaupa aftur. Í millitíðinni hafði gengið hækkað.<br>“Rétta” færslan hefði því átt að vera sú að Baugur kaupir þessi bréf og leggur þau inn í A Holding. Hér kemur (óstaðfest) væntanlega skýring á $5 millj. skuldinni að einhverju leyti.<br>Kveðja<br>Tryggvi | 34 |
| 14-05-2002 | AÞ til TJ<br>Cc: JÁJ, SH og JW<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Af hverjum keyptuð þið aftur Arcadia bréfin? Hvernig voru þau greidd? Eru til samningar um þessi mál?<br>Kveðja<br>Anna | |
| 14-05-2002 | TJ til AÞ<br>Cc: JÁJ, SH og JW<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Ég er ekki klár á því. Þetta var eitthvað sem (að ég held) Bjarni Ármanns og Jón Ásgeir gengu frá. Kaupþing Lux veit þetta betur (út frá því hverjir eru vörsluaðilar þessara bréfa), en ég held égi fullyrða að við höfum keypt í gegnum Íslandsbanka. Þeir hafa síðan væntanlega keypt þetta á markaði af mörgum aðilum.<br>Kveðja<br>Tryggvi | |



00278

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14-05-2002 | AÞ til TJ<br>Cc: JÁJ, SH og JW<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Við höfum ekki séð gögn í bókhaldi Baugs hver sé kröfuhafinn vegna kaupanna en á minnisblaði Lindu er talað um Kaupthing Lux. Þess vegna datt mér í hug að þetta tengdist þessum 5.000.000 USD.<br>Mikið væri það dj.. gott að fá einhver skjöl um málið.<br>Kveðja<br>Anna | 34 |
| 14-05-2002 | TJ til AÞ<br>Cc: JÁJ, SH og JW<br>Subj: RE: A Holding SA | Tölva TJ | Reynum aftur:<br>1. Haustið 2000 kaupir Baugur 3.100.000 bréf í Arcadia í gegnum Íslandsbanka. Fjármagnað með framvirkum samningi sem gildir fram í desember 2000. Kaupverðið líklega að meðaltati um 0,45 pund. Einhvers staðar hlýtur að vera til pappír um þetta a.m.k í bankanum.<br>2. Í lok desember seljum við Kaupþing Lux. þessi bréf. Þeir greiða upp framvirka samninginn við Íslandsbanka. Söluverð er 0,85 pund þannig að hagnaður var umtalsverður. Þar sem samningurinn var í Íslandsbanka voru bréfin væntanlega á nafni þess banka. Pappírar eru því væntanlega til hjá bönkunum.<br>3. Í lok janúar 2001 kaupum við sama magn af bréfum af Kaupþingi og leggjum þau inn í A Holding.<br><br>Og hana nú.<br>Tryggvi | |



00279

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14-06-2002 | MG til TJ<br>Subj: vor | Tölva TJ | Sæll Tryggvi<br>Nú klárum við málin gagnvart VOR,<br>Samkvæmt yfirliti til Baugs þá skuldar Baugur eftir að ég er búinn að bakfæra vextina 1.428.073 GBP og 2.171.240 ISK, sem ég get notað til þess að gera uppvið VOR annað hvort með peningum eða kaupa hlutabréf í Baugi.<br>Það eina sem að þú þarft að gera er að slá lán (ekki hjá mér) og greiða ofangreindar upphæðir til mín og þá er þetta búið og upp og niðri komið á<br>Sjá leiðr. Cash flow sem ég mun senda til Jóhönnu<br>Láttu mig heyra<br>Mg<br>Viðhengi: statement of interest with out...<br>*Excel skjal sem sýnir Statement of Interests og Statement of cash flow* | 35 |
| 27-06-2002 | MG til TJ<br>Subj: | Tölva TJ | Sæll Tryggvi<br>eitthvað að frétta þannig að ég geti lokið okkar málum við VOR | 36 |
| 27-06-2002 | TJ til MG<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Hvað stendur fjárhæðin í ? Vera kann að koma sé lending.<br>Tryggvi | |
| 28-06-2002 | MG til TJ<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Það fer eftir hvaða vexti á að greiða, ef hann hefði fengið Baugs bréf eins og til stóð þá væri talan 269.000.000 ef vextir þá 236.000.000<br>kv<br>mg | |
| 28-06-2002 | TJ til MG<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Hann vildi vexti því á þeim tíma leit ekki og vel út með bréfin í Baugi. Sendu mér greiðslufyrirmæli sem ég get komið áfram.<br>Tryggvi | |
| 28-06-2002 | MG til TJ<br>Subj: RE: | Tölva TJ | 1100-26-454050 kt 560882-0419 | |

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01-07-2002 | TJ til MG<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Ég ræddi við Hrein. Hann var allt eins til í að setja lánið á skuldabréf því Vor vantar ekki aurinn. Geturðu útbúið skuldabréf til 3 ára. Hreinn ræður hvort það er í íslenskri eða erlendri mynt. Vextir verði meðalvextir (rúmlega meðalvextir?). Afborganir á 3 mánaða fresti.<br>Kveðja<br>Tryggvi | 36 |
| 08-07-2002 | MG til TJ<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Sæll TJ<br>Lánið er tekið til 2 júlí, ætli 16% væri ekki nærri lagi miðað við í fyrra, lánið væri þá til 3 ára (eitt ár búið) og greiðslur hefjast í næsta mánuði.<br>Ok kv mg | |
| 08-07-2002 | TJ til MG<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Er 16% ekki dálítið hátt, sérstaklega ef þetta er til 3 ára?<br>Tryggvi | |
| 09-07-2002 | MG til TJ<br>Subj: RE: | Tölva TJ | 3ára vextir voru 10% eigum við þá að segja 3% álag og 13%<br>kvmg | |
| 09-07-2002 | TJ til MG<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Höfum það 11,5% vexti og 3%. Samtals 14,5%. Samþykkt?<br>Tryggvi | |
| 09-07-2002 | MG til HL og SH<br>Cc: TJ<br>Subj: Vor | Tölva TJ | Sælir félagar<br>Skuld Baugs við Kaupthing/VOR verður greidd með skuldabréfi útgefnu 2 júlí 2001. Vextir 14,5% fyrsti gjalddagi 02/08/2002 með jöfnum afborgunum í 24 mán<br>Kv magnus | 37 |
| 09-07-2002 | HL til MG og SH<br>Cc: TJ<br>Subj: RE: Vor | Tölva TJ | Sæll, en hver var aftur höfuðstóllinn? Ef ég man rétt átti að vera í honum ákveðið "up-swing" vegna Arcadia þar sem Vor átti að hafa svipaða stöðu og þeir sem voru í A-Holding. | |
| 09-07-2002 | MG til HL og SH<br>Cc: TJ<br>Subj: RE: Vor | Tölva TJ | Höfuðstóllinn var 199.700.000, svingið er í höndum ykkar<br>mg | |



00281

## Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11-07-2002 | MG til TJ<br>Subj: FW: Vor | Tölva TJ | Sæll Tryggvi, eins og ég sagði þá er þetta á milli þín og Hreins, en ég heyrði í Hreini og honum fannst eðlilegt að þetta væri 15 milljónir til viðbótar við vextina..... | 37 |
| 13-07-2002 | TJ til MG<br>Subj: RE: VOR | Tölva TJ | Við erum búnir að ræða saman. Niðurstaðan er sú að lækka vextina í 14% og greiða 10 millj. til viðbótar við vextina. Getur þú gengið frá þessu?<br>Tryggvi | |
| 16-05-2002 | MG til TJ<br>Subj: FW: Tryggvi Jonsson | Tölva TJ | Sæll viltu undirrita þetta og senda frumritið til mín í pósti., hefur þú tíma núna fyrir uppi/niðri<br>Mg | 38 |
| 27-08-2002 | TJ til MG<br>Subj: RE: Tryggvi Jonsson | Tölva TJ | Sæll<br>Ég var held ég aldrei búinn að svara þessu af því að ég skildi ekki um hvað málið snérist. Af hverju er verið að flytja þessar eignir í Israel Bank?<br>Tryggvi | |
| 27-08-2002 | MG til TJ<br>Subj: RE: Tryggvi Jonsson | Tölva TJ | Sæll. IDB er bara milliliður, okkar clearing banki er í USD peningarnir enda hjá mér<br>Kveðja<br>mg | |

1

# Unknown

**From:** Linda Jóhannsdóttir [linda@baugur.is]
**Sent:** 19. janúar 2001 10:52
**To:** Jón Ásgeir Jóhannesson
**Cc:** Tryggvi Jónsson
**Subject:** Arcadia staða

Hlutabref Arcadia Deb.xls (25 ...

sælir,
meðfylgjandi er Arcadia skjalið, mjög góður hagnaður miðað við gengið í dag og einnig er pundið mun hærra.

Ég framlengdi öllum lánum, varðandi þessi kaup, í 2 vikur (1/2/01) og þá skilst mér að Kaupþing Lux muni greiða lánin og kaupa af okkur bréfin. Nú er nauðsynlegt að ég fái upplýsingar um málið til að klára desember, hversu mikið var selt og á hvaða gengi? Einnig hversu mikinn hagnað við tökum inn á árið?

kveðja, Linda

Linda Jóhannsdóttir
Baugur hf.
Fjármálastjóri
Sími: 530-5508



00283

(9)

# Unknown

**From:** Linda Jóhannsdóttir [linda@baugur.is]
**Sent:** 23. janúar 2001 14:46
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: Innborgun í A Holding SA

Sæll TJ, ég skil ekki þessi skilaboð. JÁJ talar um að greiða þurfi um 150 milljónir á föstudag og hann mun reyna að redda þeim fjármunum. 3,1 millj.punda er ca. 380 milljónir. Eru þetta ekki sömu bréfin og við keyptum og ætlum að framselja til Lúx? Það sem við keyptum er einmitt 3,1 millj.punda og skuld ca.310 milljónir á gjalddaga 1/2/01.

ég verð að hryggja þig með því að sjóður okkar er sprunginn og þá meina ég að ég get ekkert gert, eins valdalaus og ég er. Staðan er svona: Skammtímalán til 2/2 = -1,050 milljónir Áætluð staða í lok mánaðar á heftinu = -470 milljónir (heimild er 380) Skuld v/Arcadia á gjalddaga 1/2 = -310 milljónir

Áætluð staða þann 2/2, þegar skammtímalánin eru greidd, mun sjóður okkar vera -700 milljónir og enda í -1200 milljónum í lok febrúar!!!

Nú er það svart,
litla stúlkan með eldspýturnar

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 23. janúar 2001 13:43
To: Jón Ásgeir Jóhannesson \ (E-mail) <jon.asgeir@baugur.is>)
Subject: FW: Innborgun í A Holding SA

Greiðslufyrirmæli, með ekki miklum fyrirvara!
TJ

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 23. janúar 2001 12:52
To: 'tryggvi@baugur.is'
Subject: FW: Innborgun í A Holding SA

> Þið þurfið að leggja inn hjá Kaupthing Lux eftirfarandi upphæðir á
> föstudaginn:
>
> Baugur GBP 3.100.000
> Gaumur GBP 2.200.000
>
> Ég hef gert ráð fyrir að selja ykkur ofangreind GBP vinsamlegast látið
> mig vita ef þið ætlið að kaupa þau annarsstaðar.
>
> Kveðja,
> Helgi Bergs



00288

(5)

## Unknown

**From:** Jón Ásgeir Jóhannesson [jon.asgeir@baugur.is]
**Sent:** 25. janúar 2001 11:15
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: Innborgun í A Holding SA

Samkvæmt samþykkt stjórnar þá má Baugur leggja 1,2 milljóir punda til viðbótar ég geri mér grein fyrir sjóðsstöðu Baugs og mun hef því fengið ÍB með í A holding þeir koma inn með 500 núna þannig að við borgum þetta 5 feb.

Jón Ásgeir

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: þriðjudagur, janúar 23, 2001 1:43 PM
To: Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail)
Subject: FW: Innborgun í A Holding SA

Greiðslufyrirmæli, með ekki miklum fyrirvara!
TJ

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 23. janúar 2001 12:52
To: 'tryggvi@baugur.is'
Subject: FW: Innborgun í A Holding SA

> Þið þurfið að leggja inn hjá Kaupthing Lux eftirfarandi upphæðir á
> föstudaginn:
>
> Baugur GBP 3.100.000
> Gaumur GBP 2.200.000
>
> Ég hef gert ráð fyrir að selja ykkur ofangreind GBP vinsamlegast látið
> mig vita ef þið ætlið að kaupa þau annarsstaðar.
>
> Kveðja,
> Helgi Bergs



00289

# Unknown

(6)

**From:** Jón Ásgeir Jóhannesson [jon.asgeir@baugur.is]
**Sent:** 27. janúar 2001 09:19
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: Greiðslur

ég sé um þetta mál það er rétt að þetta er 1.2 milljónir búinn að redda greiðslu fram yfir helgi og einnig búinn að sjá til þess að blanki Baugur þarf ekki borga fyrr en í feb. jaj

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: föstudagur, janúar 26, 2001 6:06 PM
To: Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail)
Cc: Linda Jóhannsdóttir (E-mail)
Subject: FW: Greiðslur

Við fengum greiðslufrest fram yfir helgi á skuld Baugs. Ég stóð í þeirri meiningu (sbr. stjórnarfund) að Baugur ætti að greiða 1,2 millj. GBP en ekki 2,2 millj.

Annað: Verðbréfaþingið óskar eftir frekari upplýsingingum, sem hún þarf síðan að meta hvort eigi að fara út. Samkvæmt þeim fréttatilkynningum, sem frá okkur hafa komið, kemur ekki fram hvað við eigum stóran hlut af heildarfjárfestingunni, því því hafa þeir fengið fyrirspurnir hvort við séum búnir að fara með stóran hluta af eigin fé Baugs í þessa fjárfestingu.

Taka þarf því saman hvernig staðið er að fjárfestingunni, enda á það ekki að vera neitt leyndarmál og mun koma fram í 6 mánaða uppgjöri. Það sem fram þarf að koma er að við höfum stofnað A-Holding, S.A. og greitt ca. 400 mills. í hlutafé þar. Það þýði x% af heildareiginfé A-Holding. Síðan hafi A-Holding tekið lán fyrir viðbótinni.

Ert þú ekki sá eini sem ert með þessa mynd í heild sinni?

TJ

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 26. janúar 2001 10:46
To: jon.asgeir@baugur.is
Cc: kristin@gaumur.is; linda@baugur.is; 'tryggvi@baugur.is'
Subject: Greiðslur

Eins og kemur fram í samningnum sem við skrifuðum undir þann 24. janúar 2001, þá eiga eftirfarandi félög að greiða inn eftirfarandi upphæðir:

* Baugur ISK 277.530.000 (jafnvirði GBP 2.200.000) - Greiðist inn á vörslureikning Kaupthing Lux. 1100-26-454080
* Gaumur GBP 3.100.000 - Greiðist inn á reikning í SE banken, London, SWIFT: ESSE GB2L, Acc. of Kaupthing hf., #18276018, SWIFT: KAUP IS RE

Við höfum fengið staðfestingu um að Gaumur hafi greitt eftirfarandi upphæð inn á reikningin okkar hjá SE banken, GBP 2.380.053, þannig að það vantar rúm GBP 700.000.

Þá höfum við ekki sé neina greiðslu frá Baugi.

Kveðja,
Helgi Bergs



00290

(7)

## Unknown

**From:** Ólafur Frímann Gunnarsson Kaupþing hf [olafur@kaupthing.is]
**Sent:** 31. janúar 2001 15:30
**To:** kristin@gaumur.is; linda@baugur.is; 'tryggvi@baugur.is'; jon.asgeir@baugur.is
**Cc:** Helgi Bergs Kaupþing hf
**Subject:** Uppgjör vegna A Holding og Arcadia

**Importance:** High

Skv. samtali við Helga Bergs sendi ég upplýsingar um greiðslur sem vantar vegna kaupa á bréfum í A Holding. miðað er við 14% vexti

Baugur:
átti að greiða 2.2mio GBP í ISK þann 26/1 alls 277.530.000 vextir eru 539.641,67 í dag á því að greiða ISK 278.069.641,67 inn á reikning 1100-26-454080 kt 560882-0419

Gaumur:
átti að greiða GBP 3.100.000 þann 26/1 greiddi GBP 2.380.053 á vantaði GBP 719.947 sem gerði ISK 90.821.314, vextir af því eru 176.597 í dag á því að greiða ISK 90.997.911 inn á reikning 1100-26-454080 kt 560882-0419

Alls eru þetta því ISK 369.067.552,67 sem eru til greiðslu í dag.

með kveðju,


Ólafur Frímann Gunnarsson
Kaupþing hf. - Alhliða fjárfestingabanki
Ármúli 13 108 Reykjavík
Beinn sími: 515 1581
Sími: 515 1500
Fax: 515 1599
<http://www.kaupthing.net>
E-mail olafur@kaupthing.net


> Veist þú hvernig Viðskiptavefur Kaupþings getur nýst þér?
> <http://www.kaupthing.is/vvefur>
>
>
>

(8)

## Unknown

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 31. janúar 2001 16:52
**To:** Magnús Guðmundsson (E-mail)
**Subject:** Arcadia

Í framhaldi af fundi okkar í Luxembourg fyrr í mánuðinum, og í framhaldi af samtali okkar fyrr í dag, sendi ég þér upplýsingar um stöðu Arcadiabréfanna, sem Kaupþing keypti af Baugi í lok síðasta árs.

Alls eru um 3.100.000 millj. bréf að ræða. Kaupverð er GBP 0,85 á hlut, eða samtals GBP 2.635.000.

Áhvílandi skuldir eru mun hærri en ég taldi eða GBP 2.465.937,88 (sem svarar til 308.242.235,53 ísl. kr. á genginu 125,00). Skuldir þessar eru fyrst og fremst við Íslandsbanka FBA hf., nema GBP 319.171,42 (39.896.427,63 kr.) sem eru við Kaupþing. Skuldirnar eru allar á gjalddaga á morgun og því liggur á greiðslu. Munurinn á 2.635.000 (kaupverð) og 2.465.937,88 (áhvílandi skuldir) leggjast inn á bankareikning sem stofnaður yrði í nafni Baugs.

Vinsamlega sendu þessa greiðslu (í pundum) til Baugs á morgun svo við getum gert upp skuldirnar. Ef tafir verða á hluta greiðslunnar vinsamlega láttu Lindu vita, því ég fer utan í fyrramálið.

Söluverð á þessum bréfum í A-hold yrði síðan GBP 1,35 eða samtals GBP 4.185.000. Mismunur kaupverðs og söluverðs er því tæpar 200 mills.

Kveðja

Tryggvi

## Unknown

**From:** Magnus Gudmundson [magnus@kaupthing.lu]
**Sent:** 1. febrúar 2001 15:48
**To:** linda@baugur.is
**Cc:** tryggvi@baugur.is

share transfer person selling ...

Sæl ég var að faxa á þig samninginn sem ég skrifaði undir vegna Stoða vinsamlega greiða 13.000.000 ISK í dag inn á reikning 1100-26-454080 kt 560882-0419

meðfylgjandi er nýr samningnur vegna Arcadia þar sem að fyrri var ekki réttur

Best regards,

Magnús Guðmundsson
Managing Director
Kaupthing Bank Luxembourg S.A
12, Rue Guillaume Schneider
L-2522 Luxembourg
Mailto:magnus@kaupthing.lu
http://www.kaupthing.net
Beinn simi +(352) 46 31 31 31
GSM +(352) 021 288 938
Fax +(352) 46 31 31 222

**SHARE TRANSFER AGREEMENT**

Between: Baugur hf
Skútuvogi 7
104 Reykjavík
Iceland

(hereinafter, the "Seller")

and: Kaupthing Bank Luxembourg S.A.
12, rue Guillaume Schneider
L-2522 Luxembourg
Luxembourg

(hereinafter, the "Buyer")

it has been agreed as follows:

1. The Seller sells to the Buyer the following shares described as here below.

3.100.000 shares in Arcadia Group Plc.

2. The total price is fixed at **GBP 0,85,-** which the Seller confirms having received with a payment of ISK 332.010.000 to account 527-26-720 kt. 480798-2289. The price of ISK/GBP is fixed at 126,0.

3. Immediately upon signing of this agreement, the Seller will inform the Company of the transfer and have the Buyer registered as shareholder of the Company in the Company's share register.

4. This agreement is subject to Luxembourg law. All disputes arising therefrom are subject to the exclusive jurisdiction of the courts of Luxembourg-City, Grand-Duchy of Luxembourg.

Done in two originals in Luxembourg, on the 20th of December 2000.

____________________ ____________________

The Seller The Buyer

(10)

# Unknown

**From:** Jón Ásgeir Jóhannesson [jon.asgeir@baugur.is]
**Sent:** 1. febrúar 2001 13:19
**To:** tryggvi Jónsson
**Subject:** Skipting í Arcadia

| Félag | Framlag | % af eign |
|---|---|---|
| Gaumur | 10.8 milljónir punda | 42% |
| Baugur | 5.2 milljónir punda | 20%* |
| Kaupþing | 6.1 milljónir punda | 23% |
| Íslandsb/FBA | 3.9 milljónir punda | 15% |
| | | |
| Samtals | 26 milljónir punda | 100% |

* Bréf Baugs metin inn á gengi 1.35(4.185 milljón punda) eða 527 milljónir Baugur þarf að borga síðan eigi síðar en 10 feb þessar 1.015 milljón punda.

Ok þá er gróði Baugs 352
90-120 þurfum að nota inn í bækur vegna 2000
100 fara í Magga í lux
Þá standa eftir 140-160

Helv gott hingað til

Jón Ásgeir

Þurfum síðan að fara yfir samninga ljóst að við þurfum að gera bak samninga vegna kauprétti



00295

11

## Unknown

**From:** Linda Jóhannsdóttir [linda@baugur.is]
**Sent:** 2. febrúar 2001 14:43
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: greiðsla á morgun

Jónas er ekki sáttur við þetta því samkv.honum var gert upp við Kaupþing miðað við áramótin. Ég mun greiða honum í dag stöðuna og ekki vexti, þið verðið að ræða þessi vaxtamál og taka ákvörðun um vextina. kv. Linda

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 2. febrúar 2001 12:59
To: linda@baugur.is
Subject: RE: greiðsla á morgun

Af hverju erum við að borga vexti? Yfirleitt er gjaldfrestur á innborgun hlutafjár og nóg er að búið sé að greiða 25% af aukningunni inn fyrir árslok til að aukningin sé öll skráð í ársreikning.

TJ

-----Original Message-----
From: Linda Jóhannsdóttir [mailto:linda@baugur.is]
Sent: 1. febrúar 2001 16:52
To: Jónas Þorvaldsson
Cc: Tryggvi Jónsson
Subject: greiðsla á morgun

sæll Jónas,
Ég ræddi við stjórnarformanninn og var beðin um að draga arðinn frá skuld okkar.

Við greiðum því á morgun 39.713.192,- þar af vextir 520 þús. sjá skjal(gulur kassi).

kveðja,
Linda Jóhannsdóttir
Baugur hf.
Fjármálastjóri
Sími: 530-5508



00296

12

# Unknown

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 15. febrúar 2001 10:20
**To:** 'helena.hilmarsdottir@icex.is'
**Subject:** RE: Kaup á hlutabréfum í Arcadia

Í sjálfu sér hefur ekkert nýtt gerst síðan í janúar. Eins og fram hefur komið í tilkynningum Deutche Bank til Arcadia, sem síðan sendir það á London Stock Exchange, þá hafa 4 íslensk fyrirtæki keypt 10,8% í Arcadia. Þetta eru Baugur hf., Gaumur ehf., Kaupþing hf. og Íslandsbanki-FBA hf. Hafa þau stofnað sérstakt eignarhaldsfélag um kaupin, sem heitir A Holding og er það félag skráð fyrir hlutnum.

Ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir um frekari kaup, þó við útilokum ekkert í því sambandi. Slíkt ræðst af verði bréfanna, fjármögnun og fleiri þáttum.

Eins og ég sagði þér í símann, þegar við töluðum saman fyrir þó nokkru, hefur Deutche Bank haft skoðanir á því hvort og hvernig við greinum frá þessari fjárfestingu þar sem fyrsta skylda sé gagnvart LSE. Spurningin er sú að ef við förum í frekari kaup, sem er allsendis óvíst á þessari stundu, eigum við þá að senda tilkynningu til Verðbréfaþingsins þegar búið er að birta hana í London? Ljóst er að ekki er hægt að birta tilkynninguna fyrst á Íslandi út af reglum í Bretlandi. Eða telst birting á LSE opinber birting?

Heyri frá þér.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: helena.hilmarsdottir@icex.is [mailto:helena.hilmarsdottir@icex.is]
Sent: 12. febrúar 2001 14:59
To: tryggvi@baugur.is
Subject: Kaup á hlutabréfum í Arcadia

Sæll Tryggvi.

Ætlaðir þú ekki að senda mér nánari upplýsingar um kaup Baugs á hlutabréfum Arcadia. Hlutur ykkar er greinilega enn að aukast og við verðum vör við að frekari upplýsinga um fjárfestingu Baugs og hugsanlegar skuldbindingar er saknað.

Kveðja,
Helena.

Þetta var á UK-iNvest

http://ukinvest.uk-wire.com/cgi-bin/articles/200102060920554124Y.html

Arcadia Group PLC
6 February 2001

ARCADIA GROUP PLC

SECTION 198 COMPANIES ACT 1985 - DISCLOSURE OF INTERESTS IN SHARES

The Company was notified on 5 February 2001 that, following recent market purchases and pursuant to an agreement among the parties, Baugur hf, Gaumur ehf, Islandsbanki-FBA hf and Kaupthing hf are interested in 20,425,000 ordinary shares of Arcadia Group plc, representing 10.8% of the Company's issued ordinary share capital.



00297

For further information contact:

Ian Jackman, Company Secretary - 020 7927 0136

Helena Hilmarsdóttir
Forstöðum. aðildar og skráningarsviðs
Head of Listing and Surveillance
e-mail: helena@icex.is

Verðbréfaþing Íslands hf. - löggilt kauphöll
Iceland Stock Exchange - Partner of Norex Alliance
Engjateigi 3, 105 Reykjavík - Iceland
ISE web site: http://www.icex.is
Tel. +354 525 2800 / 525 2862
Fax +354 525 2888

## Unknown

13

**From:** Helgi Bergs Kaupþing hf [helgi@kaupthing.is]
**Sent:** 22. febrúar 2001 14:10
**To:** 'finnur.stefansson@isfba.is'
**Cc:** jon.asgeir@baugur.is; 'bjarni.armansson@isfba.is'; Hreiðar Már Sigurðsson Kaupþing hf; 'tryggvi@baugur.is'; Sigurður Einarsson Kaupþing hf
**Subject:** Lán til A Holding

Heill og sæll Finnur,

Eins og kom fram á nýafstöðnum föstudagsfundi þá er áætlað að það vanti að fjármagna A Holding S.A. um £36m til að koma A Holding S.A. í 20% eignarhlut í Arcadia Group plc eins og stefnt er að.

Þar af hefur Deutsche Bank fengið heimild til að lána A Holding S.A. £20m með repo fyrirkomulagi þar sem tekið er handveð í bréfunum og hlutfallslegri ábyrgð Kaupþings og Íslandsbanka-FBA sem munu svo spegla hlutfallslega ábyrginni yfir á Gaum og Baug (og Gildingu) miðað við eignarhald. Unnið er að því að ganga frá samningum og er hann í yfirlestri hjá lögfræðingi A Holding S.A. í London, Slaughter and May.

Þær £16m sem upp á vantar vildum við (Kaupthing, Baugur og Gaumur) fjármagna með eftirfarandi hætti. Íslandsbanki-FBA lánar A Holding S.A. £16m með ábyrgð eftirfarandi aðila í eftirfarandi hlutföllum:

| | |
|---|---|
| Kaupþing | £2,7m |
| Baugur | £2,4m |
| Gaumur | £4,9m |
| Gilding | £6,0m |

Gert er ráð fyrir kaupum á 3.500.000 bréfum í eigu Íslandsbanka-FBA í ofangreindri fjárþörf A Holding S.A.

Gilding hefur ekki gefið endanlegt svar varðandi hversu háa fjárhæð þeir hafa áhuga á að taka en til að taka málið áfram þá skulum við gera ráð fyrir ofangreindri skiptingu þó að það gæti endað með lítilsháttar tilfæringum á milli þessara aðila.

Gætirðu vinsamlegast gefið mér svar um áhuga Íslandsbanki-FBA á ofangreindri lánveitingu.

Kveðja,
Helgi Bergs



00299

## Unknown

(14)

**From:** Jón Ásgeir Jóhannesson [jon.asgeir@baugur.is]
**Sent:** 25. febrúar 2001 21:54
**To:** Helgi Bergs Kaupþing hf; Hreidar M. Sigurdsson; Fba: Bjarni Armannsson [Bjarni.Armannsson@Fba.Is]; Sigurdur; tryggvi Jónsson
**Subject:** Arcadia

Skipting á þessum 16

Kaupþing * 4
Gilding * 4,5 ath þetta þarf ég að fá staðfest enn þeir voru búnir að samþykkja 3 en vildu síðan hækka í 4,5 mjög síðla föstudags.
ÍB/HL 1,5
Aðrir 3,0
Baugur,Gaumur * 3,0 gæti verið að ÍB tæki eitthvað af þessu

Samtals 16
*ÍB lánar
** ÍB lánar 50%
Þetta er klárt vonandi að BÁ staðfesti þetta þegar hann kemur til vinnu í fyrramálið sem er líklega um tólfleitið en við áttum fund um málið í dag.

Helgi er búinn að klára þessar allt að 25 við D.bank skjalagerð tekur 1-2 vikur en er kominn á fullt, ekkert til fyrirstöðu að halda áfram Helgi mun halda utan um nauðsynlega skjalagerð vegna málsins.

Rósin kemur á miðvikudag legg til að við höldum símafund í kjölfarið á þeim fundi.

Kveðja
Jón Ásgeir



00300

15

## Unknown

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 21. mars 2001 21:30
**To:** Tryggvi Jónsson
**Subject:** FW: FW: Inngreiðsla á hlutafé

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson
To: 'Magnus Gudmundsson '
Sent: 21.3.2001 20:45
Subject: RE: FW: Inngreiðsla á hlutafé

OK.

Hvað eigum við marga hluti í A Holding? Hvað er meðalkaupverð þangað inn (þú manst að við "seldum" þér á 0,85 og þú seldir síðan til Baugur Holding á 1,35 (minnir mig) og Baugur Holding lagði það síðan inn í A Holding).

Þegar þetta liggur fyrir þá getum við séð hvað við seljum Vori stóran hlut af okkar hlut í A Holding. Hann kaupir sem svarar til 980.000 hlutum í Arcadia á 1,63 = 1.597.400 pund = 199,7 millj. ísl.kr. miðað við gengið 125,00.

Vonandi kemur þetta boltanum af stað.

TJ

-----Original Message-----
From: Magnus Gudmundsson
To: Tryggvi Jónsson
Sent: 21.3.2001 20:18
Subject: RE: FW: Inngreiðsla á hlutafé

Það er rétt en hann sagðist að næsta skref væri að tala við þig,

kv
magnus

---------- Original Message ----------------------------------
From: Tryggvi Jónsson <tryggvi@baugur.is>
Date: Wed, 21 Mar 2001 20:08:36 -0000

> HL er sá sem er að sækja málið. Hann vill komast inn í A Holding. Ég
>sagði við hann í síðustu viku að ég myndi ræða við þig um að Vor kæmi
inn í
>A Holding m.v. gengið 1,63 á Arcadia. Við kaupum síðan af honum um
leið og
>við kaupum af öðrum hluthöfum í A Holding og greiðum með bréfum í
Baugi.
>
>Ég sagði honum síðan á föstudag, eftir samtal okkar, að ég væri búinn
að
>ræða við þig og ef hann vildi þetta þá þyrfti hann að láta þig vita.
Hann
>sagði mér síðar að hann væri búinn að því. Er það ekki rétt?
>
>TJ
>
>-----Original Message-----
>From: Magnus Gudmundsson
>To: tryggvi@baugur.is
>Sent: 21.3.2001 19:38
>Subject: Re: FW: Inngreiðsla á hlutafé

>
>
>Sæll Tryggvi
>
>skilyrðin er eftirfarndi
>
>að HL kaupi umræddar 200 mills
>
>að lánið til ykkar sé til skamms tíma, en ég þarf að fá það samþykkt
hjá
>mínum Credit Manager, gengur ekki að ég vaði yfir hann öllu lengur.
>
>þá ætti þetta að ganga upp, en fyrst er það HL
>
>kv
>amgnsu
>
>---------- Original Message ----------------------------------
>From: =?Windows-1252?Q?Tryggvi_J=F3nsson?= <tryggvi@baugur.is>
>Reply-To: <tryggvi@baugur.is>
>Date: Wed, 21 Mar 2001 18:03:52 -0000
>
>>Hvaða skilyrði eru þetta?  Ertu að tala um greiðsluna á 300 millj. kr.
>>skuldinni?  Ég var búinn að tala við HL vegna Vors og hann sagði mér
að
>>hann
>>hefði rætt við þig.  Láttu mig vita hvað ég þarf að gera til að klára
>þetta.
>>
>>TJ
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Linda Jóhannsdóttir [mailto:linda@baugur.is]
>>Sent: 21. mars 2001 10:27
>>To: Tryggvi Jónsson
>>Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé
>>
>>
>>TJ, hvaða skilyrði eru þetta?
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
>>Sent: 21. mars 2001 09:57
>>To: jon.asgeir@baugur.is; linda@baugur.is
>>Cc: Hreiðar Már Sigurðsson Kaupþing hf
>>Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé
>>
>>
>>Gætuð þið kíkt á þessi skilyrði
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Magnus Gudmundson [mailto:magnus@kaupthing.lu]
>>Sent: 21. mars 2001 08:46
>>To: 'Helgi Bergs Kaupþing hf'
>>Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé
>>
>>
>>Ég hef samið að greiða þetta gegn skilyrðum sem ekki
>>hafa gengið eftir!
>>
>>þannig að ég get ekki svarað þessu
>>
>>sorry
>>magnus
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
>>Sent: 21. mars 2001 01:02
>>To: Magnus Gudmundsson
>>Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé
>>

>>
>>
>>Hvenær sástu fyrir þér að ganga frá þessu.
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Linda Jóhannsdóttir [mailto:linda@baugur.is]
>>Sent: 16. mars 2001 15:02
>>To: Helgi Bergs Kaupþing hf
>>Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé
>>
>>
>>Sæll Helgi,
>>Við höfum samið við Kaupþing Lúx (Magnús) um að fjármagna þessa skuld
>fyrir
>>okkur, þ.e. lán í 3 mánuði.  Ég geri ráð fyrir að Magnús klári þetta
>fyrir
>>okkur, láttu mig vita ef eitthvað vantar.
>>
>>kveðja, Linda
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
>>Sent: 16. mars 2001 14:30
>>To: linda@baugur.is
>>Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé
>>
>>
>>Hvenær geturðu þá greitt þetta?
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Linda Jóhannsdóttir [mailto:linda@baugur.is]
>>Sent: 14. mars 2001 16:25
>>To: Helgi Bergs Kaupþing hf
>>Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé
>>
>>
>>Sæll Helgi,
>>Ég er að vinna í þessu og svara um leið og ég fæ einhver svör.
>>kv.Linda
>>
>>-----Original Message-----
>>From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
>>Sent: 13. mars 2001 11:44
>>To: linda@baugur.is
>>Cc: jon.asgeir@baugur.is
>>Subject: Inngreiðsla á hlutafé
>>
>>
>>
>>Baugur skuldar A Holding S.A. £1.015.000 samkvæmt hluthafasamkomulagi
>gerðu
>>þann 26. janúar 2001.
>>
>>Um er að ræða greiðslu á hlutafé og víkjandi láni Baugs til A Holding
>S.A.
>>
>>Geturðu greitt þetta á morgun?
>>
>>Kveðja,
>>Helgi Bergs
>>
>>
>



00303

16

## Unknown

**From:** Helgi Bergs Kaupþing hf [helgi@kaupthing.is]
**Sent:** 22. mars 2001 12:11
**To:** 'tryggvi@baugur.is'
**Subject:** RE: Inngreiðsla á hlutafé

arcadia festingarsamningur.

Þetta samkomulag var undirritað þann 26.janúar 2001.

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 21. mars 2001 18:05
To: helgi@kaupthing.is
Cc: Linda Jóhannsdóttir (E-mail)
Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé

Geturðu sent mér hluthafasamkomulagið frá 26. jan.?

TJ

-----Original Message-----
From: Linda Jóhannsdóttir [mailto:linda@baugur.is]
Sent: 21. mars 2001 10:27
To: Tryggvi Jónsson
Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé

TJ, hvaða skilyrði eru þetta?

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 21. mars 2001 09:57
To: jon.asgeir@baugur.is; linda@baugur.is
Cc: Hreiðar Már Sigurðsson Kaupþing hf
Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé

Gætuð þið kíkt á þessi skilyrði

-----Original Message-----
From: Magnus Gudmundson [mailto:magnus@kaupthing.lu]
Sent: 21. mars 2001 08:46
To: 'Helgi Bergs Kaupþing hf'
Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé

Ég hef samið að greiða þetta gegn skilyrðum sem ekki hafa gengið eftir!

þannig að ég get ekki svarað þessu

sorry
magnus

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 21. mars 2001 01:02
To: Magnus Gudmundsson
Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé

Hvenær sástu fyrir þér að ganga frá þessu.



00304

-----Original Message-----
From: Linda Jóhannsdóttir [mailto:linda@baugur.is]
Sent: 16. mars 2001 15:02
To: Helgi Bergs Kaupþing hf
Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé

Sæll Helgi,
Við höfum samið við Kaupþing Lúx (Magnús) um að fjármagna þessa skuld fyrir okkur, þ.e. lán í 3 mánuði. Ég geri ráð fyrir að Magnús klári þetta fyrir okkur, láttu mig vita ef eitthvað vantar.

kveðja, Linda

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 16. mars 2001 14:30
To: linda@baugur.is
Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé

Hvenær geturðu þá greitt þetta?

-----Original Message-----
From: Linda Jóhannsdóttir [mailto:linda@baugur.is]
Sent: 14. mars 2001 16:25
To: Helgi Bergs Kaupþing hf
Subject: RE: Inngreiðsla á hlutafé

Sæll Helgi,
Ég er að vinna í þessu og svara um leið og ég fæ einhver svör. kv.Linda

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 13. mars 2001 11:44
To: linda@baugur.is
Cc: jon.asgeir@baugur.is
Subject: Inngreiðsla á hlutafé

Baugur skuldar A Holding S.A. £1.015.000 samkvæmt hluthafasamkomulagi gerðu þann 26. janúar 2001.

Um er að ræða greiðslu á hlutafé og víkjandi láni Baugs til A Holding S.A.

Geturðu greitt þetta á morgun?

Kveðja,
Helgi Bergs

# SAMKOMULAG

## UM KAUP AÐILA Á HLUTUM Í ARCADIA GROUP PLC. OG STOFNUN EIGNARHALDSFÉLAGSINS A HOLDING S.A., Í EIGU KAUPÞINGS HF., BAUGS HF. OG FJÁRFESTINGAFÉLAGSINS GAUMS HF., UTAN UM KAUPIN

Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Ármúla 13a, Reykjavík („Kaupþing"), Baugur hf., kt. 480798-2289, Skútuvogi 7, Reykjavík („Baugur"), Fjárfestingafélagið Gaumur hf., kt. 560389-1409 („Gaumur") og A Holding S.A., eignarhaldsfélag með skrásett heimilisfang í Lúxemborg („A Holding"), gera með sér svofelldan samning vegna fyrirhugaðra kaupa fyrrgreinda aðila á hlutabréfum í Arcadia Group plc. („Arcadia"), sem er enskt hlutafélag skráð á London Stock Exchange.

Aðilar samkomulags þessa hafa stofnað eignarhaldsfélagið A Holding utan um kaupin, sem fyrrgreindir aðilar munu eiga hlut að í neðangreindum hlutföllum. Stefnt er að því að eignarhaldsfélagið festi kaup á samtals um 37.840.600 hluta í Arcadia, eða um 20% af heildarhlutafé fyrirtækisins.

Gaumur og Baugur hafa þegar keypt hluti í Arcadia sem félögin munu leggja inn til A Holding S.A. í formi hlutafjár og láns.

Munu aðilar samnings þessa leggja til A Holding vegna framangreinds láns, hvort tveggja reiðufé og hlutabréf í Arcadia, miðað við gengið £1,35 pr. hlut. Er A Holding heimilt að veðsetja hlutabréf sem félaginu er afhent að láni.

Kaupþing mun einnig leggja A Holding til hlutafé og lánsfé í formi peninga.

Þeir fjármunir sem lagðir verða til félagsins, hvort sem um er að ræða í formi hlutafjár, reiðufé eða með öðrum hætti, skulu vera með öllu veðbanda- og kvaðalausir.

Er fjárframlag aðila samnings þessa til A Holding S.A., sem er annars vegar í formi peninga og hins vegar í formi hlutabréfa í Arcadia, útlistað nánar í neðangreindri töflu. Mun fjárframlag aðila notað til að greiða inn £2.400.000 í hlutafé til A Holding S.A. í reiðufé og að öðru leyti sem lán til félagsins.

Hlutafé A Holding verður í upphafi £2.400.000 og skuldbinda samningsaðilar sig til að greiða inn hlutaféð í þeim hlutföllum og með þeim hætti sem kemur fram í neðangreindri töflu fyrir 26. janúar 2001. Jafnframt skuldbinda samningsaðilar sig til að lána til A Holding án þess að krefjast veðtrygginga vegna þessa, þá fjárhæð sem tilgreind er í eftirfarandi töflu fyrir 26. janúar 2001. Heildarfjármagn greitt til A Holding verður samkvæmt því £24.056.250, en þar af nemur innborgað hlutafé £2.400.000.

| Félag | Fj. hluta í Arcadia | Gengi | Fjárframlag greitt með Arcadia bréfum | Fjárframlag greitt með peningum | Samtals fjárframlag | Hlutdeild | Hlutafé | Lánsfé |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gaumur ehf. | 6.275.000 | 1,35 | £8.471.250 | £3.100.000 | £11.571.250 | 48,10% | £1.154.419 | £10.416.831 |
| Baugur hf. | 3.100.000 | 1,35 | £4.185.000 | £2.200.000 | £6.385.000 | 26,54% | £637.007 | £5.747.993 |
| Kaupthing hf. | | | | £6.100.000 | £6.100.000 | 25,36% | £608.574 | £5.491.426 |
| Samtals | 9.375.000 | | | £11.400.000 | £24.056.250 | | £2.400.000 | £21.656.250 |

1. gr.

Hlutverk Kaupþings samkvæmt samkomulagi þessu:

Kaupþing mun hafa umsjón með kaupum á hlutabréfum í Arcadia fyrir A Holding. Hefur Kaupþing gert samning við Deutsche Bank, Winchester House, 1 Great Winchester Street, London, England, um að sjá um þau kaup fyrir sína hönd og vera ráðgefandi þar um.

Kaupþing mun einnig eftir fremsta megni "on best effort basis" vinna að því að fjármagna A Holding með lánsfé frá aðila eða aðilum sem eru utan þess hóps sem stendur að samningi þessum. Er stefnt að því að lánfjármagn frá öðrum aðilum nemi að minnsta kosti sömu fjárhæð og áðurgreint fjárframlag samningaðila.

2. gr.

Hlutverk Gaums:

Gaumur hefur kynnt sér samkomulag gert þann 15. janúar 2001 á milli Kaupþings og Deutsche Bank um kaup á hlutabréfum í Arcadia og skuldbindur Gaumur sig til að starfa eftir ákvæðum þessa samkomulags sem snúa að Kaupþingi.

Gaumur skuldbindur sig til að inna af hendi hlutafé og veita lán til A Holding samkvæmt töflu að ofan.

3. gr.

Hlutverk Baugs:

Baugur hefur kynnt sér samkomulag gert þann 15. janúar 2001 á milli Kaupþings og Deutsche Bank um kaup á hlutabréfum í Arcadia og skuldbindur Baugur sig til að starfa eftir ákvæðum þessa samkomulags sem snúa að Kaupþingi.

Baugur skuldbindur sig til að inna af hendir hlutafé og veita lán til A Holding samkvæmt töflu að ofan.

4. gr.

Baugur og A Holding gera með sér samkomulag um eftirfarandi valrétt:



00307

Baugur hefur valrétt fram til 28. febrúar 2002 til að kaupa af A Holding öll hlutabréf sem A Holding á í Arcadia á gengi sem er jafnt því meðalgengi sem A Holding hefur keypt hlutabréf í Arcadia á, auk 34% álags. Baugur mun greiða fyrir framangreind kaup á hlutum í Arcadia með hlutabréfum í Baugi hf., miðað við gengið 12,6.

A Holding hefur valrétt fram til 28. febrúar 2002 til að selja til Baugs á genginu £0.80 per hlut öll þau hlutabréf sem A Holding hefur keypt í Arcadia.

Nýti aðilar sér valrétt samkvæmt ákvæði þessu skal A Holding S.A. í framhaldinu slitið og eignum þess skipt á milli kröfuhafa og hluthafa í samræmi við ákvæði laga.

Gerður verður sérstakur samningur um framangreinda valrétti Baugs og A Holding.

5. gr.

Ef hvorki Baugur né A Holding nýta valrétt sinn skv. 4. gr. samkomulags þessa fyrir 1. mars 2002 og ekki verður samið sérstaklega um annað skal félaginu slitið og eignum þess skipt á milli kröfuhafa og hluthafa í samræmi við ákvæði laga.

6. gr.

Deleted: ¶

Baugur og Gaumur munu greiða að jöfnu (helming hvort félag) þóknun til Kaupþings fyrir að koma á samstarfi við Deutsche Bank, sem og aðra þjónustu sem lýst er hér að framan. Þóknun Kaupþings vegna nefndrar þjónustu nemur samtals kr. 14.000.000 – fjórtánmilljónum króna-, auk virðisaukaskatts og verður greidd eigi síðar en 28. febrúar n.k.

Eignist A Holding, Baugur, Gaumur eða tengd félög sameiginlega um eða yfir 20% hlut í Arcadia Group plc., eða ef Baugur nýtir sér valrétt sinn skv. 4. gr. samkomulags þessa, mun Baugur greiða Kaupþingi samtals kr. 40.000.000 – fjörutíumilljónir króna- í þóknun, auk virðisaukaskatts.

A Holding mun greiða allan aðkeyptan sérfræðikostnað.

7. gr.

Baugur og Gaumur skuldbinda sig til að starfa ekki að fyrirhuguðum kaupum á hlutabréfum í Arcadia með öðrum fjármálastofnunum en Kaupþingi, nema með samþykki Kaupþings.

8. gr.

Samkomulag þetta er trúnaðarmál aðila sem skuldbinda sig til að láta ekkert uppi um efni samkomulagsins eða gögn sem afhent eru eða útbúin verða vegna þeirra nema með samþykki gagnaðila.

9. gr.

Samkomulag þetta er gert í fjórum samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.



00308

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 24. janúar 2001.

| | |
|---|---|
| F.h. Kaupþings hf. | F.h. Baugs hf. |
| F.h. Gaums ehf | F.h. A Holding S.A. |



003??

 17

**From:** Bjarki H Diego Kaupþing hf [bjarkid@kaupthing.is]
**Sent:** 25. mars 2001 15:31
**To:** 'finnur.stefansson@isfba.is'; jon.asgeir@baugur.is; tryggvi@baugur.is; 'arni@gilding.is'; 'gunnar@logos.is'
**Cc:** Helgi Bergs Kaupþing hf; Hreiðar Már Sigurðsson Kaupþing hf
**Subject:** Kaup á hlutabréfum í Arcadia

yfirlysing.doc (20 KB)

Meðf. er yfirlýsing sem óskað er að aðilar undirriti áður en ráðist verður í kaup á hlutabréfum í Arcadia sem til stendur að ráðist í á morgun. Við munum senda mann með yfirlýsinguna á milli aðila í fyrramálið. Mikilvægt er að aðilar undirriti yfirlýsinguna hið fyrsta svo unnt sé að ráðast í umsamin kaup á hlutabréfum í Arcadia hið fyrsta.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan hið fyrsta ef þið hafið e-r athugasemdir.

<<yfirlysing.doc>>

Kveðja
Bjarki H. Diego, hrl.
Kaupþing hf.
Ármúla 13
108 Reykjavík
Sími:515-1500
GSM: 860-1623
Fax: 515-1630
http://www.kaupthing.is
mailto:bjarkid@kaupthing.is

# YFIRLÝSING

Í tilefni af kaupum Kaupþings hf. f.h. A Holding S.A. á 7.925.450 hlutum í Arcadia Group plc. þann 15. mars s.l. á genginu 1,775 fyrir samtals £14.067.674 og vegna fyrirhugaðra kaupa Kaupþings hf. f.h. A Holding S.A. á samtals 9.490.150 hlutum sem til stendur að festa kaup á í dag lýsum við undirritaðir því yfir að Kaupþing hf. hefur keypt umrædda hluti í nafni A Holding S.A. sem er hlutafélag í eigu undirritaðra, en ekki fyrir eigin reikning.

F.h.. Kaupþings hf., Íslandsbanka-FBA hf., Gildingar ehf., Baugs hf. og Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., lýsum við undirritaðir því jafnframt yfir að við ábyrgjumst efndir A Holding S.A. á nefndum kaupum í réttu hlutfalli við umsaminn eignarhluta okkar að félaginu.

Reykjavík, 26. mars 2001.

Virðingarfyllst,

| | |
|---|---|
| F.h. Kaupþings hf. | F.h. A Holding S.A. |
| F.h. Íslandsbanka-FBA hf. | F.h. Gildingar ehf. |
| F.h. Baugs hf. | F.h. Gaums ehf. |

## Unknown

(18)

From: Helgi Bergs Kaupþing hf [helgi@kaupthing.is]
Sent: 27. mars 2001 09:20
To: jon.asgeir@baugur.is; Fba: Bjarni Armannsson [Bjarni.Armannsson@Fba.Is]; Helgi Bergs Kaupþing hf; Árni O. Þórðarson; tryggvi@baugur.is
Cc: 'finnur.stefansson@isfba.is'; Bjarki H Diego Kaupþing hf; Hreiðar Már Sigurðsson Kaupþing hf
Subject: RE: Uppkaupum lokið

Já félagar við skulum miða við að hafa hluthafafund í A Holding S.A. á miðvikudag kl. 9:00 og það má gera ráð fyrir að hann endist eitthvað fram eftir degi. Bjarki H. Diego hefur þegar sent út gögn varðandi fundinn og mikilvægt er að hluthafar hafi kynnt sér vel gögnin og fengið álit frá lögfræðingum sínum þar sem við á.

Markmiðið er að eftir að búið er að setja inn athugasemdir sem fram koma á fundinn verði hægt að ganga til undirskriftar.

Bjarki tilkynnir um fundarstað á eftir.

Í mínum huga þá vorum við ekki að greiða þetta háa verð vegna tímapressu sem við vorum í. Ástæðan er hversu stutt er í tölur frá Arcadia (5. apríl), sveiflur á fjármálamörkuðunum og sú staðreynd að uppkaup A Holding S.A. hafa gengið verulega á "free float" í félaginu. Deutsche Bank voru frá upphafi frekar tregir að gefa kvót í þessa sölu.

Kveðja,
Helgi Bergs

-----Original Message-----
From: Jón Ásgeir Jóhannesson [mailto:jon.asgeir@baugur.is]
Sent: 26. mars 2001 21:03
To: Fba: Bjarni Armannsson [Bjarni.Armannsson@Fba.Is]; Helgi Bergs Kaupþing hf; Árni O. Þórðarson; tryggvi Jónsson
Subject: Uppkaupum lokið

Jæja félagar þá erum við komnir á enda í þessu Arcadia máli meðalverð er 1,65 sem er svipað og markaðsverð í dag, ég legg til að menn fundi á miðvikudag og fari yfir málin og klári samninga. Ljóst er að tímapressan sem við lentum í kostaði okkur 0,027 pund í meðalverði eða um 148 mlljónir, bara fyrir þá sem vilja fylgjast með þessu máli þá tapast/græðast 48 milljónir hverju 0,01 pundi sem verð hækkar eða lækkar.

jaj



00312

# Unknown

(19)

**From:** Jón Ásgeir Jóhannesson [jon.asgeir@baugur.is]
**Sent:** 11. apríl 2001 10:14
**To:** tryggvi Jónsson; hreinn.loftsson@justice.is
**Subject:** Nokkur mál

arcadia short.xls
(15 KB)

Sendi ykkur hvernig tillaga fyrir stjórn Baugs gæti litið út á yfirtöku á hlut A-holding ljóst er að einhver slagur verður um % en við horfum til hlutfalls þá kostar þetta 3,4% mánuðirinn þannig að allir eru að græða. Það er nátúrlega rosalegur díll fyrir Baug að taka yfir bréfin með á c.a 3 milljarða lægara verði en markaðsverð.

S.Rose hringdi í mig í dag, létt spjall hann sagði að þeir væru búnir að kynna plön sín fyrir fjárfestum og þeim vel tekið, hann sagðist reikna með því að gengið yrði að dóla þetta 2,35-2,45 sem sagt að hann reiknar ekki með að hagnaður okkar gangi til baka.

Salan fyrstu 8 daga apríl lítur mjög vel út búð á móti búð 15% aukning sem er ótrúlega gott

Síðan mundi TJ toppa þetta með því að ná Bills.

Eggert í Mata hringdi í mig í dag og hafði í hótunum að fletta ofan af spillingu í smásölu á ávöxtum og grænmeti ég sagði honum að fara með öll sín memo fyrir fjölmiðla við hefðum ekkert að fela tvennt vitnaði hann í það var fundur 98 þar sem ég hann og pálmi hittumst á það var fundurinn sem hann sagðist mundi lækka gengið á Baugi niður í 7 síðan fundur sem átti sér stað í ávaxtahúsinu fyrir 2 vikum engin af okkar mönnum var þar viðstaddur, ég sagðist gjarnan vilja versla við þá til framtíðar en það yrði einungis á viðskiptalegum grunni reiknaði með að hann væri að taka upp samtalið þannig að ég tæklaði símtalið þannig enda hef ég ekkert að fela í þessu, farmalegð og afkoma matvöru segir sína sögu og engin af okkar mönnum hefur haft samráð við þessa menn.
kveðja Jón Ásgeir

**Arcadia Meðalverð 1.66**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Arcadia | Kaup | gpb | íkr |
| Meðalverð | Hlutabréf | 1,66 | |
| Keypt | Hlutir | 37.800.000 | |
| | Verð gp | 62.748.000 | 7.906.248.000 |
| Hlutur Baugs 13,28% | | -8.332.934 | pund |
| | | 54.415.066 | pund |
| Aðrir fjárfestar | | 59.856.572 | pund |
| Heildar upphæð í íkr +10% premia til fjárfesta | | 7.901.067.525 | ískr |
| Greitt með bréfum á 426 milljónum að nafnvirði á genginu 12,6 | | 5.367.000.000 | ískr |
| Yfirtekið lán | | 2.534.067.525 | ískr |
| Hlutdeild Baugs í eigin fé Arcadia | | 10.243.000.000 | ískr |
| Bókfært verð á hlut í Arcadia | | 9.001.014.813 | ískr |
| Neikvæður good-will | | 1.241.985.187 | |
| Markaðsverðmæti | | 11.975.040.000 | |
| Dulin eign Baugs í bréfum Arcadia | | 2.974.025.187 | |
| Eigið fé Baugs | | | |
| I dag | | 5.300.000.000 | |
| Ný bréf | | 5.367.000.000 | |
| Eigið fé Arcadia - Kaupverð | | 1.241.985.187 | |
| Samtals eigið fé Baugs | | 11.908.985.187 | |
| Eigið fe með duldri eign | | 14.883.010.374 | |
| Skuldir | | | |
| Núverandi skuldir | | 4.287.000.000 | |
| Viðbót vegna Arcadia | | 2.534.067.525 | |
| Skammtímaskuldir | | 5.100.000.000 | |
| Skuldir samtals | | 11.921.067.525 | |
| Skuldir og eigið fé | | 23.830.052.712 | |
| Eiginfjárhlutfall | | 50% | |

## Unknown

**From:** Magnus Gudmundson [magnus@kaupthing.lu]
**Sent:** 19. apríl 2001 10:08
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: TJ

03tryggvi2001.xls
(21 KB)

Sæll Tryggvi

Arcadia á lunga úr þeim hækkunum sem eru á safniun þínu án þess þá er hækunin 10% á ársgrundvelli, en gleymdu nú ekki að ég stakk upp á því að kaupa bréfin þó að þú væriri á kafi í að kaupa fyrir Baug. Netto staðan er mjög góð og spurning hvenær við förum að selja on innleysa hagnaðinn.

Með þessu áframhaldi verðum við fljótir að ná 100 mills

kv
magnus

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 19. april 2001 05:26
To: Magnus Gudmundsson
Subject: TJ

Hver er staðan á mínu fé, svona í grófum dráttum? Ég geri ráð fyrir að Arcadia bréfin hafi blómstrað umfram önnur hlutabréf, en gaman væri að heyra stöðuna.

TJ



00315

Tryggvi Jónsson
Vesturhús 22
Reykjavík
ICELAND

# *Ávöxtunaryfirlit*

| | **Dags.** 19.04.2001 | | **Upphæð greiðslu** |
|---|---|---|---|
| Innborgað | 01.jan.00 | | 19.882.829 |
| VISA | 14.jan.00 | 1219,00 | -93.168 |
| VISA | 14.mar.00 | 1179,00 | -90.111 |
| Innborgað | 31.mar.00 | | 5.000.000 |
| Útborgað | 28.apr.00 | 25000,00 | -1.887.500 |
| VISA | 14.apr.00 | 63,57 | -4.800 |
| VISA | 06.sep.00 | 222,00 | -18.248 |
| VISA | 06.okt.00 | 2418,98 | -202.904 |
| VISA | 08.des.00 | 440,69 | 37.899 |
| Hekla | 29.des.00 | | 440.000 |
| Hekla | 29.des.00 | 3000,00 | 258.000 |
| VISA | 09.feb.01 | 2537,34 | 218.211 |
| VOR | 15.feb.01 | 288000,00 | 24.768.000 |
| VISA | 12.mar.01 | 148,73 | 12.791 |
| VISA | 11.apr.01 | 616,54 | 53.022 |
| Staðan | 19.apr.01 | | -65.143.262 |

**Nafnávöxtun arsgrundvollur** **#NAME?**

**KAUPTHING LUXEMBOURG S.A.**

## Unknown

**From:** Magnus Gudmundson [magnus@kaupthing.lu]
**Sent:** 4. maí 2001 07:05
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: A-Holding

Sæll

Hreinn er eftir að fá nýja pappíra frá mér til þess að fá Pétur til þess að undirrita, þá er Arcadia frá,

Ég þyrfti líka að fá comment frá þér varðandi uppi og niðri reikninginn!

UVS þarf ég að skoða í ljósi fjármögnunar til Baugs holding 2 m USD

kv
magnus

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 4. maí 2001 03:23
To: Magnus Gudmundsson
Subject: RE: A-Holding

Er þetta komið í frágang? Hvað með hin málin, s.s. UVS og Bills? Ég er núna í USA með félögum þínum og kem heim að morgni 8. maí. Fer síðan 25. maí í 3 vikna frí. Nauðsynlegt að klára útistandandi mál í millitíðinni.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Magnus Gudmundson [mailto:magnus@kaupthing.lu]
Sent: 19. apríl 2001 10:08
To: tryggvi@baugur.is
Cc: Eggert out of office
Subject: RE: A-Holding

Sæll og gleðilegt sumar

Ég tel best að við búum til skuldabréf þar sem að Baugur Holding gefur út og FP temp kaupir. Skuldabréfið er 1.401.800 GBP og ber kosti og galla A holding ( 860.000 bréf í Arcadia á 1,63)vextir verða +- 1,63 á Arcadia

Við þetta þá lækkar skuld Baugs í GBP úr 2.676.000-1401.800= 1.274.200GBP.

kv
magnus

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 19. apríl 2001 05:27
To: Magnus Gudmundsson
Subject: A-Holding

Eins og þú manst þá ákváðum við Jón Ásgeir að leyfa Vori að koma inn í A-Holding pakkann. Ég hef viljað hafa það þannig að Vor kaupir af okkur $2,0 til að grynnka á okkar stöðu, og jafnvel mynda inneign.

Eins og við töluðum um í símann þá þarf þetta eiginlega að vera samningur beint á milli Baugur Holding og Vors. Við gerum við þá "einhvers konar" option samning þannig að þeir kaupa af okkur ígildi bréfa í A Holding (við ætlum ekki að breyta hluthafaskránni í A Holding) miðað við verðmæti Arcadia GBP 1,63. Við kaupum síðan af



00317

þeim aftur á sama gengi og við munum kaupa af öðrum hluthöfum í A Holding og greiðum þeim með bréfum í Baugi.

Í raun eru þeir því að kaupa bréf í Baugi en með þessari sömu reiknireglu og A Holding hluthafar.

Hefurðu haft tækifæri til að velta fyrir þér útfærslunni á þessu?

Svo annað: Er það ekki rétt munað hjá mér að í Baugi Holding eru 3 eignir: A Holding, Factor Inc. og mexikanska félagið? Við þurfum að fara að færa aðrar eignir þangað yfir, svo sem bréfin í Baugur, Sverige o.fl., en fyrst þurfum við að hitta tvísköttunarsérfræðing í Lux til að vera klárir á því að við séum að stíga rétt skref.

Kveðja

Tryggvi



00318

# Unknown

22

**From:** Bjarki H Diego Kaupþing hf [bjarkid@kaupthing.is]
**Sent:** 14. maí 2001 12:58
**To:** 'arnioddur@gilding.is'; jon.asgeir@baugur.is; tryggvi@baugur.is; 'finnur.stefansson@isfba.is'; kristin@gaumur.is
**Cc:** Helgi Bergs Kaupþing hf
**Subject:** Tilkynning

notification_AHolding.doc (30 ...

Meðf. er tilkynning sem send hefur verið hluthafaskrá Arcadia, þar sem fram kemur að Baugur hf. hafi keypt allt hlutafé í A Holding af Kaupþingi, Gildingu, Íslandsbanka-FBA og Gaumi Holding.

<<notification_AHolding.doc>>

Kind Regards,
Bjarki H. Diego, Attorney at Law
Kaupthing hf. - Investment Bank
Ármúla 13
108 Reykjavík
Tel.:+ 354 515-1500
Mobile: + 354 860-1623
Fax: + 354 515-1630
http://www.kaupthing.is
mailto:bjarkid@kaupthing.is

For the attention of Ian Jackman Esq.,

The Company secretary,
Arcadia Group plc,
Colegrave House,
70 Berners Street,
London,
W11 3NL

*14 May 2001*

Dear Sirs,

**Notification of Share Acquisition**

Pursuant to section 198 of the Companies Act, we hereby notify you that on 10 May 2001 we and the parties listed overleaf ceased to be interested in 37,980,450 ordinary shares in Arcadia Group PLC ("**Arcadia**") (A Holding S.A. being the registered holder of such shares) and that, subsequent to that date, we and such parties ceased to have a notifiable interest in ordinary shares in Arcadia.

We further confirm that the parties set out overleaf, Baugur hf. and A Holding S.A. have ceased to be a party to an agreement to which section 204 of the Act applies and that Baugur hf is now the sole shareholder in A Holding S.A.

Yours faithfully,

..................................

for and on behalf of
**Kaupthing hf.**
writing on behalf of
Kaupthing hf. and each of the parties listed overleaf

**Particulars of Parties**

**Kaupthing hf.**
Armuli 13A,
108 Reykjavik,
Iceland

**Islandsbanki-FBA hf.**
Kirkjusandi,
150 Reykjavik,
Iceland

**Gilding ehf.,**
Borgartúni 20,
105 Reykjavik,
Iceland

**Gaumur Holding S.A.,**
12, rue Guillaume Schneider,
L-2522, Luxembourg,
Luxembourg

# Unknown

(23)

**From:** Linda Jóhannsdóttir [linda@baugur.is]
**Sent:** 19. júlí 2001 17:26
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE:

Sæll og blessaður,
jú, þakka þér fyrir, það var rosalega fínt hjá okkur í rigningunni! En hvernig er það, heyri ég bara í þér þegar þig vantar peninga??? Íris sagði mér frá því að þú hefðir einnig keypt hlutabréf fyrir 64 mills meðan ég var úti, alltaf eitthvað kallinn minn.....

En svona í alvöru, þá er staðan þessi: Við erum með 500 millj.kr. línu í Landsbanka sem rennur út 29/7/01(og við erum að nota 200 mills, eina heimildin sem er ekki í botni). Við þurfum að framlengja þessari línu og gætum þá greitt Magnúsi.

Getur þú haft samband við Birgi í Landsbankanum og farið fram á framlengingu? Í framhaldi af því ræðum við greiðslu til Magnúsar. Við þurfum líka að ræða stóru innheimtumálin þegar þú kemur heim(fjárafar ofl.).

kveðja, Linda

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 19. júlí 2001 07:58
To: linda@baugur.is
Subject: FW:

Jæja, elsku Linda.

Vertu velkominn frá USA. Ég vona að þú hafir haft það gott i fríinu. Eins og þú manst, og leiddi til þó nokkurrar vangaveltna af okkar hálfu, var þátttaka okkar í Arcadia alltaf ófærð, því hún var fjármögnuð af Kaupthing Lux. Nú er Magnús kominn í veruleg vandræði og ég vil gjarnan geta hjálpað honum út úr þeim ef við mögulega getum. Við þurfum að koma til hans $1 millj. á næstunni. Hefurðu einhverjar hugmyndir um hvernig við förum að því?

TJ

-----Original Message-----
From: Magnus Gudmundsson [mailto:magnus@kaupthing.lu]
Sent: 16. júlí 2001 18:31
To: tryggvi@baugur.is
Subject:

Sæll Tryggvi

ég þarf endilega að fá að heyra í þér varðandi fjármögnun á skammtímaskuldum Baugs hjá okkur.

Nauðsynlegt að þið greiðið upp hjá mér og semjið um fjármögnun hjá Kaupþingi heima eða ísl banka

getur þú látið mig vita hvernig þessi mál standa

kv
magnus



00322

## Unknown

(24)

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 6. ágúst 2001 19:06
**To:** Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail)
**Subject:** FW:

Kaupþing segir að við höfum aldrei greitt inn hlutaféð í A Holding. Þekkir þú þetta?

TJ

-----Original Message-----
From: Magnus Gudmundsson [mailto:magnus@kaupthing.lu]
Sent: 6. ágúst 2001 16:11
To: tryggvi@baugur.is
Cc: hms@kaupthing.com
Subject:

Sæll Tryggvi

Þegar við vorum að ræða um að greiða inn á lánið 1 mill USD þá var mér ekki ljóst að það ætti að koma úr hinum rassvasanum, þe Hreiðari og Sigga. Staðan er í sjálfu sér óbreytt.

Næsta mál
A Holding; Þar sem að þið hafið ekki greitt inn hlutafé ykkar í félagið en hafið aftur á móti lán til félagsins væri ekki rétt að færa lánið niður á móti inngreiðslu á hlutaféinu.

magnus



00323

 (25)

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 8. ágúst 2001 10:06
**To:** 'magnus@kaupthing.lu'
**Subject:** RE:

Sæll Magnús.

Ef ég man rétt þá var það hugmynd frá þér að fá Sigga í að finna lausn á yfirdrætti okkar hjá þér. Þess vegna fór ég með það í Kaupþing.

Varðandi skuldajöfnun hjá A Holding þá var það eitt af því, sem við ákváðum í júní, að þið mynduð gera uppgjör fyrir A Holding. Við þurfum það í 6 mánaða uppgjörið þannig að nokkuð liggur á því. Í framhaldi af uppgjörinu tökum við ákvarðanir um framhaldið.

Vona að móðir og dætur hafið það gott og braggist vel.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Magnus Gudmundsson [mailto:magnus@kaupthing.lu]
Sent: 6. ágúst 2001 16:11
To: tryggvi@baugur.is
Cc: hms@kaupthing.com
Subject:

Sæll Tryggvi

Þegar við vorum að ræða um að greiða inn á lánið 1 mill USD þá var mér ekki ljóst að það ætti að koma úr hinum rassvasanum, þe Hreiðari og Sigga. Staðan er í sjálfu sér óbreytt.

Næsta mál
A Holding; Þar sem að þið hafið ekki greitt inn hlutafé ykkar í félagið en hafið aftur á móti lán til félagsins væri ekki rétt að færa lánið niður á móti inngreiðslu á hlutaféinu.

magnus



00324

## Unknown

**From:** Jón Ásgeir Jóhannesson [jon.asgeir@baugur.is]
**Sent:** 7. ágúst 2001 17:45
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: Jólagjafir til starfsmanna

om er bara 25 milljónir þá vantar heldur mikið upp í 200 þætti vænt um að hafa yfirsýn yfir þetta í detail

Jón Ásgeir

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 3. ágúst 2001 16:52
To: 'Jón Ásgeir Jóhannesson'
Subject: RE: Jólagjafir til starfsmanna

Ég er með skuldina afstemmda. Stærsti hluti skuldarinnar er vegna Arcadia (3.100.000 hlutir á genginu 1,35 - síðan eigum við dulda inneign á móti miðað við gengið 0,85 til að hafa upp í ruslakistuna). Skuldin er því vegna Arcadia 585,9 millj. kr. (3,1 millj. bréf x 1,35 x 140). Inneign á móti eru rúmar 200 millj. kr. (3,1 millj. bréf x (1,35-0,85) x 140). Þær fara upp í ýmsar syndir, þegar þetta verður greitt, m.a. vegna ÓM. Við getum farið yfir stöðuna í detail þegar þér hentar.

Hvenær var option færð yfir á þig?

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jón Ásgeir Jóhannesson [mailto:jon.asgeir@baugur.is]
Sent: 3. ágúst 2001 11:58
To: tryggvi@baugur.is
Subject: RE: Jólagjafir til starfsmanna

Skuldir hjá Magga í lux hvernig eru þær tilkomnar kemur á óvart hve upphæðin er há bendi á að ef þær eru fyrir utan það sem við höfum látið ísb vita um þá gætum við verið í slæmum málum. Einnig tók eftir þegar Option í Baugi var færð yfir á mig þá var ekki færðar skuldir á móti hvernig stendur á því. Geri mér grein fyrir að þetta eru sósu mál hjá magga en þætti betra að hafa yfirsýn hvað stendur á bak við þetta.

Jón Ásgeir

ps eignarhaldsfélag isp hefur ekki borist nein arður getur þú tékkað á því

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: 1. ágúst 2001 22:57
To: sara@baugur.is; linda@baugur.is
Cc: jon.asgeir@baugur.is
Subject: Jólagjafir til starfsmanna

Í framhaldi af fyrri pósti: Hvað með að hafa tíma til að búa til einhverja frumlega gjöf til starsmanna okkar. Bók og brennivín er orðið dálítið þreytt. Til dæmis gætum við Jón Ásgeir sungið barnagælur inn á CD disk.

Ein hugmynd gæti verið sú að fá Jón Ármannsson, íslenskan vínekrubónda í Frakklandi, til að útbúa gjafaöskju með rauðu og hvítu víni frá honum. Aðrar tillögur óskast. Söru og Lindu er hér með falið verkefnið, en ég veit að við JÁJ værum tilbúnir að vera ykkur innanhandar við hugmyndaþróun yfir léttu hvítvíni eitthvert kvöldið.

Kveðja

Tryggvi



00325

## Unknown

127

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 9. ágúst 2001 08:37
**To:** 'Helgi Bergs Kaupþing hf'
**Cc:** 'Ármann Þorvaldsson Kaupþing hf'
**Subject:** RE: Inngreiðsla á hlutafé til A Holding S.A.

Ég kannast ekki við að Baugur hafi fengið þetta lánað og ekki greitt inn. Hvert fór lánið? Er hægt að rekja það?

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Helgi Bergs Kaupþing hf [mailto:helgi@kaupthing.is]
Sent: 9. ágúst 2001 06:05
To: tryggvi@baugur.is
Cc: Ármann Þorvaldsson Kaupþing hf
Subject: FW: Inngreiðsla á hlutafé til A Holding S.A.

Með tilvísan til samtals þíns við Ármann Þorvaldsson í gær þá sendi ég þér þetta mail.

Meðfylgjandi er e-mail sem var sent til Jóns Ásgeirs fyrr í sumar en hefur ekki verið svarað. Umrædd ca. £1.050.000 kemur fram í þeim samningum sem gerðir voru vegna A-Holding en Baugur hefur aldrei greitt.

Ef þig vantar meiri upplýsingar þá vinsamlegast kallaðu eftir þeim.

Kveðja,
Helgi Bergs

> -----Original Message-----
> From: Helgi Bergs Kaupþing hf
> Sent: 5. júní 2001 08:51
> To: jon.asgeir@baugur.is
> Subject: Inngreiðsla á hlutafé til A Holding S.A.
>
>
> Jón Ásgeir,
>
> Svo virðist sem að Baugur hafi ekki greitt til A Holding S.A. þá rúmu
> £1m sem Baugur átti að greiða. Ég heyrði í Magnúsi Guðmundssyni og
> hann staðfesti að hann hefði lánað Baugi penninga en ekki lagt þá inn
> á reikninga A Holding S.A. heldur greitt þá til Baugs.
>
> Gætirðu vinsamlegast látið Lindu eða viðeigandi maneskju á þínum enda
> fara yfir málið og staðfesta við mig hvenær Baugur greiddi inn
> fyrrgreinda fjárhæð vegna hlutafjárkaupa í A Holding S.A.
>
> Helgi Bergs
> Senior Vice President - Corporate Finance
> Kaupthing hf. - Investment bank
> Ármúli 13A, 108 Reykjavík - Iceland
> Tel. +354 515 1593
> Fax +354 515 1630
> Mobile +354 860 1593
> http://www.kaupthing.net
> mailto:helgi@kaupthing.net
>



00326

## Unknown

23

**From:** Helgi Bergs Kaupþing hf [helgi@kaupthing.is]
**Sent:** 14. september 2001 12:14
**To:** tryggvi@baugur.is
**Cc:** Guðný Arna Sveinsdóttir Kaupþing hf; Magnus Gudmundsson KÞ Lux; jon.asgeir@baugur.is; Sigurður Einarsson Kaupþing hf; Hreiðar Már Sigurðsson Kaupþing hf; Bjarki H Diego Kaupþing hf; Eggert J. Hilmarsson KÞ Lux
**Subject:** Greiðsla á hlutafé til A-Holding S.A.

Tryggvi,

Eins og ég hef komið á framfæri við þig og Jón Ásgeir margsinnis yfir seinustu vikur og mánuði þá á Baugur eftir að greiða rúma £1m til A Holding S.A. vegna hlutafjárhækkunar í félaginu. Minn skilningur er sá að þið kannist við að skulda þessa fjárhæð en hafið ekki greitt án þess að hafa gefið neina ástæðu fyrir því til hluteigandi aðila.

Þessi skuld er farin að valda Kaupþingi og aðilum tengdum þessu máli vægast sagt verulegum vandamálum. Kaupthing Luxemburg er til dæmis í verulegum vandamálum gagnvart opinberum eftirlitsaðilum í Luxemburg út af þessu máli. Kaupþing Reykjavík hefur ekki ennþá fengið greidda umsamda þóknun sína vegna þess máls vegna þess að A Holding getur ekki greitt hana fyrr en Baugur greiðir þetta hlutafé. A Holding S.A. hefur heldur ekki getað greitt reikninga til Íslandsbanka vegna ábyrgðar sem þeri hafa veitt til A Holding S.A.

Þá hefur Kaupþing greitt reikninga um um það bil 50mkr. vegna þóknanna til lögfræðinga A Holding S.A. og vegna ráðgjafar Deutsche Bank, en vegna þess að Kaupþing sá um samkskiptin við þessa aðila þá vildum við ekki missa andlitið gagnvart þeim. Kaupþing hefur því greitt þessa reikninga og á nú kröfu á A Holding S.A. sem A Holding S.A. getur ekki greitt fyrr en að Baugur greiðir hlutaféð.

Spurninginn er: Afhverju borgið þið ekki þetta hlutafé til A Holding S.A.?

Helgi Bergs
Senior Vice President - Corporate Finance
Kaupthing hf. - Investment bank
Ármúli 13A, 108 Reykjavík - Iceland
Tel. +354 515 1593
Fax +354 515 1630
Mobile +354 860 1593
http://www.kaupthing.net
mailto:helgi@kaupthing.net

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Kaupthing hf. or its affiliated entities.



00327

## Unknown

**From:** bjarkid@kaupthing.net
**Sent:** 28. nóvember 2001 23:24
**To:** tryggvi@baugur.is
**Subject:** RE: A Holding

InterScan_SafeStamp.txt (281 B...

Skil þig - þetta eru GBP 27,649.30 og ég held að það sé heppilegast að greiða þetta til okkar hér í Kaupþingi, en Þóra Björk Smith í bakvinnslunni hjá okkur myndi ganga frá þessu.

Það er annað hvort hægt að leggja pund inn á eftirfarandi reikning:

Royal Bank of Scotland PlcLondon
SWIFT: RBOSGB2L
Acc. of Kaupthing hf.#10004398
SWIFT: KAUP IS RE

eða ISK inn á 1100-26-1505, kt. 560882-0419 og Kaupþing mun þá selja Baugi GBP.

Kv.,

Bjarki

-----Original Message-----
From: tryggvi@baugur.is
Sent: 27. nóvember 2001 13:51
To: Bjarki H. Diego Kaupthing Reykjavik
Subject: RE: A Holding

Ég skil. Raunar vissi ég þetta fyrir og fór yfir það með Eggert og Magnúsi í Lux í sumar að þetta lenti á okkur. Auðvitað hefðu einfaldlega verið til minni eignir ef A Holding hefði verið búið að greiða þetta. Mér fannst hins vegar sjálfsagt að ströggla í þeirri veiku von að Íslandsbanki greiddi þetta. Þeir virðast hins vegar ekki hafa það í huga.

Hvað er þetta mikið og hvert á að greiða þetta?

Tryggvi

-----Original Message-----
From: bjarkid@kaupthing.net [mailto:bjarkid@kaupthing.net]
Sent: 26. nóvember 2001 19:12
To: tryggvi@baugur.is
Subject: RE: A Holding

Sæll Tryggvi.

Af tillitssemi við málefnið þykir mér rétt að senda þér einum þennan tölvupóst. Hvað varðar kaup A Holding á umræddum hlutabréfum í Arcadia af Íslandsbanka þá er það svo að Baugur hf. keypti allt hlutafé í A Holding fyrir ákveðið verð.

Í kaupsamningnum var gert ráð fyrir að í félaginu væri reiðufé sem miðað var við að þáverandi "valdhafar" í félaginu myndu nota til að greiða útistandandi skuldir félagsins, þ.m.t. stimpilgjöld. Þegar "valdhafarnir" ætluðu að greiða umræddan kostnað kom í ljós að A Holding átti ekkert reiðufé, og skuldaði reyndar umtalsverða fjárhæð, en vitum við báðir hvers vegna það var.

Kjarni málsins er að A Holding, kaupandi hlutabréfanna, á að greiða þessi

stimpilgjöld. Ástæða þess að það hefur ekki verið gert er sú að félagið á ekki reiðufé vegna ógreidds hlutafjárloforða Baugs hf. Seljendur hlutafjár í A Holding tóku aldrei á sig ábyrgð á greiðslu stimpilgjalda í eigin nafni heldur hvílir skuldin á A Holding, nema um annað hafi verið samið við Íslandsbanka, en Finnur Reyr Stefánsson hjá Íslandsbanka kannast ekki við að svo hafi verið.

Vinsamlegast hafðu samband ef þú hefur einhverjar athugasemdir við framangreint.

Kv.,

Bjarki
s. 515-1623

-----Original Message-----
From: tryggvi@baugur.is
Sent: 26. nóvember 2001 12:35
To: Bjarki H. Diego Kaupthing Reykjavik
Cc: Hreiðar Már Sigurðsson, Kaupthing, New York; Helgi Bergs, Kaupthing, Reykjavik; Þóra Björk Smith, Kaupthing, Reykjavik; Ármann Þorvaldsson, Kaupthing, Reykjavik; jon.asgeir@baugur.is; bjarni.armannsson@isfba.is; stefan@kpmg.is
Subject: RE: A Holding

Mín athugasemd er hins vegar sú að þetta gerist í "valdatíð" fyrri eigenda og þáverandi stjórn átti að ganga frá þessu. Íslandsbanka og aðrir seljendur bera því þá ábyrgð að ganga frá þessu. Eru bréfin ekki skráð á Íslandsbanka í dag?

Tryggvi

-----Original Message-----
From: bjarkid@kaupthing.net [mailto:bjarkid@kaupthing.net]
Sent: 26. nóvember 2001 08:51
To: tryggvi@baugur.is
Cc: hreidar@kaupthing.net; helgi@kaupthing.net; thoras@kaupthing.net; armann@kaupthing.net; jon.asgeir@baugur.is; bjarni.armannsson@isfba.is; stefan@kpmg.is
Subject: RE: A Holding

Árétta það sem áður hefur komið fram um að greiðsla stimpilgjalda vegna þessara viðskipta er málefni kaupanda og seljanda, þ.e. A Holding og Íslandsbanka, sem hljóta að verða að leysa málið sín á milli, og því fyrr því betra.

Kv.,

Bjarki

-----Original Message-----
From: tryggvi@baugur.is
Sent: 26. nóvember 2001 00:33
To: Bjarki H. Diego Kaupthing Reykjavik
Cc: Hreiðar Már Sigurðsson, Kaupthing, New York; Helgi Bergs, Kaupthing, Reykjavik; Þóra Björk Smith, Kaupthing, Reykjavik; Ármann Þorvaldsson, Kaupthing, Reykjavik; jon.asgeir@baugur.is; Bjarni Ármannsson (E-mail); Stefán Hilmarsson (E-mail)
Subject: RE: A Holding

Ég verð að segja að ég er hálfráðþrota í þessum máli. Við keyptum hlutabréf í A-Holding á sínum tíma, síðar kemur í ljós að hluti þeirra eigna sem við keyptum eru ekki skráðir á fyrirtækið vegna vangreiddra stimipilgjalda. Eigum við síðan að hækka kaupverðið sem nemur þessum ógreiddu stimpilgjöldum? Hvað ef allir seljuendur hefðu verið í sömu stöðu? Er svarið kannski "tough luck"?

Nei, ég held að það sé ekki ósanngjarn að fara fram á að seljendur gangi frá hlutabréfunum yfir til A Holding.

Nýverið var ákveðið að Arcadia greiddi út arð vegna síðasta árs. Þó sá arður sé ekki of ríflegur (að þessu sinni) er ljóst að hluti hans kemur ekki til okkar þar sem bréfin eru ekki skráð á okkur, nema væntanlega eftir krókaleiðum. Því vil ég biðja

ykkur, háttvirta seljendur, um að herða upp hugann, axla ábyrgðina og ganga frá þessu hið fyrsta.

Sanngjarnt? Það held ég.

Með kveðju

Tryggvi

-----Original Message-----
From: bjarkid@kaupthing.net [mailto:bjarkid@kaupthing.net]
Sent: 26. október 2001 07:33
To: tryggvi@baugur.is
Cc: hreidar@kaupthing.net; helgi@kaupthing.net; thoras@kaupthing.net; armann@kaupthing.net; jon.asgeir@baugur.is
Subject: RE: A Holding

Sæll Tryggvi.

Íslandsbanki hefur ekki viljað ljá máls á því að greiða þetta stimpilgjald, en Kaupþing hefur svo sem ekki krafist þess formlega að þeir geri það, enda litið svo á að um mál A Holding sé að ræða, þar sem meginreglan er sú að það er kaupandi sem greiðir stimpilgjald, sem leggst þá ofan á kaupverð, nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Mér er ekki kunnugt um að Íslandsbanki og A Holding hafi samið svo um sérstaklega að seljandi greiddi stimpilgjald, eða að það væri innifalið í kaupverðinu.

Það virðist annars hver vísa á annan í þessu máli, en þegar allt kemur til alls hljóta seljandi og kaupandi að verða að leysa þetta mál sín á milli, þ.e. A Holding og Íslandsbanki. Árétta það sem áður hefur komið fram um mikilvægt sé fyrir aðila málsins að leysa það hið fyrsta.

Kveðja,

Bjarki

-----Original Message-----
From: tryggvi@baugur.is
Sent: 26. október 2001 00:53
To: Bjarki H. Diego Kaupthing Reykjavik; jon.asgeir@baugur.is
Cc: Hreiðar Már Sigurðsson, Kaupthing, New York; Helgi Bergs, Kaupthing, Reykjavik; Þóra Björk Smith, Kaupthing, Reykjavik; Ármann Þorvaldsson, Kaupthing, Reykjavik
Subject: RE: A Holding

Sæll Bjarki,

Þetta eru athyglisverðar upplýsingar. Ég veit ekki betur en að við höfum keypt þessi hlutabréf á sínum tíma og greitt það sem þurfti að greiða. Það hlýtur að vera hlutverk Íslandsbanka að sjá um að bréfin færist yfir á A Holding. Hefur þú rætt við þá?

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: bjarkid@kaupthing.net [mailto:bjarkid@kaupthing.net]
Sent: 18. október 2001 20:05
To: jon.asgeir@baugur.is; tryggvi@baugur.is
Cc: hreidar@kaupthing.net; helgi@kaupthing.net; thoras@kaupthing.net; armann@kaupthing.net
Subject: A Holding

Vek athygli á því að samtals 3,500,000 hluta í Arcadia eru fastir í kerfi Merrill Lynch í London þar sem hlutirnir eru í nafni Íslandsbanka hf. Til þess að unnt sé að færa bréfin yfir til A Holding verður að greiða stimpilgjald, sem skv. upplýsingum frá ML nemur nú GBP 27.649,30.

Skv. upplýsingum frá Kaupthing Lux er ekki innstæða fyrir gjaldinu hjá A Holding, sem skuldar hartnær £1m. Á mót kemur krafa A Holding hendur Baugi hf. að u.þ.b. sömu fjárhæð vegna ógreidds hlutafjárloforðs. Ef bréfin hafa ekki verða færð til A Holding fyrir aðalfund Arcadia sem halda á síðar í þessum mánuði er ljóst að félagið mun í besta falli lenda í verulegum vandræðum við að ná til síðan arðgreiðslum á bréfin, ef einhverjar verða.

Kaupþing mun ekki greiða stimpilgjöldin þar sem félagið á nú þegar háa fjárkröfu á hendur A Holding.

Kveðja / Kind regards

Bjarki H. Diego, Attorney at Law
Kaupthing Investment Bank
Ármúli 13 IS - 108 Reykjavík - Iceland

Tel.:+ 354 515-1500
Mobile: + 354 860-1623
Fax: + 354 515-1630
http://www.kaupthing.is
mailto:bjarkid@kaupthing.is

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum. Efni tölvupóstsins og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Kaupþings hf. eða tengdra félaga.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Kaupthing hf. or its affiliated entities.

## Unknown

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 27. nóvember 2001 13:45
**To:** Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail)
**Subject:** FW: Cash flow

Sæll Jón.

Eins og þú sérð er peningastaðan býsna þung hjá okkur. Tvennt snýr að þér:

1. Geturðu ýtt á eftir Straumi um að ganga frá láninu til Gaums, svo við getum losað þar 100 millj. kr.? Ég veit að þetta lán er það sem Stefán hefur mestar áhyggjur af því aðrar skuldir Gaums við Baug eru tengdar viðskiptum. Þetta er hins vegar beint lán, sem er ólöglegt. Æskilegt að hreinsa þetta út sem fyrst, en ekki síst af því okkur vantar aurinn.

2. Þú hafðir nefnt við Jóhönnu að þú gætir haft milligöngu um lán frá TM. Er það raunhæft í dag eins og staðan er nú?

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jóhanna Waagfjörð [mailto:johannaw@baugur.is]
Sent: 26. nóvember 2001 21:57
To: Jón Ásgeir Jóhannesson; Tryggvi Jónsson
Subject: Cash flow

Cash flow er eins og fyrri daginn vandamál. Ég var búin að búast við að Kaupþing gæti lánað okkur 150 millj. í dag til 10/12 en það gekk ekki. Á endanum tókst mér að fá hjá Landsbanka það sem vantaði í dag, ávöxtunarkrafan er rétt tæp 15%. Þetta tekur ótrúlega mikinn tíma að standa í þessum skammtímaæfingum á milli bankanna og vextir alveg ferlega háir. Það sem vantar á til að allt gangi upp fram að áramótum er eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| 100 millj. kr. | 30/11 | greitt til baka 10/12 |
| 250 millj. kr. | 5/12 | greitt til baka 27/12 |
| 250 millj. kr. | 17/12 | greitt til baka 27/12 |

Það er ekki búið að gera sjóðsstreymi fyrir janúar þannig að ég sé ekki lengra fram í tímann, en það lítur allt út fyrir að við verðum enn í þessum æfingum eitthvað fram í janúar/febrúar.

Ég veit að þið eruð nú að vinna í meiriháttar fjármögnun v/Bretland en það er alveg ljóst að fjármögnun á rekstri hér heima er í járnum. Jón Ásgeir, þú varst búin að tala um að möguleiki væri að fá lán hjá TM eftir 15 nóvember, hvað segir þú um að reyna að fá eitthvað hjá þeim??? Ég ætla að reyna að sjá hvort Kaupþing geti séð um þessar 100 núna á föstudaginn en við erum í vanda strax 5/12 aftur. Tryggvi, þú varst búin að tala um að hægt væri að gera endurkaupa samning á hlutabréfunum í TM, á ég að kanna þann möguleika???

Best væri ef við gætum fengið 500 millj. kr. í 3 mánuði, er það einhver möguleiki?

Við vissum að við mundum vera í þassari aðstöðu á þessum tíma þar sem Íslandsbanki gat eingöngu opnað 300 millj. kr. viðbót fyrir okkur en við þurftum 600 millj.kr. þegar hæst stæði fram að áramótum. Einnig höfum við greitt til KPMG í Bretlandi 200 millj.kr. sem ekki var inni í upphaflegu plani.

Ég mun nú reyna að fá alla til að draga greiðslur eins og hægt er en það verður auðvitað að greiða á endanum. Við þurfum að finna lausn á þessu strax.

OK

Jóhanna Waagfjörd
Fjármálastjóri, CFO
Baugur hf
Sími 530 5503

(31)

## Unknown

**From:** Hilmarsson, Stefan [stefan@kpmg.is]
**Sent:** 19. mars 2002 11:07
**To:** Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail)
**Cc:** 'hreinn.loftsson@justice.is';
**Subject:** Afnám verðbólgureikningsskila

Sæll Jón,

Eins og kunnugt er voru á Alþingi samþykktar breytingar á lögum um ársreikninga undir lok ársins 2001, þess efnis að afnema skyldi verðleiðrétt reikningsskil á Íslandi. Í lögunum er bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um tveggja ára aðlögunartíma þannig að á árunum 2002 og 2003 verður áfram heimilt að semja og birta verðleiðrétt reikningsskil. Jafnframt voru verðleiðréttingar afnumdar úr skattalögunum og tekur sú breyting gildi frá með 1. janúar 2002.

Líklegt má telja að félög skráð á Verðbréfaþingi muni skiptast í flokka hvað þetta varðar. Félög með miklar skuldir umfram peningalegar eignir munu væntanlega halda áfram með verðleiðrétt reikningsskil en fjármálastofnanir og jafnvel fleirri munu líklega hætta þeim þegar í stað. Verðlagsþróun á aðlögunartímabilinu mun þó væntanlega hafa áhrif á ákvarðanir stjórnenda í þessum efnum.

Reikningsskil Baugs hf. 31. desember 2001 sem lögð verða fram á fimmtudag eru gerð eins og áður með verðleiðréttingum. Mér finnst hins vegar koma til greina að leggja fram ársreikning félagsins fyrir 14 mánaða tímabil sem miðast við 28. febrúar nk. án verðleiðréttinga. Rökin fyrir því eru eftirfarandi:

- Sífellt stærri hluti samstæðunnar eru erlend félög sem gerð eru upp án verðleiðréttinga og breytingin gerð þegar áhrif erlendu félaganna verða umfangsmeiri.
- Erlendir aðilar eiga betur með að átta sig á reikningsskilunum sem eru í samræmi við alþjóðlega staðla
- Minni munur verðu á uppgjöri Baugs hf. í ISK og Evrum.
- Þetta kemur betur út í rekstrarreikningi Baugs 28.2.2002 þar sem reiknuð gjaldfærsla fellur niður en eigin fjár áhrifin verða hins vegar neikvæð. Gjaldfærslan nú í 12 mánaða uppgjörinu er um 60 millj. kr.
- Samanburður milli áranna 2002 og 2003 verður skýrari.

Reikningsskilanefnd KPMG hefur fallist á þetta, þótt stærstur hluti 14 mánaða reikningssársins sé árið 2001. Ef tekin verður ákvörðun um þetta af stjórn Baugs á næstunni myndi ég vilja birta upplýsingar um það í næstu fréttatilkynningu sem send verður út til fjárfesta.

SH

-----Original Message-----
**From:** Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 18. mars 2002 11:47
**To:** 'Thordardottir, Anna'; 'Jóhanna Waagfjörð'
**Cc:** 'Hilmarsson, Stefan'; Jón Ásgeir Jóhannesson (E-mail)
**Subject:** RE: Kaupþing Lux - arður Arcadia

Það er ljóst að tekjur okkar frá Kaupþingi verða a.m.k. $1,5 millj. þannig að ekki þarf að færa nema $1,0 til baka. Varðandi Arcadia kostnaðinn þá vorum við búnir að taka tillit til gjaldfærslu á honum þegar bráðabirgðatölur ársins voru kynntar. Hlutdeild í hagnaði Arcadia var a.m.k. 250 millj. kr. hærri en við tókum inn. Hugsunin var sú að færa kostnaðinn til lækkunar á móti hlutdeildinni. Jón Ásgeir getur útvegað ykkur upplýsingar um hlutdeildarhagnaðinn.

Hafa þarf óbreyttar leiðréttingar vegna Bonus Stores, því það kemur síðan fram í bókhaldi Bonus Stores Inc. í ársuppgjörinu. Ég er að stefna að því að fara til Mississippi í vikunni sem byrjar 21. apríl og hefði kosið að Stefán kæmi með í þá för, bæði til að kynna sér hvernig staðið er að birgðaverðmæti og að sjá hvert ársuppgjörið þar stefnir í. Eins held ég að það sé gott fyrir ykkur að hitta Guy og aðra, sem þið þurfið að hafa samband við, því það er alltaf auðveldara að fylgja hlutum eftir ef maður hefur hitt viðkomandi.

Með kveðju

Tryggvi

-----Original Message-----
**From:** Thordardottir, Anna [mailto:annath@kpmg.is]
**Sent:** 11. mars 2002 09:23
**To:** 'tryggvi@baugur.is'; 'Jóhanna Waagfjörð'
**Cc:** Hilmarsson, Stefan
**Subject:** RE: Kaupþing Lux - arður Arcadia

Sæl,

Við munum þá ganga frá 12 mán. uppgjöri A og Baugs Holding á svipuðum nótum og 9 mán. uppgjörinu. Reikningarnir frá Kaupthing New York að fjárhæð 2.500.000 USD verða þó bakfærðir. (?) Eigum við að gjaldfæra hluta af kostnaðinum vegna Arcadia (White fish - 240 millj. kr.) hjá A Holding eða á þetta að standa óbr. í bókum Baugs hf.?

Lánasamningarnir við Kaupþing eru frá 28.12.2001, gengisáhrif vegna þeirra eru því óveruleg um áramótin.
Í 9 mán. uppgjörinu voru birgðir Bonus Stores lækkaðar um 6.000.000 USD og fastafjármunir um 1.423.054 USD. Á að gera þessar færslur líka í 12 mán. uppgjörinu?

Aðalmálið í uppgjörinu eru hlutdeildartekjurnar frá Arcadia en við erum ekki enn búin að fá upplýsingar um þær.

Við vonum svo að öll mál verði komin á hreint í 14 mán. uppgjörinu.

Kveðja
Anna

-----Original Message-----
**From:** Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 11. mars 2002 05:33
**To:** 'Thordardottir, Anna'; 'Jóhanna Waagfjörð'
**Cc:** 'Magnús Guðmundsson (E-mail)'
**Subject:** RE: Kaupþing Lux - arður Arcadia

Sæl verið þið.

Þið sjáið svör mín fyrir aftan hvern punkt.

Með kveðju

Tryggvi

-----Original Message-----
**From:** Thordardottir, Anna [mailto:annath@kpmg.is]
**Sent:** 8. mars 2002 09:19
**To:** 'tryggvi@baugur.is'; 'Jóhanna Waagfjörð'
**Cc:** Magnús Guðmundsson (E-mail)
**Subject:** RE: Kaupþing Lux - arður Arcadia

00335

Sæll Tryggvi,

Þar er eitt mál sem gott væri að fá á hreint áður en 12 mán. uppgjörið verður klárað.

Þann 29.12.2000 seldi Baugur til Kaupthing Lux 3.100.000 hluti í Arcadia á genginu 0,85 fyrir 2.635.000 GBP eða ca 332 millj. kr. Baugur keypti aftur bréfin á árinu 2001 á genginu 1,35 eða fyrir 4.185.000 GBP eða ca 544 millj. kr. Þessar upplýsingar hef ég frá minnisblaði sem Linda útbjó. Við höfum ekki fengið önnur fylgiskjöl um málið. Í uppgjöri A Holding voru hlutabréfin bókfærð sem framlag Baugs og voru þau færð á genginu 1,35. Líklega eru þetta bréfin sem Íslandsbanki var með. Átt þú eintak af kaupsamningunum?[Tryggvi Jónsson] Við seldum bréfin til Kaupþing í lok 2000, það er rétt. Í janúar 2001 var síðan tekin ákvörðun um A Holding og þá var sami fjöldi bréfa keyptur til baka, en í millitíðinni hafði gengið hækkað. Eins og þú þekkir þá sá Jón Ásgeir alveg um A Holding pakkann. Hvort hann er með samning í sínum fórum veit ég ekki, en dreg mjög í efa. Líklega tengjast þessi bréf ekki neitt Íslandsbanka.

Í des. sl. gerði Baugur hf. lánssamning við Kaupþing hf. upp á 20.239.779 USD en 15.239.779 USD er greiðsla vegna Bonus Stores og 5.000.000 USD er greiðsla á skuld Baugs við Kaupthing Lux. Eina skuldin sem við vorum með skráða við Kaupthing Lux voru áðurnefndar 4.185.000 GBP. Það er því spurning hvort þessir 5.000.000 USD tengjast hlutabréfakaupunum eða einhverju öðru máli. Ég var búin að senda fyrirspurn á Eggert í Lux um málið og vísaði hann á þig og Magnús til að svara því. [Tryggvi Jónsson] Já, þessi skuld tengist A Holding, en síðan voru örugglega nokkur fleiri mál, þ.e. fjárfestingar, sem Lux lagði út fyrir og verið var að ganga frá. Eins og ég sagði þér um daginn ætla ég að fara til Lux við fyrsta tækifæri og fá botn í þessa flækju í eitt skipti fyrir öll.

Greiðslan vegna Bonus Stores var bókuð hjá Baug Holding sem skuld við Kaupþing. Núna er lánið tekið í nafni Baugs hf. Baugur er því aftur farinn að skulda verulegar fjárhæðir í erl. mynt. Hvaða ástæða var fyrir því að lánið var tekið í nafni Baugs hf.?[Tryggvi Jónsson] Góð spurning. Upphaflegt lán vegna Bonus Stores er raunar í gegnum Nebrasco, dótturfélag Baugur Holding, en á því hefur orðið breyting. Skipta átti Bonus Stores fjárfestingunni í tvennt (þ.e. ordinary shares og preferred shares). Eggert var með það á sínni könnu að finna út hvar við ætluðum að hafa þessar eignir staðsettar, þ.e. hvar átti að mynda söluhagnað (preferred shares verða að tvöföldum ordinary shares á næstu árum og helmingurinn síðan seldur) og hvar átti að hafa bréf staðsett sem skila arðgreiðslum. Við höfum rætt Lux, Ísland og Holland en ekkert ákveðið hefur enn komið út úr þessu. Þetta er líka eitt af því sem verður til umfjöllunar þegar við Magnús hittumst.

Kveðja Kveðja
Anna Tryggvi

-----Original Message-----
**From:** Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
**Sent:** 7. mars 2002 18:31
**To:** 'Thordardottir, Anna'; 'Jóhanna Waagfjörð'
**Cc:** Magnús Guðmundsson (E-mail)
**Subject:** RE: Kaupþing Lux - arður Arcadia

Sælar verið þið.

Ég er búinn að ræða við Magnús um að ég komi fljótlega til hans og klári ýmis útistandandi mál hjá honum, þar á meðal þetta. Ágætt væri ef þið stöllu̇ð settu saman lista um það, 00336

þið teljið að þurfi að gera, eða skýra, sem ég get haft með mér. Dagsetning á ferðina er ekki komin.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
**From:** Thordardottir, Anna
[mailto:annath@kpmg.is]
**Sent:** 7. mars 2002 10:03
**To:** 'Jóhanna Waagfjörð'
**Cc:** Tryggvi Jónsson
**Subject:** RE: Kaupþing Lux - arður Arcadia

Sæl Jóhanna

